


skoðun 20



**Ný herrafatalína**

*Guðmundur Jörundsson fatahönnunarnemi kynnti nýverið fyrstu línu sína.*

allt 2

**2 SÉRBLÖÐ**

í Fréttablaðinu

Allt

Sumardrykkir





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FIMMTUDAGUR

29. júlí 2010 — 176. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




**12 ára með þjóðhátíðarlag**

*Hinn 12 ára gamli Ágúst Emil hefur samið þjóðhátíðarlag, það þriðja sem kemur út í ár.*

fólk 50

**Reynslan seint ofmetin**

*Birgir Leifur Hafþórsson um mót, meiðsli og næstu skref.*

golf 46



**Bikarævintýrið úti**

*Íslandsmeistarar FH slógu út Víking frá Ólafsvík í undanúrslitum bikarsins.*

sport 44

**veðrið í dag**




**VÆTA SYÐRA** Í dag verða suðaustan 8-13 m/s og væta S- og V-til en annars hægari og úrkomulítið. Hiti víða 12-20 stig, hlýjast NA-lands.

VEÐUR 4

# Fjárfesting HS Orku upp á tvo milljarða í uppnámi

**Áform um stækkun Reykjanesvirkjunar eru í uppnámi vegna áforma stjórnvalda um að eignast meirihlutann í orkufyrirtækjum. Tveggja milljarða króna gufuhverfill kominn til landsins en stendur ónotaður.**

**ORKUMÁL** Tveggja milljarða króna fjárfesting HS Orku í gufuhverfli er í uppnámi vegna ákvörðunar stjórnvalda um að koma fyrirtækjum sem nýta orkuauðlindir í meirihlutaeigu ríkisins.

HS Orka tók nýverið við nýjum gufuhverfli sem áformað er að nýta fáist leyfi til að stækka Reykjanesvirkjun. Júlíus Jónasson, forstjóri HS Orku, segir að fáist leyfi til að stækka virkjunina þurfi að bora sex til átta borholur á virkjanasvæðinu til að nýta hverfilinn.

Þau áform eru í uppnámi fái kaup kanadíska orkufyrirtækisins Magma Energy á HS Orku ekki fram að ganga, segir Júlíus. Hann segir að nýir eigendur hafi ætlað að leggja eigið fé í að stækka virkjunina og taka lán til viðbótar. Nú séu þau áform í uppnámi vegna ákvörðunar stjórnvalda um að opinberir aðilar eigi alltaf að lágmarki helming hlutafjár í orkufyrirtækjum.

Júlíus segir dagljóst að þeir tímar séu liðnir þegar hægt hafi verið að fjármagna virkjanir að fullu með lánum. Fáist ekki eigið fé sé því óvíst um framtíð áforma um að stækka Reykjanesvirkjun.

Júlíus segir það ekki mistök að hafa keypt gufuhverfilinn, sem framleiddur er hjá Fuji í Japan, og kostaði um tvo milljarða króna. Hverfillinn var pantaður fyrir um tveimur árum, og er sérsmíðaður fyrir jarðhitasvæðið á Suðurnesjum. Hefði HS Orka viljað hætta við kaupin hefði félagið þurft að greiða Fuji hundruð milljóna fyrir ekki neitt, segir Júlíus. Því hafi verið talið rétt að taka við hverflinum, og hefur hann staðið á gólfi stöðvarhúss Reykjanesvirkjunar frá því snemma í júní. „Við vonum að tapið verði minna af því að taka þetta inn og bera vextina,“ segir Júlíus.

HS Orka sótti um leyfi til að stækka Reykjanesvirkjun í október 2009. Kristinn Einarsson, yfirverkefnisstjóri hjá Orkustofnun, segir umsóknina enn í vinnslu, óskað hafi verið eftir frekari gögnum, sem berist vonandi fljótlega.

Heimildir Fréttablaðsins herma að dráttur á afgreiðslu umsóknarinnar sýni að stofnunin telji ekki rétt að samþykkja stækkunina miðað við fram komin gögn.

Júlíus segir að boruð hafi verið ný tilraunahola í sumar, og fljótlega verði hægt að mæla hversu mikla orku megi fá úr henni. Hann segir sérfræðinga Orkustofnunar hafa áhyggjur af því að svæðið beri ekki fleiri borholur, en nýja holan muni vonandi sýna fram á að þær áhyggjur séu óþarfar. Hverju það skilar er annað mál, þegar alls óvíst er hvort fjármagn fæst í frekari framkvæmdir, segir Júlíus. Nýi hverfillinn getur framleitt um 50 megavött. Bora þyrfti sex til átta holur til viðbótar til að nýta hann að fullu.

brjann@frettabladid.is



**ÞÁTTTAKENDUR VIÐEYJARSUNDSINS Í ÁR** Benedikt Hjartarson, Árni Þór Árnason og Þórdís Hrönn Pálsdóttir syntu hið formlega Viðeyjarsund í gær og varð Þórdís þar með fyrst kvenna til að þreyta sundið síðan 1959. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fyrsta konan sem keppir í formlegu Viðeyjarsundi í tæp sextíu ár:

# Kom fyrst af félögunum í land

**FÓLK** Hið formlega Viðeyjarsund var synt í gær og tóku þrír þátt, tveir karlar og ein kona. Þórdís Hrönn Pálsdóttir er fyrsta konan til að taka þátt síðan árið 1959 og kom hún jafnframt fyrst í land og setti kvennamet í sundinu, synti á einni klukkustund og 22 mínútum.

„Ég er búin að synda til Hríseyjar og Drangeyjar þannig að mér fannst eðlilegt að taka Viðeyjarsund,“ segir Þórdís. „Við fengum alveg frábærar aðstæður og mér leið vel allan tímann.“

Þórdís synti með æfingafélögum sínum og segir að ferðin hafi ekki verið keppni, þrátt fyrir að hún hafi komið fyrst í land. „Það er bara spurning að njóta og hafa gaman af þessu,“ segir hún.

Alls hafa 35 manns synt formlegt Viðeyjarsund og er Þórdís þriðja konan frá upphafi sem tekur þátt.

- sv

Stjörnustrákar slá í gegn:

# Milljónir skoða fagnaðartilþrif

**FÓLK Jóhann Laxdal og félagar í Stjörnunni hafa vakið heimsathygli eftir að myndband af fagnaðartilþrifum þeirra var sett á Youtube. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær losaði teljarinn 2,5 milljónir og myndbandið ofarlega á listum yfir mest spiluðu myndbönd þessarar vinsælu vefsíðu.**



JÓHANN LAXDAL

**Aðspurður segist Jóhann finna fyrir erlendri athygli, enda laxataktar hans kostulegir. „Ég var að fá símtal frá Noregi og það var einhver stöð að tala við mig,“ segir hann. „Svo er fullt af gaurum frá Brasilíu búnir að adda mér á Facebook og eru þvílíkt að spjalla eins og ég sé guð hjá þeim.“**

- afb / sjá síðu 36

Lögregla hefur sektað marga:

# Hraðakstur á leið í Herjólf

**LÖGREGLUMÁL** Nokkuð hefur borið á hraðakstri á nýja veginum að Landeyjahöfn undanfarna daga að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli. Þónokkrir hafa verið sektaðir fyrir hraðakstur.

Lögreglan brýnir fyrir fólki að leggja snemma af stað í Herjólf svo það lendi ekki í tímahraki. Það gildir ekki síst í dag og á morgun, þegar gert er ráð fyrir miklli umferð.

- þeb


Fréttablaðið er með 180% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.





## SPURNING DAGSINS



*Arnar, er þetta ekki tussufínt?*

„Nei þetta er tussulfínt.“

Arnar Knútsson kvikmyndargerðarmaður var trommari í hljómsveitinni Tussull.

Íslandsbanki gefur lánþegum kost á að fresta vaxtaendurskoðun í þrjú ár:

# Hefðu átt að fresta sjálfkrafa

**EFNAHAGSMÁL** Þeir viðskiptavinir Íslandsbanka sem tóku verðtryggð húsnæðislán árið 2005 hafa fengið send bréf þess efnis að nú sé komið að vaxtaendurskoðun. Vextir lánanna voru upphaflega 4,15 prósent en lánasamningar kveða á um rétt bankans til hækkunar vaxtaálags á fimm ára fresti. Með bréfinu fylgdi umsóknareyðublað þar sem lánþegar geta sótt um frest á vaxtaendurskoðunardegi til þriggja ára.

Lánþegi hafði samband við Fréttablaðið vegna þessa og lýsti yfir undrun sinni varðandi umsóknareyðublaðið.



**ÍBÚÐALÁN** Þeir sem tóku lán árið 2005 eiga kost á frestun á hækkun vaxta til þriggja ára. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

„Ég tók lán upp á níu milljónir sem er nú tæpar tólf. Íslandsbanki vill hækka vextina upp í 5,6 prósent,“ segir hann. „Bankinn hefði átt að fresta þessu sjálfkrafa. Mér finnst þetta mjög ósmekklegt miðað við ástandið í dag.“

Sigrún Hjartardóttir, sérfræðingur á samskiptasviði Íslandsbanka, segir að fjármögnunarkostnaður bankans sé ekki sá sami og lá til grundvallar þeim vöxtum sem buðust þegar lánin voru tekin.

„Hins vegar er svigrúm margra lántakenda til að taka á sig hærri vexti einnig takmarkað,“ segir Sigrún. „Bankinn vildi koma til móts við viðskiptavini sína með því að gefa þeim færi á að fresta endurskoðuninni.“ - sv

Fundu beinagrind af risarottu:

# Rotturnar vógu um sex kíló

**VÍSINDI** Fornleifafræðingar á Austur-Tímor hafa fundið beinagrind stærstu rottu sem fundist hefur til þessa. Beinagrindin fannst í gíg kulnaðs eldfjalls.

Út frá beinagrindinni áætla vísindamennirnir að rottan hafi vegið um sex kíló. Það er talsvert meira en húsköttur, sem vegur gjarnan á bilinu fjögur til fimm kíló. Fornleifafræðingarnir telja að gríðarmikið skógarhögg á Austur-Tímor hafi eytt kjörlendi risarottnanna. Afleiðingarnar urðu þær að þessi risavaxna rottutegund dó út fyrir eitt til tvö þúsund árum. - bj

Umdeild mótókrossbraut:

# Gefa leyfi þrátt fyrir ógildingu

**SKIPULAGSMÁL** Sveitarstjórn Borgarfjarðar hefur staðfest ákvörðun skipulagsnefndar og byggðaráðs um að heimila gerð mótókrossbrautar í landi Steðja þrátt fyrir að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hafi ógilt leyfi fyrir framkvæmdinni sem byggðaráð hafði samþykkt. Nota á brautina á unglingalandsmóti UMFÍ 30. júlí til 1. ágúst.

Eigandi jarðarinnar Runna kærði útgáfu leyfisins. Sveitarfélagið segir framkvæmdina vera á röskuðu landi og afturkræfa og að leyfið gildi aðeins fyrir landsmótið. Úrskurðarnefndin sagði að undirbúningi ákvörðunarinnar hefði verið „stórlega áfátt“ og hún því felld úr gildi. - gar

Óvenjulegir þurrkar í sumar:

# Norskir bændur óttast heyskort

**NOREGUR Nautgripabændur í suðurhluta Noregs óttast nú að þurfa að slátra mörgum dýrum fyrir veturinn vegna skorts á heyi.**

**Margir bændanna hafa aðeins heyjað um 30 prósent af því sem venjulegt er á árinu. Ástæðan er óvenjulega þurrt veður, en minni úrkoma hefur ekki mælst á svæðinu í júnímánuði frá því mælingar hófust fyrir 150 árum.**

**Bændur annars staðar í landinu hafa boðið fram neyðaraðstoð, og er vonast til að það bjargi einhverjum skepnanna.** - þeb

## SKIPULAGSMÁL

### Áttu ekki að banna bílskúr

Borgaryfirvöld hafa verið gerð afturreka með ákvörðun um að synja húseiganda á Langholtsvegi um að byggja tvöfaldan bílskúr í stað eldri bílskúrs. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála segir borgina hafa vísað í deiliskipulag sem ekki sé til fyrir viðkomandi lóð.





**SUMARVINNA** Hér má sjá ungmenni tína rusl í landi Garðabæjar einn góðviðrisdaginn í byrjun júní á þessu ári. Stjórnvöld hafa beitt sértækum aðgerðum til að fást við atvinnuleysi meðal ungs fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

# Yfir þrjú þúsund án vinnu í meira en ár

**Á fjórða þúsund manns hafa verið án atvinnu í meira en tólf mánuði. Farið verður í átak fyrir þann hóp í næstu viku. Atvinnuleysi í vetur verður lítillega minna en í fyrra en fer ekki að minnka að ráði fyrr en veturinn 2011-2012.**

**VINNUMARKAÐUR** Gangi spár eftir mun atvinnuleysi í ágúst og september verða minna en í sumar, eða í kringum 7 prósent. Í október eru þó líkur á að fjölga muni á ný á atvinnuleysisskrá.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir reynsluna sýna að atvinnulausum fækki fram í október. Líkur séu á að reyndin verði einnig sú í ár. Átaksverkefni fyrir námsmenn og í viðhaldi hafi gengið vel og fækkað atvinnulausum. „Það tókst að ráða námsmenn að stærstum hluta, í kringum 94 prósent. Við höfum möguleika á að teygja verkefnið fram á sumarið og veita atvinnuleitendum þannig svigrúm,“ segir Gissur, en verkefnið gerði ráð fyrir tveggja mánaða vinnu.

Þá segir Gissur að iðnaðarmönnum hafi fækkað mjög á atvinnuleysisskrá, sem sé raunin á sumrin. Sérstakt átak í viðhaldsverkefnum hafi enn frekar ýtt undir viðhaldsvinnu. Hann býst við 7 prósenta atvinnuleysi í ágúst. „Það er náttúrulega hræðilega mikið, en við erum tiltölulega bjartsýn.“

Á fjórða þúsund manns hafa verið án atvinnu í tólf mánuði eða meira. Gissur segir að sérstöku virkniúrræði verði ýtt úr vör fyrir þann hóp í næstu viku, ekki ósvipað því sem gert var fyrir ungt fólk í janúar.

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra segir atvinnuleysi minnka yfir sumartímann, en líkur standi til að það verði einhverju minna í vetur en í fyrra. Hins vegar sé ekki búist við að atvinnuleysi minnki umtalsvert yfir vetrartímann fyrr en veturinn 2011 til 2012.

Árni Páll segir áhyggjur um alla Evrópu snúa að því að örðugra verði að komast í lánsfé á næstu árum og því verði endurreisn efnahagslífsins erfiðari en ella.

„Bæði er minna handbært fé á lánamörkuðum og eins hafa bankar farið mun varlegar í kjölfar mikils taps. Það getur því verið að fyrirtæki muni eiga í erfiðleikum með að búa til ný störf.“

Hann telur að íslenska bankakerfið sem verið sé að koma á fót, verði þó vel í stakk búið til lánastarfsemi. „Vonandi tekst okkur að hreinsa skuldsetninguna út og standa eftir með heilbrigðara bankakerfi.“ - kóp

Magma Energy við kauphöll:

# Reiðubúnir að selja erlendum fjárfestum hlut

**ORKUMÁL Magma Energy lýsti yfir áhuga á að selja hlut í HS Orku til annarra erlendra fyrirtækja í tilkynningu til kanadísku kauphallarinnar í maí.**

**Í tilkynningunni er talað um að fá fjárfesta erlendis eða á Íslandi til að kaupa minnihluta í fyrirtækinu. Með því átti að losa fé til að greiða fyrir 53 prósenta hlut Magma. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.**

**Ásgeir Margeirsson, forstjóri Magma á Íslandi, segir aðeins um lítinn hluta að ræða, og aðeins ef íslenskir fjárfestar hefðu ekki áhuga. Magma sé hlynnt því að fá íslenska fjárfesta til liðs við sig.** - þeb



**KEPPT UM STÆÐIN** Gestir Þjóðhátíðar hlaupa og merkja sér tjaldstæði FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Þjóðhátíð í Eyjum er hafin:

# Hörð keppni um tjaldstæði

**FÓLK** Gestir Þjóðhátíðarinnar árlegu í Vestmannaeyjum eru margir hverjir mættir á svæðið og byrjaðir að koma sér fyrir. Heimamenn merktu fyrir tjöldum sínum í gærdag, en sá siður hefur lengi ríkt í dalnum.

„Þetta hefur alltaf verið hálfgert kaos,“ segir Óskar P. Friðriksson, umsjónarmaður munavörslunnar. „Þeir sem starfa við hátíðina fá fyrstir tækifæri til að velja sér stæði. Það eru bara allir bæjarbúar starfsmenn Þjóðhátíðar, þannig að í ár tjölduðum við öll saman.“ - sv







Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn fær kærkomna viðbót um næstu helgi:

# Mannfólk til sýnis í fyrsta sinn

**FÓLK** Mannskepnan verður í fyrsta sinn til sýnis í sínu náttúrulega umhverfi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum um næstu helgi. Sýndir verða þrír karlar og ein kona.

Sýningin er partur af sumarverkefni fyrir ungt fólk á aldrinum 16 til 18 ára og er stýrt af leikurunum Ævari Þór Benediktssyni og Hilmi Jenssyni.

„Krakkarnir eru búnir að vera í garðinum með alls kyns uppákomur í sumar og við ætlum að klára með þessari sýningu,“ segir Ævar Þór. „Þetta er gert til þess að lífga upp á garðinn og leyfa gestum garðsins að taka þátt í skemmtuninni.“

Mannskepnurnar verða til sýnis frá klukkan tíu, laugardag og sunnudag. Klukkan eitt verða sýningargripirnir fóðraðir með hamborgurum og geta allir fylgst með því. Vert er að taka fram að stranglega er bannað að fóðra skepnurnar, líkt og önnur dýr í garðinum.

Búrinu, sem venjulega er notað fyrir dýr í hremmingum, verður kirfilega læst og segir Ævar að sýningargripirnir kæmust ekki út þótt þeir vildu.



**SÝNINGARDÝRIN** Þeir Jakob, Davíð og Hafsteinn verða meðal annars til sýnis í Húsdýragarðinum um helgina MYND/HILMIR

„Þau fá bolta, sjónvarp og hugsanlega eina bók,“ segir hann. „Það er mjög mikilvægt að halda þeim í sínu náttúrulega umhverfi.“ - sv


Tjald 4 manna Arizona
Með himni og fortjaldi.
5869200
7.990
10.795
ÖLL TJÖLD
20%
AFSLÁTTUR
Tjald 6 manna Sylt
2 svefnherbergi.
Stærð með fortjaldi 450x210x185
5869207
19.900
24.895
Tjald 3 manna
Santa Barbara
5869205
5.990
9.899
ÚTSALA ÚTSALA
ÚTSALA
GARÐÚTSALA
síðustu dagar
ÚTSALA
ÚTSALA ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR
1.399
1.799
Plastborðbúnaður í útileguna
24 stk í tösku.
2005394
3.999
5.999
Flíspeysur
5863738 - 5863740 & 5863750 - 5863752
TRUENORTH
Regn og vindsett
m/öndun
dömu til í gráu og rauðu, herra til grá og blá, (barnastærðir rautt og grátt jakki 3999 buxur 3999)
5868030-5868088
JAKKI
3.999
5.999
BUXUR
2.999
3.999
2.990
4.390
Svefnpoki Oulu
-8°, 1.43 kg
3000045
Tjaldborð og bekkjasett
2bekkir og borð.
113 x 68 x 72 sm
3899360
11.900
16.494
Tjald vasar
3899330
1.290
weber Q 120
Postulínshúðuð grillgrind úr pottstáli.
Ryðfrír brennari 2.64 kW/h - 8500 BTU.
Grillflötur 42x32 sm.
Samanbrjótanlegur hjólavagn fáanlegur.
3000247
43.900
Látum
verkin tala!
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!
Skútuvogur opið alla daga til 21:00
Grafarholt opið alla daga til 18:00
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
HÚSASMIÐJAN

**GENGIÐ 28.07.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,68 | 121,26 |
| Sterlingspund | 188,01 | 188,93 |
| Evra | 156,74 | 157,62 |
| Dönsk króna | 21,03 | 21,154 |
| Norsk króna | 19,557 | 19,673 |
| Sænsk króna | 16,483 | 16,579 |
| Japanskt jen | 1,3737 | 1,3817 |
| SDR | 182,72 | 183,8 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
200,1274

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tilfelli af Pagets-sjúkdómi fannst í 500 ára gamalli gröf við Skriðuklaustur:

# Hafa fundið 185 beinagrindur

**VÍSINDI** Beinagrind af manneskju með Pagets-sjúkdóminn fannst við fornleifauppgröft á Skriðuklaustri í Fljótsdal í vikunni. Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur og ábyrgðarmaður verkefnisins, segir margt merkilegt hafa komið í ljós við uppgröftinn, en þetta er níunda sumarið sem unnið er við hann.

„Við vitum núna að í klaustrinu var starfræktur spítali frá árunum 1490 til 1550 og þetta er sá elsti sem hefur fundist hér á landi,“ segir hún. „Það var ekki vitað að klaustrin hefðu stundað slíka starfsemi fyrr en við byrjuðum að finna beinagrindur sjúklinga árið 2003.“



**GRÖFIN** Beinagrindin sem ber einkenni Pagets-sjúkdómsins í gröf sinni á Skriðuklaustri. MYND/STEINUNN KRISTJÁNSDÓTTIR

Búið er að grafa upp 185 beinagrindur til þessa, en þetta er í fyrsta sinn sem manneskja með Pagets-sjúkdóminn hefur fundist, og segir Steinunn að einungis eitt tilvik hafi áður fundist hér á landi.

„Við höfum fundið mörg tilfelli af sárasótt og berklum, en þetta tilvik var ólíkt þar sem sjúkdómurinn veldur ofvexti og afmyndun í beinum,“ segir hún. Rekstrartími klaustursins og spítalans var í kring um sextíu ár og segir Steinunn þann mikla fjölda sem þar hefur dvalið gefa til kynna að fólk hafi leitað þar hælis víðsvegar að af landinu og jafnvel erlendis frá. - sv

Stjórnvöld um Ástargönguna:

# Stjórnendur hátíðar brugðust

**ÞÝSKALAND, AP** Yfirvöld í Þýskalandi segja að skipuleggjendur Ástargöngunnar hafi brotið gróflega gegn öryggisreglum. Skortur á gæslu gæti hafa orðið til þess að 21 lést og yfir fimm hundruð særðust þar um síðustu helgi.

Skipuleggjendur göngunnar segjast hafa haft leyfi og áætlun um öryggisgæslu hafi fengið samþykki. Borgarstjóranum í Duisburg, þar sem hátíðin fór fram, hefur verið sakaður um að hafa ekki haft nægilega yfirsýn yfir atburðina. - þeb



**Á ESKIFIRÐI** Fyrir skömmu blandaðist löndunarvatn úr togara neysluvatni íbúa á Eskifirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mengunarslys í skoðun:

# Rannsaka mengun í vatni

**ESKIFJÖRÐUR** Umhverfisstofnun mun óska eftir upplýsingum um hvort rétt hafi verið staðið að málum í tengslum við mengunarslysið á Eskifirði þegar löndunarvatn úr togara blandaðist neysluvatni bæjarbúa fyrr í mánuðinum.

Íbúar Eskifjarðar fengu ekki tilkynningu um atvikið fyrr en tæpri viku eftir að það átti sér stað. Þá hafði blóðvatnið úr togaranum verið blandað neysluvatni bæjarbúa og hafa misvísandi fréttir borist af áhrifum þess.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Í vímu undir stýri

Maður um tvítugt var handtekinn um þrjúleytið aðfaranótt þriðjudags við Sunnuhlíð á Akureyri grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna. Að sögn lögreglunnar á Akureyri var ökumaðurinn einn í bílnum. Hann var færður á lögreglustöðina þar sem sýni voru tekin úr honum.

### Kannabis á annesjum

Lögreglan á Snæfellsnesi fann 28 poka af kannabisefnum við leit í bíl manns á vestanverðu nesinu í gærmorgun. Pokarnir innihéldu samtals um 20 grömm af efnum og er talið að þau hafi verið ætluð til sölu á svæðinu. Í fyrrakvöld fann lögreglan í Borgarfirði 355 grömm af hassi í bíl með aðstoð fíkniefnahunds.

# Segir Lyfjastofnun hamla samkeppni

**Lyfjaframleiðandi segir Lyfjastofnun hamla samkeppni með því að afgreiða ekki leyfisumsóknir. Stofnunin sé of fámenn og þjónusti aðallega starfsemi Actavis í útlöndum. „Ekki rétt,“ segir Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Mér er alveg sama þótt Actavis sé stærsta lyfjafyrirtæki í heimi, þeir eiga ekkert að fá að einoka Lyfjastofnun Íslands,“ segir Olgeir Olgeirsson, forstjóri Portfarma, næststærsta samheitalyfjafyrirtækisins á Íslandi.

Olgeir segir Lyfjastofnun svo fámenna að það hamli samkeppni, vegna þess að stofnunin hafi nær eingöngu tök á að afgreiða leyfi fyrir lyf frá Actavis sem ætluð séu á alþjóðamarkað. Slíkar umsóknir fá forgang vegna þess að séu þær ekki afgreiddar innan tilskilins tíma eru lyfin álitin samþykkt. Önnur leyfi, til dæmis innanlandsleyfi til handa smærri fyrirtækjum, þurfi því að sitja á hakanum.



**RANNVEIG GUNNARSDÓTTIR**

Olgeir bendir á að í fyrra hafi Lyfjastofnun afgreitt um 690 leyfisumsóknir, þar af hafi einungis 130 verið fyrir innanlandsmarkað og mikið af þeim hafi verið endurskráningar. Afganginn, mikill meirihluti allra umsókna, hafi verið umsóknir Actavis um leyfi til markaðsleyfis í Evrópu.

Olgeir segir að þeir hafi ekki fengið eina umsókn um innanlandsleyfi afgreidda hjá stofnuninni. Þeir hafi dregið margar til baka vegna tafa og hætt við aðrar, og séu nú með eina umsókn sem hafi verið til meðferðar hjá stofnuninni í yfir 600 daga. Afgreiðslan á lögum samkvæmt ekki að taka meira en 210 daga. Portfarma hefur fengið tvær umsóknir um víðfeðmari markaðsleyfi samþykktar en tugum hefur verið hafnað.



**LYFSALA** Forstjóri Portfarma segir engar umsóknir komast að hjá Lyfjastofnun nema þær sem Actavis sendir. Þetta segir forstjóri stofnunarinnar alrangt. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Olgeir segir að vegna þess hve dýrt sé að sækja um markaðsleyfi hafi fyrirtækið alfarið snúið sér að erlendum lyfjastofnunum. Þar fást leyfin yfirleitt nokkuð vandræðalaust. „Það koma aldrei nein markaðsleyfi frá Lyfjastofnun. Maður hendir ekki bara 1,8 milljónum í einhverja hít,“ segir hann, en tekur þó fram að ekki sé bara við Lyfjastofnun að sakast. Hún sé undirmönnuð og leyfisdeildina þurfi að styrkja eigi samkeppni að þrífast.

Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, segir alls ekki rétt að Lyfjastofnun afgreiði aðallega umsóknir um lyf sem Actavis ætlar á markað erlendis. Stofnunin afgreiði mörg hundruð umsóknir á ári, alls ekki allar frá Actavis, og stór hluti sé fyrir lyf á markað hér, þótt í einhverjum tilfellum eigi einnig að selja þau annars staðar í Evrópu. Lyfjastofnun hafi hins vegar hvorki fjárráð né sérfræðiþekkingu til að fullmeta nema tíu ný samheitalyf á ári, en það þarf að gera þegar þau hafa hvergi verið metin í Evrópu áður. Þetta eigi við um margar af umsóknum Portfarma, og því hafi þær þurft að sitja á hakanum.

Það sé því vissulega rétt metið að Lyfjastofnun mætti vera stærri og hafa tök á að sinna fleiri slíkum umsóknum. Það yrði til hagræðis fyrir ríkið, enda borgi fyrirtækin fyrir matið, störf myndu skapast og sérfræðiþekking aukast.

stigur@frettabladid.is

Íslendingar líkir Svíum:

# Ráðherra fagnar viðræðum

**STJÓRNMÁL Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, segir líkindi með stöðu Íslendinga í upphafi aðildarviðræðna við ESB og stöðu Svía þegar þeir gengu í sambandið.**



**CARL BILDT**

**Í færslu á heimasíðu Bildts á þriðjudag segir hann upphaf viðræðnanna merkilegan dag í sögu Norðurlanda. Hann nefnir að skoðanakannanir bendi til þess að Íslendingar séu neikvæðir í garð ESB en minnir á að það sama hafi gilt um Svía þegar aðildarviðræður þeirra hófust árið 1992.**

**Hann heitir Íslandi stuðningi í viðræðunum og segist vonast eftir því að Íslendingar segi já þegar kosið verður um aðild.** - mþl

SA undrandi á Magma-máli:

# Sænska félagið réttur eigandi

**ORKUMÁL** Samtök atvinnulífsins (SA) lýsa undrun sinni á upphlaupi innan ríkisstjórnarinnar vegna Magma-málsins. Samtökin benda á að sænskt dótturfélag Magma Energy hafi fullt réttindi á Evrópska efnahagssvæðinu og sé lögmætur eigandi HS orku.

Í yfirlýsingu frá samtökunum kemur fram að mikilvægt sé að erlendir fjárfestar búi við stöðugleika hér á landi og þurfi ekki að vera „skotspónn í innanbúðarátökum í stjórnarliðinu“. Það hafi Magma Energy hins vegar þurft að þola.

SA segja Ísland þurfa á erlendu fjármagni að halda. Tilviljanakennd viðbrögð stjórnvalda auki ekki traust þeirra á Íslandi. - bj




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**VERSLUNARMANNAHELGIN**
Línur eru að skýrast fyrir helgina og það er nokkuð ljóst að veður verður með hinu besta móti í flestum landshlutum að minnsta kosti fram á mánudag. Hægur vindur og hlýindi munu einkenna veðrið en erfiðara er að segja til um hvar bjartast verður.



**Á MORGUN** 3-8 m/s.

**LAUGARDAGUR** Hæg breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 22° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 32° |
| Orlando | 36° |
| Ósló | 24° |
| París | 22° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

ENNEMM / SÍA / NM43018




# Netlykill á 0 kr.

Þú getur fengið 3G netlykil á 0 kr. gegn sex mánaða bindingu. Netlykilinn geturðu notað á öllum helstu hátíðarsvæðum um verslunarmannahelgina, í sumarbústaðnum, fellihýsinu og á þjóðveginum, enda veitir hann aðgang að stærsta 3G dreifikerfi landsins.

**Kynntu þér hagstæðar áskriftarleiðir Símans.**

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

## KJÖRKASSINN



*Ert þú sáttur við niðurstöðu ríkisstjórnarinnar í Magma-málinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 37,8% |
| Nei | 62,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú í ferðalag um verslunarmannahelgina?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Verðbólgan mælist nú 4,8 prósent og hefur ekki lækkað hraðar frá árinu 1986:

# Skuldir lækka um 8,4 milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Áætla má að verðtryggðar skuldir landsmanna lækki um 8,4 milljarða króna vegna minnkandi verðbólgu í júlí. Höfuðstóll 20 milljóna króna verðtryggðs húsnæðisláns lækkaði því um 132 þúsund krónur.

Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,66 prósent í júlí samanborið við síðasta mánuð, samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands. Þetta er mesta lækkun á vísitölunni milli mánaða frá því í mars 1986.

Verðbólgan síðustu tólf mánuði mælist nú 4,8 prósent en var 5,7 prósent í júní. Verðbólgan hefur lækkað hratt síðustu mánuði, en hún stóð í 11,3 prósentum í júlí í fyrra.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum námu verðtryggðar skuldir landsmanna um 1.175 milljörðum króna í árslok 2008. Nýrri tala er ekki til, en uppreiknuð miðað við verðlagsþróun má áætla að skuldirnar séu um 1.270 milljarðar króna í dag. Vegna lækkunar á vísitölu lækka verðtryggðar skuldir landsmanna um 0,66 prósent, sem eru um það bil 8,4 milljarðar króna. - bj



**HÚSNÆÐISLÁN** Höfuðstóll 20 milljóna króna verðtryggðs láns lækkar um 132 þúsund milli mánaða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Brú hrundi og fjölda saknað:

## Flóðin valda meira mannfalli

**KÍNA, AP Brú hrundi vegna flóða í Kína í gær með þeim afleiðingum að 37 létust og 29 er enn saknað.**

**Flóð vegna mikilla rigninga halda áfram að valda miklu tjóni í landinu. Tugþúsundir íbúa í norðausturhluta landsins eru án rafmagns eftir flóð í gær, og þrjátíu þúsund eru fastir á heimilum sínum. Vatnshæð í Þriggja gljúfra stíflunni, stærstu stíflu heims, náði methæð í gærmorgun. Vatnshæðin varð þá 158 metrar og vatnsrennslið 56 þúsund rúmmetrar á sekúndu.** - þeb

Risaloftsteinn á hættusvæði:

## Gæti rekist á jörðina 2182

**VÍSINDI** Vísindamenn telja líkurnar á því að risavaxinn loftsteinn rekist á jörðina árið 2182 nálgast það að vera einn á móti þúsund. Loftsteinninn er um 560 metrar í þvermál og gæti það haft gríðarlegar afleiðingar lendi hann á jörðinni.

Sérfræðingar fylgjast náið með loftsteinum sem gætu komið nægilega nálægt jörðu til að valda hættu. Vísindamennirnir sem rannsakað hafa þennan loftstein segja að uppgötvun þeirra ætti að leiða til aukinnar áherslu á að þróa tækni til að breyta stefnu slíkra loftsteina áður en það verður um seinan. - bj

Beita þurfti gröfum á Krossá:

## Fært inn í Bása

**SAMGÖNGUR Vegurinn inn í Bása er orðinn fær öllum jeppum en Krossá flæddi eftir veginum með þeim afleiðingum að hann varð ófær. Að sögn Skúla Skúlasonar, framkvæmdastjóra Útivistar, var fengin grafa til að beina ánni í rétta átt. Vegurinn var opnaður aftur í gær.**

**„Það var orðinn talsverður vatnsflaumur eftir veginum en okkur tókst að koma þessu í lag," segir Skúli í samtali við Vísi.is.**

**Miklir vatnavextir hafa verið á þessu svæði um helgina. Vegurinn inn í Herðubreiðarlindir lokaðist á sunnudag vestan við Jökulsá á Fjöllum vegna vatnavaxta í Lindaá.**

### SJÁVARÚTVEGUR

**Öllum makrílkvóta landað**

Makríl var landað í fyrsta sinn á Ísafirði í gær. Það var frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS, sem landaði aflanum. Alls fengust 228 tonn af makríl, eða fullfermi, í tveggja vikna túr togarans. Afli skipsins fyllir upp í allan makrílkvóta útgerðarinnar.

# Miðbæjarskólinn fær 120 milljónir til aðlögunar

**Fjármálaráðuneytið leggur til 500 milljónir króna til viðhalds og endurbóta opinberra bygginga á landinu. Miðbæjarskólinn í Reykjavík fær 120 milljónir. Ekki er ákveðið hvernig skipulagi hússins verður háttað.**

**BYGGÐAMÁL** Fjármálaráðherra lagði fram tillögu á fundi ríkisstjórnar í byrjun síðustu viku um að leggja fram 500 milljónir króna í uppbyggingu og viðhald ýmissa opinberra bygginga í landinu. Fjárframlagið var samþykkt á fundinum og listi yfir byggingarnar var síðar samþykktur í viknunni af efnahags- og viðskiptanefnd.

Langstærsti hluti framlagsins, 120 milljónir, rennur til eldvarnamála, viðhalds og endurbóta Miðbæjarskólans og aðlögunar byggingarinnar að nýju hlutverki. Nú standa yfir viðræður milli ríkis og borgar varðandi stækkun Kvennaskólans og hvort eigi að færa starfsemina úr núverandi byggingu yfir í Miðbæjarskólann.

„Við eigum nú í viðræðum við ríkið varðandi þann möguleika," segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs. „Borgarráð er búið að samþykkja tillöguna til að tryggja áframhaldandi skólahald í miðborginni á framhaldsskólastigi. Þetta er nátengt hugmyndinni um að húsinu yrði sýnd virðing og það endurgert í því sem næst upprunalegri mynd."

Hjálmar Sveinsson, varaformaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, segir að mikilvægast sé að halda húsinu vel við og að þar verði áfram starfrækt opinber starfsemi í eigu borgarinnar. „Þetta er frábær bygging og þessu fjármagni er örugglega vel varið," segir Hjálmar.



DAGUR B. EGGERTSSON



HJÁLMAR SVEINSSON

> Þetta er frábær bygging og þessu fjármagni örugglega vel varið.
>
> HJÁLMAR SVEINSSON VARAFORMAÐUR SKIPULAGSRÁÐS REYKJAVÍKUR

Landspítalinn fær samtals 90 milljóna framlag til ýmissa endurbóta og verkefna og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri fær 60 . Af þeim fara 50 milljónir í viðhald og endurbætur á endurhæfingar- og legudeildinni á Kristnesi í Eyjarfjarðarsveit og 10 milljónir í endurnýjun á vatnslagnakerfi elsta hluta sjúkrahússins. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins fær 40 milljónir í almennar viðgerðir og hinar 190 milljónirnar skiptast niður á fleiri staði á höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi og Norðurlandi.

Verkefnin voru valin með áherslu á mannaflsfrekar viðhaldsframkvæmdir, sem gagnast helst þeim landsvæðum þar sem atvinnuleysi er mikið, og þær byggingar þar sem bæta megi aðgengi fatlaðra. Allar byggingarnar eru í opinberri eigu; söfn, heilbrigðis- og heilsugæslustofnanir og húsnæði tengt menntamálum.

sunna@frettabladid.is



**MIÐBÆRINN** Meðal þeirra bygginga sem fá fjárframlög frá ríkinu til endurbóta er Miðbæjarskólinn í Reykjavík, hægra megin á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Viðhaldsverkefni í Reykjavík og á landsbyggðinni




| Bygging | Verkefni | Upphæð |
|---|---|---|
| Háskólinn á Akureyri | Lóðafrágangur við skólann, annar en malbik | 30 m.kr. |
| Laugar í Þingeyjarsýslu | Almennt viðhald | 10 m.kr. |
| Núpur í Dýrafirði | Almennt viðhald | 10 m.kr. |
| Landspítali - háskólasjúkrahús | Málun og viðgerð á Landakoti, Hringbraut, Fossvogi og Kópavogi | 20 m.kr. |
| Landspítali - háskólasjúkrahús | Grensás, almennar viðgerðir og endurbætur | 20 m.kr. |
| Landspítali - háskólasjúkrahús | Umbætur á rannsóknaraðstöðu í gamla Blóðbankanum | 30 m.kr. |
| Landspítali - háskólasjúkrahús | Almenn viðhaldsverkefni innanhúss | 20 m.kr. |
| Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri | Viðhald og endurbætur í Kristnesi | 50 m.kr. |
| Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri | Endurnýjun á vatnslagnakerfi | 10 m.kr. |
| Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Almennar viðgerðir | 40 m.kr. |
| Svæðisskrifstofur fatlaðra | Ýmist viðhald | 15 m.kr. |

Heimildum safnað fyrir mynd um herstöðina:

# Sagan eftir fall múrs kvikmynduð

**MENNING** Hrafn Malmquist vinnur nú að heimildarmynd um herstöðina á Miðnesheiði. Hrafn mun sérstaklega horfa til áranna eftir fall Berlínarmúrsins og segir að þar megi finna mjög merkilega sögu.

„Það er mikil þörf á að gera þessa heimildarmynd um herstöðina og allar þær hliðar sem eru á því máli," segir Hrafn.

Herstöðin skipti þjóðinni í tvær fylkingar í áratugi, en Hrafn segir að ekki verði farið í þann djúpstæða ágreining sem varð við komu herstöðvarinnar. Sjónum verður aðallega beint að síðustu árunum.

„Ég ætla ekki að taka of heildstæða nálgun á þetta, heldur fyrst og fremst að fjalla um síðustu 15 til 20 árin eftir fall Berlínarmúrsins. Það er áhugaverðasti vinkillinn sem virðist algjörlega á eftir að fjalla um á þessu máli."

Sigurður Snæberg Jónsson gerði heimildarmynd um herstöðina árið 1987 og Hrafn segir að hún gefi mjög góða mynd af tímanum fram að því. Með því að horfa til seinni tíma verður hægt að fá fulla mynd af sögunni. Hrafn segir óljóst með fjármögnun á myndinni og hann ætli að spila það eftir eyranu. Hann óskar hins vegar eftir frásögnum af atburðum tengdum herstöðinni eða hermönnum, að ekki sé talað um ef einhver lumar á myndefni. Hægt er að senda línu á herstodin@gmail.com eða hringja í síma 661-7682. - kóp



**GERIR HEIMILDARMYND** Hrafn Malmquist vinnur að heimildarmynd um herstöðina og þiggur öll gögn og frásagnir varðandi stöðina og hermenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



# TAX FREE

# VSK

af allri útsöluvöru

## enn meiri verð-lækkun

verð aðeins

# 200-2400 kr

fatnaður
og skór
á alla
fjölskylduna

| UPPHAFLEGT VERÐ | TAX FREE VERÐ |
|---|---|
| ~~499~~ KR. | 200 KR. |
| ~~799-999~~ KR. | 400 KR. |
| ~~1.299-1.699~~ KR. | 800 KR. |
| ~~1.999-2.499~~ KR. | 1.200 KR. |
| ~~2.999-3.999~~ KR. | 1.600 KR. |
| ~~4.499-6.999~~ KR. | 2.400 KR. |

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin sem er 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað heitir aðstoðarbankastjóri Seðlabankans?

2 Hvar fannst mikið magn saurgerla í neysluvatni á föstudag?

3 Hverslags tónlist verður í hávegum höfð á tónlistarhátíðinni Undir Jökli?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Framteljendum fækkaði og launatekjur þjóðarinnar lækkuðu í fyrra:

# Tugþúsundir á atvinnuleysisbótum

**SKATTAMÁL** Framteljendum til skatts fækkaði í fyrra miðað við árið á undan að sögn ríkisskattstjóra. Hlunnindi og launatekjur þjóðarinnar lækkuðu um 38 milljarða króna milli ára en atvinnuleysisbætur hækkuðu um 16,7 milljarða.

Álagning ríkisskattstjóra nú er sú fyrsta eftir sameiningu skattumdæma um síðustu áramót. Í frétt frá embættinu segir að skil á framtölum hafi verið betri en síðustu ár. Áætla hafi þurft á mun færri einstaklinga en í fyrra eða 13.750 miðað við 22.330 framteljendur fyrir tveim árum.



SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON

„Í stuttu máli má segja að upplýsingar úr skattframtölum beri órækan vitnisburð um þau umskipti sem urðu í efnahagslífi þjóðarinnar haustið 2008," segir ríkisskattstjóri. „Nú töldu 27.638 manns fram atvinnuleysisbætur á skattframtali, margfalt fleiri en á undanförnum árum. Þá tóku 10.254 út séreignarlífeyrissparnað og 39.184 nýttu sér sérstakan rétt til að taka út séreignarlífeyrissparnað."

Tæpir 35,9 milljarðar króna voru greiddir úr séreignarsjóðum og tekjuskattstofninn hækkaði um 1,5 prósent milli ára þrátt fyrir að greidd laun hafi lækkað um 5,8 prósent.

Kærufrestur vegna álagningarinnar er til 27. ágúst.

- gar

Lundaveiðar í Eyjum:

# Veiðitíminn var aftur styttur

**NÁTTÚRUFAR Lundaveiðitímabilið hófst í Vestmannaeyjum á laugardag en því lýkur í dag. Veiðitímabilið var líka fimm dagar í fyrra. Slæmt ástand stofnsins varð til þess að veiðitímabilið var stytt úr 55 dögum í fimm, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Vestmannaeyja í júlíbyrjun.**

**Þótt veiðar hafi lítil áhrif á viðkomu stofnsins og skýringa á bresti þurfi að leita annars staðar, var talið rétt að takmarka veiðarnar, að því er segir á Eyjafréttum.is.**

- kh

Aukaðalfundur haldinn:

# Tíu milljarða arður af FIH

**VIÐSKIPTI** Skilanefnd Kaupþings gæti átt von á allt að 10 milljarða króna arðgreiðslu frá FIH-bankanum í Danmörku. Bankinn er í eigu skilanefndar Kaupþings.



RAGNAR ÁRNASON

FIH-bankinn í Danmörku heldur aukaaðalfund í næsta mánuði. Meðal þeirra tillagna sem lagðar verða fyrir fundinn er að heimila stjórn bankans að greiða út arð til eigenda hans upp á allt að 500 milljónir danskra króna eða rúmlega 10 milljarða króna.

Á fundinum verður einnig skipt um íslenskan stjórnarmann í stjórn bankans. Ragnar Árnason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, fer úr stjórninni en inn kemur Haukur C. Benediktsson, lektor í viðskiptafræði við sama skóla.

Magma bregst við ákvörðun:

# Sannfærðir um lögmæti kaupa

**ORKUMÁL Íslensk stjórnvöld hafa þegar lagt blessun sína yfir tvo kaupsamninga þar sem Magma Energy hefur keypt hluti í HS Orku, og reiknar fyrirtækið ekki með að ríkið muni standa í vegi fyrir þriðja og síðasta kaupsamningnum. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Magma Energy.**

**Forsvarsmenn fyrirtækisins eru sannfærðir um að samningar um kaup á hlutum Geysis Green Energy á HS Orku séu í samræmi við íslensk lög. Í yfirlýsingunni segir að Magma muni aðstoða stjórnvöld eftir föngum við úttekt sem þau ætla að gera á kaupunum.**

- bj

# Guðbjörg í Eyjum er skattadrottning í ár

**Eiganda Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum er gert að borga 343 milljónir króna í skatta vegna ársins 2009. Samkvæmt lista ríkisskattstjóra á næsti maður þar á eftir á að greiða 198 millljónir. Fjórir eiga að borga yfir 100 milljónir.**



GUÐBJÖRG MATTHÍASDÓTTIR Eigandi Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum og fjárfestir með meiru er greiðandi hæstu skatta á Íslandi að þessu sinni samkvæmt álagningarskrá skattstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

**SKATTAMÁL** Guðbjörg Matthíasdóttir, útgerðarmaður og fjárfestir úr Vestmannaeyjum, er skattadrottning Íslands. Samkvæmt álagningu skattstjóra á Guðbjörg að greiða tæpar 343 milljónir króna í skatt vegna ársins 2009.

Ríkisskattstjóri sendi í gær frá sér lista yfir sextíu hæstu skattgreiðendur landsins. Næstur á eftir Guðbjörgu á listanum er Ingi Guðjónsson í Kópavogi, fjárfestir og fyrrverandi framkvæmdastjóri Lyfju, sem á að borga ríflega 198 milljónir. Þriðji maður á listanum er einnig úr Kópavogi. Það er Þorsteinn Hjaltested, eigandi jarðarinnar Vatnsenda. Honum er gert að greiða tæpar 120 milljónir.

Katrín Þorvaldsdóttir, brúðugerðarmeistari og leikmyndahönnuður, greiðir hæstu skattana í Reykjavík, samtals 115,7 milljónir króna. Katrín er dóttir Þorvaldar heitins Guðmundssonar, sem kenndur var við Síld og fisk.

Áberandi er hversu lítið fer fyrir þekktum einstaklingum úr bankageiranum miðað við næstliðin ár. Þó bregður fyrir mönnum eins og Lárusi Welding (í 14. sæti listans með 57,3 milljónir) Bjarna Ármannssyni (í 15. sæti með 55,7 milljónir). Báðir eru þeir fyrrverandi bankastjórar Glitnis. Einnig má nefna Geirmund Kristinsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóra í Sparisjóði Keflavíkur (í 5. sæti listans með 99,5 milljóna króna álagningu).

Af öðru þekktu fólki má geta Kára Stefánssonar, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, sem er í 12. sæti skattalistans með 65,3 milljónir, Steinunnar Jónsdóttur, kenndri við BYKO, sem er í 19. sæti með 53,56 milljónir, Andra Más Ingólfssonar í Heimsferðum í 20. sæti með 52,6 milljónir, Einars Sveinssonar, fyrrverandi forstjóra Sjóvár í 22. sæti með 50,7 milljónir, og Ingunnar Wernersdóttur fjárfestis, sem á að borga 49,3 milljónir og er í 26. sæti.

**60** hæstu skattgreiðendurnir voru á lista sem Ríkisskattstjóri sendi frá sér í gær.

Við upptalninguna má bæta Gunnlaugi M. Sigmundssyni, fyrrverandi alþingismanni kenndum við Kögun, sem er í 31. sæti með 445,6 milljóna króna skattgreiðslu, Jóni Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra FL Group, sem er í 33. sæti með 43,1 milljón, Herði Arnarsyni í 36. sæti með 38,6 milljónir og Guðmundi Erni Gunnarssyni, forstjóra VÍS, sem situr í 40. sæti með 37,8 milljónir.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, er í 45. sæti með 35,8 milljóna króna skattgreiðslu og Jóhannes Jónsson í Bónus situr í 60. og síðasta sæti lista ríkisskattstjóra með 30,6 milljóna króna álagningu.

gar@frettabladid.is

## Hæstu skattgreiðendur Íslands

**Af lista Ríkisskattstjóra**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | | |
| Katrín Þorvaldsdóttir | Háuhlíð 12 | 115,7 |
| Lilja Össurardóttir | Smárarima 4 | 92,6 |
| Bjarni Össurarson Rafnar | Bergstaðastræti 79 | 83,4 |
| Helgi V. Jónsson | Brautarland 4 | 75,5 |
| Árni Pétur Jónsson | Sæviðarsund 62 | 70,9 |
| Ívar Daníelsson | Árskógum 6 | 65,4 |
| Kári Stefánsson | Hávallagötu 24 | 65,3 |
| Lárus Welding | Blönduhlíð 8 | 57,3 |
| Óttar Pálsson | Hávallagötu 7 | 55,3 |
| Sverrir Sigfússon | Haðalandi 22 | 54,1 |
| Andri Már Ingólfsson | Sólvallagötu 2 | 52,6 |
| Fjalar Kristjánsson | Öldugötu 24 | 49,3 |
| Ingunn Gyða Wernersdóttir | Bjarmalandi 7 | 49,3 |
| **Garðabær** | | |
| Magnús Jónsson | Tjaldanesi 15 | 60,5 |
| Gunnar Halldór Sverrisson | Jafnakri 6 | 54,5 |
| Steinunn Jónsdóttir | Brekkuási 11 | 53,5 |
| Einar Sveinsson | Bakkaflöt 10 | 50,7 |
| Guðmundur Örn Gunnarsson | Urðarhæð 2 | 37,8 |
| Finnur Reyr Stefánsson | Brekkuási 11 | 34,2 |
| **Kópavogur** | | |
| Ingi Guðjónsson | Bakkasmára 25 | 198,4 |
| Þorsteinn Hjaltested | Vatnsenda | 119,7 |
| Sigurður Sigurgeirsson | Logasölum 7 | 67,4 |
| Hörður Jónsson | Gnitaheiði 3 | 49,5 |
| **Seltjarnarnes** | | |
| Bjarni Ármannsson | Bakkavör 28 | 55,7 |
| Guðmundur Ásgeirsson | Barðaströnd 33 | 49,4 |
| Jón Sigurðsson | Unnarbraut 17 | 43,2 |
| Sigurður Nordal | Sefgörðum 4 | 36,9 |
| Erlendur Magnússon | Miðbraut 31 | 31,6 |
| **Aðrir staðir** | | |
| Guðbjörg Matthíasdóttir | Vestmannaeyjum | 343,0 |
| Geirmundur Kristinsson | Baldursgarði 6 / Reykjanesbæ | 99,5 |
| Jóna M. Hallsdóttir | Skólabraut 11 / Gerðahreppi | 51,3 |
| Jóhanna Halldóra Sigurðardóttir | Innra-Leiti / Dalabyggð | 39,0 |
| Finnur Árnason | Lækjarbergi 52 / Hafnarfirði | 35,8 |
| Jón Sigurðsson | Múla / Bláskógabyggð | 35,7 |
| Giuliano Taglini | Laugarási / Fljótsdalshéraði | 34,4 |
| Sævar Helgason | Beykilundi 9 / Akureyri | 32,8 |
| Hinrik Kristjánsson | Lækjarbergi 1 / Hafnarfirði | 31,9 |
| Jóhannes Jónsson | Hrafnabjörgum / Svalbarðsstr.hr. | 30,6 |

Betri horfur í efnahagsmálum:

# Skuldatryggingarálag Íslands hríðlækkar

**EFNAHAGSMÁL** Skuldatryggingarálag Íslands hefur hríðlækkað í vikunni. Samkvæmt Markit Itraxx-vísitölunni er álagið nú komið niður í 286 punkta og hefur ekki verið lægra síðan í maí á síðasta ári.

Gagnaveitan CMA mælir álagið í 284 punktum en fram kemur á vefsíðu Markit að álagið í þeirra mælingu hafi lækkað um 33 punkta frá því í gærdag.

Þessi mikla lækkun á skuldatryggingarálaginu hefur haft það í för með sér að Ísland er aftur dottið af topp tíu-listanum yfir þær þjóðir sem taldar eru í hvað mestri hættu á þjóðargjaldþroti.

Álag í 386 punktum þýðir að borga verður 2,86% af nafnverði skuldabréfs til fimm ára til að tryggja það gegn greiðslufalli.

Nýju viðskiptabankarnir greiddu bankastórum sínum ágæt laun á árinu 2009:

# Bankastjórar með tvöföld laun forsætisráðherra

**SKATTAMÁL** Bankastjórar fjögurra stærstu viðskiptabankanna höfðu í fyrra allir hærri laun en forsætisráðherra landsins þrátt fyrir stefnu stjórnvalda um að engir starfsmenn á vegum ríkisins hafi hærri laun en forystumaður ríkisstjórnarinnar.

Af fjórmenningunum hafði Ragnar Z. Guðjónsson, þáverandi bankastjóri hjá Byr, hæstu mánaðarlaunin á árinu 2010 ef marka má álagningarskrár skattayfirvalda. Samkvæmt þeim námu mánaðarlaun Ragnars 2.154.576 krónum.

Næstur Ragnari í launum í fyrra var Ásmundur Stefánsson, þáverandi bankastjóri Landsbankans, sem fékk 2.000.877 krónur á mánuði.

Á eftir Ásmundi fylgir Finnur Sveinbjörnsson, þáverandi bankastjóri Arion banka sem fékk 1.736.657 krónur á mánuði á árinu 2010.

Síðust í þessum hópi er Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, sem hafði 1.661.697 krónur í mánaðarlaun.

Af þessum fjórum er Birna Einarsdóttir sú eina sem enn er bankastjóri. Þess má jafnframt geta að Íslandsbanki er sá eini af þessum bankastofnunum sem eru ekki enn í eigu ríkisins.

Mánaðarlaun Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra námu samkvæmt álagningarskránni 1.076.011 krónum í fyrra.

- gar

## Laun bankastjóranna

**Mánaðarlaun bankastjóra stóru bankanna**

| Nafn | Staða | Laun í þúsundum kr. |
|---|---|---|
| Ragnar Z. Guðjónsson | bankastjóri hjá Byr | 2.155 |
| Ásmundur Stefánsson* | bankastjóri Landsbanka Íslands | 2.001 |
| Finnur Sveinbjörnsson* | bankastjóri Arion banka | 1.737 |
| Birna Einarsdóttir | bankastjóri Íslandsbanka | 1.662 |

* Var bankastjóri allt árið 2009 en hefur nú látið af störfum
Heimild: Byggt á útsvari eins og það birtist í álagningaskrá skattayfirvalda.








+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug og flugvallaskattar. Miðað við flug frá 3. október.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 50661 07/10



**VIÐ UPPTÖKUR** Kvikmyndaleikstjórinn Woody Allen og franska forsetafrúin Carla Bruni-Sarkozy við upptökur á mynd Allens í París í gær. Þrátt fyrir að myndin Midnight in Paris sé stjörnum prýdd hefur frumraun forsetafrúarinnar vakið mesta athygli. NORDICPHOTOS/AFP

Tekjur af kjarnastarfsemi Marel jukust um rúman fjórðung á milli ára :

# Pantanastaða sterk og afkoma góð

**VIÐSKIPTI** Hagnaður heildarstarfsemi Marel eftir skatta á öðrum fjórðungi þessa árs var 117 milljónir evra (18,4 milljarðar króna), en var á sama tímabili í fyrra 17,3 milljarðar evra (2.716 milljarðar króna). Mikill munur skýrist af einskiptiskostnaði í ár og eignasölu í fyrra.

Á öðrum ársfjórðungi í fyrra námu tekjur vegna sölu eigna utan kjarnastarfsemi nálægt 16 milljörðum evra, en í ár fellur til kostnaður vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna Stork í Hollandi upp á 7,6 milljónir. Í tilkynningu Marel kemur fram að pantanastaða félagsins sé sterk og afkoman góð. Þannig hafi tekjur á öðrum fjórðungi þessa árs numið 136,1 milljón evra, sem sé 26,9 prósenta aukning miðað við tekjur af kjarnastarfsemi á öðrum ársfjórðungi 2009.

„Pantanabók styrkist áfram í takt við batnandi markaðsaðstæður og er 125,3 milljónir evra í lok fjórðungsins,“ segir í tilkynningu félagsins til Kauphallar. Á sama tíma í fyrra stóðu pantanir í 76,1 milljón evra. **- óká**



**KYNNA UPPGJÖR** Theo Hoen forstjóri og Erik Kaman, fjármálastjóri Marel, kynna í dag fjárfestum uppgjör félagsins á fundi í höfuðstöðvum þess í Garðabæ.

Eldgos í Eyjafjallajökli:

# Gos kostaði tólf milljarða króna

**VIÐSKIPTI Gosið í Eyjafjallajökli kostaði breska lággjaldaflugfélagið EasyJet 65 milljónir sterlingspunda eða 12,3 milljarða króna.**

**Félagið gerir engu að síður ráð fyrir að hagnaður þess á árinu verði 100 milljónir punda eða tæpir 19 milljarðar króna.**

**Samkvæmt skýrslu fyrir þriðja ársfjórðung fækkaði farþegum flugfélagsins um átta prósent meðan öskuskýið frá Eyjafjallajökli truflaði flug í Evrópu. - ót**



**SMÁBÁTAHÖFN** Verði hugmyndin að veruleika verður Ísafjörður að sportbátamiðstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILMUNDUR

Ný framtíðarsýn á Ísafirði:

# Hugar að sportbátamiðstöð

**ÍSAFJÖRÐUR** Ný bæjarstjórn á Ísafirði veltir upp möguleikanum á því að gera bæjarfélagið að sportbátamiðstöð. Frá þessu er greint í Bæjarins besta.

Nú er verið að móta nýja framtíðarsýn fyrir hafnir sveitarfélagsins og miðstöðin er eitt af því sem sérstaklega er horft til. Albertína Elíasdóttir, formaður hafnarstjórnar, segir í samtali við Bæjarins besta að unnið sé eftir ákvæðum í meirihlutasamningi. Haldin verði íbúaþing og íbúar og notendur þjónustunnar geti þannig komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Verði hugmyndin að veruleika verður reistur varnargarður út í Pollinn, um leið og farið verður í að byggja varnargarða fyrir Pollgötuna. **- kóp**

Fjögur íslensk fyrirtæki:

# Styðja við nýsprotafyrirtæki

**VIÐSKIPTI Fyrirtækin N1, CCP, Nýherji og Íslandspóstur hafa ákveðið að niðurgreiða þátttökugjöld í Viðskiptasmiðjuna – Hraðbraut nýrra fyrirtækja fyrir valin fyrirtæki. Með stuðningnum vilja fyrirtækin efla nýsköpun og styðja sprotafyrirtæki á Íslandi. Þá vilja þau benda á mikilvægi þess að frumkvöðlar sæki sér þekkingu og sérfræðiráðgjöf þegar nýjum fyrirtækjum er komið á legg.**

# 152 létust í mannskæðasta flugslysi í sögu Pakistans

**Farþegaþota hrapaði í fjallshlíð við höfuðborg Pakistans í gær með þeim afleiðingum að allir þeir 152 sem um borð voru fórust. Þjóðarsorg hefur verið lýst yfir í dag, en slysið er hið mannskæðasta í sögu landsins.**

**PAKISTAN, AP** 152 létust þegar farþegaþota fórst í nágrenni við Islamabad, höfuðborg Pakistans í gær. Enginn komst lífs af.

Slæmt veður var þegar slysið varð, mikið rok, rigning og þoka, og er talið að það geti hafa átt þátt í slysinu. Þotan var á leið frá Karachi til Islamabad í gærmorgun og var að reyna að lenda í Islamabad þegar hún hrapaði niður í hlíð um fimmtán kílómetra frá flugvellinum. Vélin missti samband við flugturn stuttu fyrir brotlendinguna en engin merki um vandræði bárust frá flugmönnum hennar áður en það gerðist. Ekki var heldur vitað um nokkra bilun í vélinni.

Þjóðarsorg hefur verið lýst yfir í Pakistan í dag vegna slyssins, sem er hið mannskæðasta í sögu landsins. Þá höfðu þjóðhöfðingjar Bandaríkjanna, Bretlands og fleiri landa sent samúðarskeyti vegna slyssins í gær.

Hundruð manna söfnuðust saman á flugvellinum í Islamabad til að fá upplýsingar um slysið, sem var erfitt að fá í fyrstu. Margir gagnrýndu ríkisstjórnina og sögðu hana veita of litlar upplýsingar og aðhafast of lítið á slysstað.



**ÆTTINGJAR SYRGJA** Fólk safnaðist saman við spítala í Islamabad, þar sem þessir menn syrgðu ættingja sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Á SLYSSTAÐ** Brak úr vélinni dreifðist um stórt svæði í hlíðinni og voru aðstæður til leitar mjög erfiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Upphaflega var greint frá því að nokkrir hefðu komist lífs af úr slysinu, en þær fréttir voru svo dregnar til baka. Að sögn sjónarvotta var aðkoman hræðileg, og dreifðust brak og líkamsleifar um stórt svæði í hlíðinni. Veður og erfiðar aðstæður gerðu björgunarmönnum einnig erfitt um vik. 115 lík höfðu fundist í gærkvöldi, en framkvæma þarf DNA-rannsóknir til þess að bera kennsl á líkin.

Flestir farþegar vélarinnar voru Pakistanar, en sendiráð Bandaríkjanna í landinu segir að tveir bandarískir ríkisborgarar hafi einnig verið um borð.

Ekki er enn vitað hvað olli slysinu, en í gærkvöldi hafði annar flugriti vélarinnar fundist. Ríkisstjórn Pakistans hefur sagt að ekki sé talið að um hryðjuverk hafi verið að ræða. Vélin var af gerðinni Airbus A321 og var í eigu flugfélagsins Airblue, sem flýgur innanlands í Pakistan en einnig til Sameinuðu arabísku furstadæmanna, Ómans og Bretlands. Þetta er í fyrsta sinn sem fólk lætur lífið í flugslysi hjá flugfélaginu.

Síðast varð mannskætt flugslys í landinu árið 2006, en þá létu 45 manns lífið þegar Fokker-vél hrapaði niður á akur í nágrenni borgarinnar Multan. **thorunn@frettabladid.is**




Miðlunarlón Landsvirkjunar að fyllast vegna óvenjumikillar bráðnunar á jöklum:

# Orkubúskapur styrkist en veiði dvín

**ORKUMÁL** Miðlunarlón við virkjanir Landsvirkjunar eru að fyllast tveimur til fjórum vikum fyrr en áætlanir gerðu ráð fyrir, að því er segir í frétt frá fyrirtækinu.

Ástæða þessa er meira innrennsli vegna bráðnunar á jöklum sem orðin er vegna mikilla hlýinda í sumar. Gert er ráð fyrir að Hálslón við Kárahnjúkavirkjun fyllist í lok þessarar viku og Blöndulón og Þórisvatn í næstu viku. Til samanburðar kemur fram á vef Landsvirkjunar að Hálslón hafi ekki farið á yfirfall fyrr en 6. september á síðasta ári og Blöndulón ekki fyrr en 21. september.

Landsvirkjun bendir á að þegar miðlunarlónin fari á yfirfall megi gera ráð fyrir að rennsli aukist verulega í Jökulsá á Dal og í Blöndu og að einnig verði aukið rennsli í Þjórsá.



**BLÖNDULÓN Á YFIRFALLI** Búist er við að miðlunarlón Blönduvirkjunar fyllist í næstu viku og að áin fari þá á yfirfall og verði illviðráðanleg til stangveiða. MYND/JÓNAS SIGURGEIRSSON

Þetta eru vitanlega ágæt tíðindi fyrir orkubúskap landsmanna en síðri fyrir stangveiðimenn. Gera má ráð fyrir því að illveiðanlegt verði í Jökulsá á Dal strax á næstu dögum og aðstæður í Blöndu versni til muna í næstu viku. Metveiði var í Blöndu í fyrra þegar þar veiddust 2.413 laxar. Samkvæmt upplýsingum frá leigutakanum Lax-á er veiðin í Blöndu komin á svipað ról nú þegar og því líklegt að veiðin verði enn meiri í ár en í fyrra. **- gar**






+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug og flugvallaskattar. Miðað við flug frá 3. október.

## FRÉTTAVIÐTAL: Timo Summa, sendiherra ESB á Íslandi

# Erfiðar viðræður en skilningur á sérstöðu Íslands

**Aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið (ESB) hófust í vikunni. Rætt var við Dr. Timo Summa af þessu tilefni en hann fer fyrir sendinefnd ESB á Íslandi. Hann býst við erfiðum samningaviðræðum en segir aðildarríkin hafa skilning á sérstöðu landsins. Erfiðasti hluti ferlisins kunni að verða umræðan hér á Íslandi sem honum þykir stutt á veg komin.**



**TIMO SUMMA** Finninn veitir sendinefnd ESB á Íslandi forstöðu. Sendinefndin tók til starfa á Íslandi í upphafi árs og mun starfa hér þar til viðræðuferli Íslands og ESB lýkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ísland hóf formlegar aðildarviðræður við ESB á ríkjaráðstefnu sambandsins á þriðjudag. Á henni lögðu ESB og ríkisstjórn Íslands fram greinargerðir um viðræðurnar sem eru fram undan. Fréttablaðið spurði Timo Summa að því hvað tæki við næst. „Nú í haust hefst samningaferlið með því að farið verður yfir alla 35 kafla löggjafar ESB. Við skoðum hvar skilur á milli íslenskrar löggjafar og ESB-löggjafar og komumst þannig að því um hvað þarf að semja," segir Summa og bætir við að Ísland hafi þegar tekið upp 60 prósent kaflanna í gegnum EES-samninginn. Sennilega verði einfalt að fara í gegnum þá kafla og því séu það líklega ekki nema sex kaflar löggjafarinnar sem virkilega þarf að semja um. Á því verði byrjað þegar þessi undirbúningsskref hafa verið stigin.

Summa segir hlutverk sendinefndarinnar hér á landi vera að greiða fyrir þessu ferli. „Við eigum í daglegum samskiptum við ráðuneytin hér og svo stjórnsýsluna í Brussel. Auk þess höfum við sérfræðinga á okkur snærum sem taka þátt í undirbúningi viðræðnanna þótt þeir taki ekki þátt í þeim sjálfum."

### Erfiðar viðræður fram undan

Summa segist búast við því að viðræðurnar gætu orðið flóknar. „Ísland er mjög einstakt og það eru stór mál til staðar sem erfitt verður að semja um svo sem sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál og fleira. Við höfum vissar reglur í ESB sem ekki er hægt að breyta en á sama tíma verðum við að finna leiðir til að klæðskerasauma sumar þeirra að íslenskum aðstæðum. Það er til staðar skilningur á því að Ísland hafi sérstöðu en það verður engu að síður áskorun að leysa þessi mál." Summa kveðst þó bjartsýnn á að hægt sé að finna lausnir sem henta báðum aðilum. „ESB hefur samið við mjög ólík ríki á undanförnum árum og í öllum tilfellum hefur tekist að finna ásættanlega lausn fyrir alla aðila. Eina landið sem hefur að lokum kosið að ganga ekki í sambandið er Noregur," segir Summa.

Samkvæmt minnisblaði sem Bloomberg-fréttastofan hefur undir höndum mun ESB leggja áherslu á það í samningsferlinu að Íslendingar standi við Icesave-skuldbindingarnar og breyti fiskveiðikerfi sínu. Spurður um þetta segir Summa: „Það er ljóst frá ESB séð að íslensk stjórnvöld verða að fylgja EES-reglum. Ég held að það séu hagsmunir allra aðila og þar eð íslenska ríkisstjórnin hefur alla tíð sagt að lögum verði fylgt, vona ég að þessu máli verði lokið á næsta ári þegar samningaviðræðurnar hefjast af alvöru." Hann vill ekki setja fram neinar getgátur um það hvað ESB muni fara fram á varðandi sjávarútvegsmál. „Mikilvægast er að hefja samningaviðræðurnar um sjávarútveginn. Þá geta samningsaðilar borið saman skoðanir sínar á þessum málum og þá fyrst sjáum við hvað er mögulegt."

### Staðreyndir hafðar að leiðarljósi

Summa segist hafa orðið var við töluverða andstöðu við ESB á Íslandi en samkvæmt skoðanakönnunum hefur stuðningur við aðild minnkað töluvert á síðustu misserum. „Frá því að ég kom hingað hef ég marga hitt. Margir eru jákvæðir gagnvart ESB en að sama skapi eru margir mjög gagnrýnir á sambandið. Við reynum að hlusta á allar skoðanir og sjá til þess að almenningur hafi réttar upplýsingar í höndunum. Þegar ákvörðun íslensku þjóðarinnar liggur svo fyrir þá munum við virða hana." Summa sýnist sem svo að margir hafi litlar upplýsingar um ESB og hvað aðild hafi í för með sér. Hann segir suma jafnvel nota rangar eða villandi upplýsingar um sambandið í opinberri umræðu og segir það þurfa að breytast.

Spurður hvort lítill stuðningur við aðild Íslands að ESB muni hafa áhrif á viðræðuferlið segir Summa svo ekki vera. „Ég held að fólkið í Brussel og ríkjunum skilji af hverju andrúmsloftið er svo gagnrýnið. Það sem við erum svo að vonast eftir er að Íslendingar komist sem fyrst upp úr efnahagsvandræðum sínum. Við höldum að þá muni fólk hafa meira olnbogarými til að ræða kosti og galla aðildar. Þá getur það kannski frekar velt fyrir sér stóru myndinni."

Summa segir að skoðanakannanirnar hér séu nákvæmlega eins og þær voru í Svíþjóð ári áður en Svíar gengu inn í ESB. „Í litlum löndum eru sveiflur í stjórnmálum oft miklar og því kann almenningsálitið að snúast aftur." Summa segir það taka þjóðir tíma að útkljá umræðuna um ESB. Þetta sé tilfinningamál og því sé það ekki eitt atriði sem ríður baggamuninn heldur stóra myndin og stundum sé tímafrekt að ná sjónum á henni.

Þýska þingið samþykkti aðildarviðræðurnar við Ísland nýverið en hengdi við ákvörðun sína ályktun um að Ísland þurfi að hætta hvalveiðum sínum ætli landið að ganga í ESB. Fréttablaðið spurði Summa hvort aðildarríki sambandsins geti stillt Íslandi einhliða upp við vegg í málum á borð við þetta. „Ef við horfum á fyrri aðildarviðræður sjáum við að sum aðildarríki hafa sett fram skilyrði eins og þetta. Við verðum hins vegar að hafa í huga að þegar ESB ákveður sína stefnu þá semja öll aðildarríkin um þá stefnu svo ekkert eitt þeirra getur stjórnað svona hlutum einhliða. Stefna ESB er mótuð með hliðsjón af staðreyndum, greiningu stofnana og svo skoðunum aðildarríkjanna. Einstök ríki geta því haft upphafleg viðhorf en það sem skiptir síðan öllu máli er það sem aðildarríkin ákveða öll saman."

### Ávinningur Íslands mikill

Til umræðu hefur verið að draga aðildarumsóknina að ESB til baka og hefur Sjálfstæðisflokkurinn til að mynda ályktað í þá veru. Summa vildi ekki svara því hvernig ESB myndi taka því ef umsóknin yrði dregin til baka. Hann segir að ríkisstjórnin hafi sótt um aðild og sambandið muni því setjast við samningaborðið af heilum hug. Það sé Íslendinga að ákveða hvernig haga skuli umsókninni. Hann hefur hins vegar litlar áhyggjur af því að samskipti Íslands og ESB kunni að súrna hafni Íslendingar að lokum aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu. „Með aðild Íslands að EES og Schengen-samningunum er landið nú þegar í nánu samstarfi við ESB og það mun ekki breytast. Viðræðuferlið mun leiða til þess að aðilarnir öðlist meiri skilning hvor á hinum. Ég held því að það muni hafa jákvæð áhrif á samstarfið hvernig sem þjóðaratkvæðagreiðslan svo fer."

Summa segist hafa orðið var við að margir Íslendingar líti til fordæmis Noregs sem hefur kosið að standa utan við ESB. Hann segir samanburðinn ekki endilega heppilegan. „Ísland er ekki Noregur. Ef þú berð löndin saman þá sérðu fljótt að þau búa við mjög ólíkar aðstæður. Tækifæri þeirra og áskoranir eru ólíkar og til að mynda hentar evran ekki Norðmönnum en hún hentar Íslendingum vel. Ávinningur Íslands af því ganga í ESB yrði gríðarlega mikill til langs tíma séð. Noregur hefur efni á því að standa fyrir utan en Ísland hefur það trauðla."

Margir Íslendingar hafa áhyggjur af því að áhrif Íslands innan sambandsins verði lítil þegar á hólminn er komið. Summa telur ekki ástæðu til þess að óttast það. „Lítil lönd í ESB, á borð við heimaland mitt Finnland, geta haft mjög mikil áhrif ef þau eru virk innan sambandsins og beita sér fyrir þeim málefnum sem skipta þau máli. Auðvitað hafa lönd mismikið vægi þegar kemur til atkvæðagreiðslna en það er nær aldrei gripið til þeirra. Yfirleitt er ferlið þannig að ákvörðunum er frekar slegið á frest ef ekki næst samstaða um þær en síður kosið um þær. Ég hef stýrt yfir hundrað stórum fundum aðildarríkjanna og á þessum fundum hefur aldrei, ekki einu sinni, verið kosið um niðurstöðuna. Ríkin setjast niður, rökræða og komast að niðurstöðu sem allir geta sætt sig við."

### Hver er Timo Summa?

Dr. Timo Summa er finnskur hagfræðingur fæddur árið 1948. Summa er með doktorsgráðu frá Helsinki School of Economics og hefur unnið innan Evrópusambandsins frá árinu 1995. Áður var hann framkvæmdastjóri iðnaðarfyrirtækis í Finnlandi en hefur einnig starfað sem hagfræðingur meðal annars hjá samtökum iðnrekanda í Finnlandi.


Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Frídagur verslunarmanna er á mánudaginn





Fagnaðu frídegi verslunarmanna með BKI kaffi

Frídagur verslunarmanna er á mánudaginn!

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.



**Frídagur verslunarmanna var fyrst haldinn hátíðlegur í september 1894 og var hann ætlaður starfsfólki verslana á Íslandi.** Frídagur verslunarmanna fellur á mánudag og því er helgin um mánaðarmótin júlí og ágúst löng helgi og hún er kölluð verslunarmannahelgi.

Þetta er stærsta ferðahelgi ársins þar sem tugþúsundir Íslendinga leggja land undir fót. Dagurinn er eftir danskri fyrirmyndi og því gefst kjörið tækifæri til að fagna frídegi verslunarmanna með góðu BKI kaffi.

*Gættu þess að eiga nóg af bragðgóðu BKI kaffi um helgina. Það er nauðsynlegt að hressa sig við annað slagið með rjúkandi bolla af BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og ferskleg eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

*Kauptu BKI fyrir frídag verslunarmanna*




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 50661 07/10



+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug og flugvallaskattar. Miðað við flug frá 3. október.



SUMARM
Sprengfull búð af frábærum tilboðum!
20%
AFSLÁTTUR AF
DEVOLD
FATNAÐI
25–70%
AFSLÁTTUR AF GASVÖRUM
FYRIR FERÐALAGIÐ
CAMPINGAZ HELLUR
9.990
ÁÐUR 17.990
25%
AFSLÁTTUR AF
DIDRIKSON
FATNAÐI
COLUMBIA Silver Ridge
herrajakki
27.743
ÁÐUR 36.990
PRIMUS GASLAMPI
2.990
ÁÐUR 11.084
COLUMBIA Pearl
dömupeysa
14.925
ÁÐUR 19.900
COLUMBIA Silver Ridge
herrabuxur
13.493
ÁÐUR 17.990
25–50%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM SKÓM
COLUMBIA Silver Ridge
dömubuxur
14.993
ÁÐUR 19.990
COLUMBIA Trail Trip
dömujakki með hettu
20.993
ÁÐUR 27.990
25–50%
AFSLÁTTUR AF
COLUMBIA
FATNAÐI
ellingsen.is
Columbia Sportswear Company
Coleman
CAMPINGAZ
DEVOLD
DIDRIKSONS 1913 Grundsund SWEDEN
PRIMUS
PIPAR\TBWA • SÍA • 101746


ARKAÐUR
ELLINGSEN GRILL
67.900
ÁÐUR 79.900
CAMPINGAZ GRILL
29.900
ÁÐUR 34.900
COLEMAN FERÐAGASGRILL
39.900
ÁÐUR 49.900
50%
AFSLÁTTUR AF
CHAR-BROIL
GRILLVÖRUM
GARÐSTÓLL
9.990
ÁÐUR 14.900
GARÐBORÐ
19.900
ÁÐUR 34.900
CAMPINGAZ PALLAHITARI
34.900
ÁÐUR 44.990
15%
AFSLÁTTUR AF
VEIÐIVÖRUM
LOOP VÖÐLUR
25.415
ÁÐUR 29.900
LOOP VEIÐIVESTI
16.915
ÁÐUR 19.900
50%
AFSLÁTTUR AF
FLUGUHNÝTINGAREFNI
COLEMAN TJALDSKÝLI
14.900
ÁÐUR 25.490
25%
AFSLÁTTUR AF TJÖLDUM
OG VIÐLEGUBÚNAÐI
COLEMAN TVÖFÖLD
TJALDDÝNA
5.993
ÁÐUR 7.990
COLEMAN FELLIBORÐ
OG STÓLAR FYRIR 4
17.900
ÁÐUR 25.602
COLEMAN EINFÖLD
TJALDDÝNA
3.743
ÁÐUR 4.990
GLASASTANDUR
2.490
ÁÐUR 3.490
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
ATHUGIÐ! LOKAÐ LAUGARDAGINN 31. JÚLÍ - Opnum aftur Sumarmarkaðinn 3. ágúst.
Ellingsen
– fullt hús ævintýra

**Útgjöldin**
>Kílóverð á vínberjum í maí




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** Leifur Eiríksson, tónlistarmaður og plötusnúður

## *Slæm kaup bæld í undirmeðvitundinni*

„Ég hugsa að bestu kaupin mín séu „Nord Lead 2 Limited Anniversary Edition" hljóðgervillinn minn," segir Leifur Eiríksson, tónlistarmaður og plötusnúður. „Hann er með öfugum litum á nótunum sem er að sjálfsögðu gríðarlega svalt, og hann hefur gert mér kleift að semja megnið af tónlistinni minni og bæta mig sem hljómborðsleikara undanfarin tvö ár." Leifur segist líka hafa verið heppinn því gripurinn hafi fundist inni á lager í Tónastöðinni, þar sem einhver hafi pantað hann en aldrei sótt. „Ég fékk hann á venjulegu verði þar sem þeir þurftu að losna við hann hvort eð var, en komst síðan að því að það eru bara til 299 eintök af honum í heiminum og hann er orðinn enn þá verðmætari núna."

„Verstu kaupin eru hins vegar aðeins flóknara mál að rifja upp. Annars vegar held ég því fram að ég hafi gert tiltölulega fá hrikalega slæm en hins vegar er ég kannski bara búinn að bæla þau kirfilega í undirmeðvitundinni." Hann segist samt viðurkenna að hann hafi gert allnokkur sæmilega slæm kaup. „Skýrustu dæmin eru klárlega allt áfengið sem ég hef keypt um ævina, mistök sem maður virðist aldrei ætla að læra af, og síðan öll fötin og skórnir sem mér fannst voða sniðug í nákvæmlega nógu langan tíma til að kaupa þau en hef síðan aldrei tekið úr skápnum, nema jú vissulega þegar orðið er þröngt í skápnum og þá rata þau beint í Hjálpræðisherinn."



**LEIFUR EIRÍKSSON**
tónlistarmaður Ljósvaki

### ■ Nýir bílar vel verðmerktir




Neytendastofa gerði nýverið könnun á ástandi verðmerkinga á nýjum bílum hjá bílaumboðum á höfuðborgarsvæðinu. Í ljós kom að í öllum tilfellum voru bílarnir verðmerktir með áberandi verðskiltum og í flestum tilfellum voru upplýsingarnar á skiltunum mjög ítarlegar. Sem dæmi var víðast hvar að finna upplýsingar um staðalbúnað, aukahluti og annað slíkt. Bílaumboðin voru einnig flest með einblöðunga og bæklinga til reiðu sem viðskiptavinir gátu tekið með sér en í þeim má finna verðupplýsingar og annað slíkt.

### ■ Flestir telja rafbíla fullnægja aksturþörf sinni

Tæplega tvö þúsund manns hafa tekið þátt í könnun á vefsíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda um rafbíla. Hljóðaði spurningin svo: Getur tveggja til fjögurra manna rafmagnsbíll með 100 kílómetra drægi uppfyllt daglegar akstursþarfir þínar? Alls svöruðu 74,5 prósent þeirra sem tóku þátt í könnuninni játandi, nei svöruðu 21,8 prósent, um 3,7 prósent sögðust ekki vita það. Könnunin bendir til þess að töluverður áhugi sé fyrir hendi á rafbílum til daglegrar notkunar á Íslandi.




### ■ Væntingar neytenda að glæðast

Væntingar neytenda halda áfram að aukast samkvæmt væntingavísitölu Capacent Gallup. Vísitalan sem birt var á hádeginu á þriðjudag hækkar um sex stig milli mánaða og stendur nú í 67,1 stigi sem er hærra en nokkru sinni eftir hrun. Þetta kom fram í Morgunkorni greiningar Íslandsbanka í gær. Þar segir að vísitalan mæli væntingar neytenda til efnahags- og atvinnulífsins. Þegar vísitalan er undir 100 stigum eru fleiri neytendur svartsýnir en bjartsýnir en hún hefur verið undir 100 stigum síðan í febrúar árið 2008. Hún hefur hins vegar hækkað samfellt undanfarna fjóra mánuði sem bendir til þess að brúnin á landsmönnum sé heldur að léttast.

# Fjórðungs hækkun á leiguverði á hálfu ári

**Fermetraverð leiguhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um 17,5 prósent á sex mánuðum. Stærstu eignirnar hækka mest. Leiguverð hefur ekki verið hærra síðan á vormánuðum fyrir hrun. Leigjendur vantar málssvara.**

Húsaleiga hefur hækkað töluvert frá því í febrúar. Á þetta við um allar stærðir eigna, að stúdíóíbúðum frátöldum. Ef einungis er litið til fermetraverðs hafa tveggja herbergja íbúðir lækkað í verði en hækkun annara eigna er á bilinu 3,9 til 17,5 prósent og hafa stærstu eignirnar hækkað mest.

Neytendasamtökin rannsökuðu húsaleigu á höfuðborgarsvæðinu í apríl og desember 2008, mars 2009, febrúar 2010 og svo nú í júlí. Gera samtökin ráð fyrir því að leiguverð á landsbyggðinni sé heldur ódýrara.

Niðurstöðurnar sýndu að leiguverð hefur hækkað töluvert á undanförnum mánuðum og hefur ekki verið hærra síðan fyrsta úttektin var gerð á vordögum árið 2008. Ætla má að þeir sem tóku fasteignir á langtímaleigu árið 2008 borgi nú umtalsvert meira heldur en upphaflega var samið um.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur Neytendasamtakanna, segir verð á hvern fermetra hafa hækkað óvenju mikið á stuttum tíma í ár.

„Fermetraverð var í lágmarki í byrjun árs 2009 og miðað við þessar nýju niðurstöður veit maður í raun ekki hvort þetta gæri endað í leiguverði eins og var árið 2008," segir Hildigunnur. „Því miður gerðum við ekki svona úttekt fyrir þann tíma." Hún segir framboð eigna vera mjög misjafnt eftir hverfum en sé þó nokkuð stöðugt. Eignirnar í úttektinni í febrúar voru 309 talsins en nú í júlí voru þær 272.

„Í fyrstu taldi ég ekki nauðsynlegt að framkvæma aðra rannsókn svona stuttu eftir þá síðustu, svo það kom mér verulega á óvart að sjá þessar niðurstöður eftir svona stuttan tíma."

Neytendasamtökin telja að hækkunin ráðist að einhverju leyti af framboði og eftirspurn á markaðnum en þó hljóti annað og meira að spila inn í. Hildigunnur segir leigumál í landinu vera erfið sökum þess að þau falli í raun ekki undir neytendamál almennings.

„Þegar einn einstaklingur leigir öðrum einstaklingi flokkast það ekki undir neytendamál," segir hún. „Það vantar alveg sárlega málssvara fyrir leigjendur sem ekki eru neytendur, þar sem Leigjendasamtökin hafa verið lögð niður."

sunna@frettabladid.is



**LEIGUHÚSNÆÐI Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU** Óvenju mikil hækkun hefur verið á leiguverði á síðustu sex mánuðum FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Meðalverð á fermetra í leiguhúsnæði 2010**

| Fjöldi herbergja | Júlí 2010 | Feb. 2010 | Breyting í % |
|---|---|---|---|
| Stúdíó | 2.032 kr. | 1.900 kr. | Hækkun: 6,9% |
| 2 herbergi | 1.646 kr. | 1.678 kr. | Lækkun: -1,9% |
| 3 herbergi | 1.472 kr. | 1.411 kr. | Hækkun: 4,3% |
| 4 herbergi | 1.325 kr. | 1.275 kr. | Hækkun: 3,9% |
| 5 herbergi | 1.253 kr. | 1.066 kr. | Hækkun: 17,5% |

**Meðalverð á leiguíbúðum á höfuðborgarsvæðinu 2010**

| Meðalstærð | Júlí 2010 | Feb. 2010 | Mismunur |
|---|---|---|---|
| Stúdíó, 37 fm | 75.188 kr. | 76.014 kr. | -826 kr. |
| 2 herb. 65 fm | 107.122 kr. | 100.692 kr. | 6.430 kr. |
| 3 herb. 90 fm | 133.138 kr. | 124.178 kr. | 8.960 kr. |
| 4 herb. 120 fm | 158.783 kr. | 146.603 kr. | 12.180 kr. |
| 5 herb. 159 fm | 198.700 kr. | 173.739 kr. | 24.961 kr. |



ALLIR VINNA

# Hagstæð lán til framkvæmda

Landsbankinn leggur sitt af mörkum til hvatningarátaksins Allir vinna og býður viðskiptavinum hagstæð lán til framkvæmda og endurbóta á íbúðarhúsnæði. Engin lántökugjöld eru tekin til 1. desember.

**Lán til góðra verka**

Til 1. desember verður boðið upp á allt að 2 milljóna króna óverðtryggt lán á 5,80% vöxtum til 5 ára. Lánið er veitt gegn framvísun reikninga fyrir vöru- og þjónustukaupum sem tengjast framkvæmdunum.

- 5,80% óverðtryggðir vextir
- Allt að 2 milljóna króna lán með veði í fasteign eða 1 milljón án veðs
- Engin lántökugjöld
- Umsóknarfrestur er til 1. desember

**Framkvæmdalán**

Í boði eru verðtryggð eða óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum á sömu kjörum og bjóðast við kaup á fasteign. Lánað er til endurbóta innan- og utanhúss, t.d. endurnýjunar á þaki, lögnum eða innréttingum, til lóðaframkvæmda, hellulagningar eða smíði sólpalla.

- Vextir ákvarðast af hlutfalli veðsetningar
- Lágmarkslánsfjárhæð er 500.000 krónur
- Lánstími til allt að 30 ára
- Engin lántökugjöld til 1. desember




LÁN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.
ENNEMM / SÍA / NM42948

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opnum kl.10.00 Verslunarm

ÓDÝRAR OG GÓÐAR BÓNUSSAMLOKUR !



139
KR. STK
SAMLOKA MEÐ TÚNFISKSALATI
SAMLOKU-HEILSUBITI
SAMLOKA MEÐ RÆKJUSALATI




998
KR. KG
*TILBÚIÐ Á GRILLIÐ!*
KONÍAKSLEGNAR
GRÍSAKÓTILETTUR




295
KR. BOX
BÚRFELLS HANGIÁLEGG 143g/ CA. 11 SNEIÐAR




89
KR.PK
BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK




139
KR.PK
FJÖGUR RISASTÓR
HAMBORGARABRAUÐ




298
KR. 4 DS
PASCUAL JÓGÚRT 4 X 125G
FRÁBÆRT Í FERÐALAGIÐ ÞARF EKKI AÐ
VERA Í KÆLI




59
KR.250ml




111
KR.PK
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
5 STK




CA 300 KR.
PAKKINN
598
KR. KG
BÓNUS PYLSUR
MERKT VERÐ 798 KR.KG
25% AFSLÁTTUR




129
KR. 4 STK
HEIMA EINNOTA GRILLBAKKAR 4 STK




398
KR. 2 FL.
HUNTS 2 PK TÓMATSÓSA 680G
HUNTS BBQ SÓSA 612 ML




***HEIMA:* EINNOTA KOLAGRILL**

| | |
|---|---|
| Grill 30 x 22 sm: | 359 kr. |
| Grill 30 x 46 sm | 698 kr. |
| Grillvökvi 1 ltr. | 379 kr. |




195
KR.PK
BKI KAFFI 250 GR




159
KR.PK
EUROSHOPPER
STEIKTUR LAUKUR
200G

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
annahelgin byrjar í Bónus
98
KR.500ml
598
KR.KIPPAN
SEX COKE 1/2 LTR. PLASTFLÖSKUR
COKE OG COKE LIGHT
99 KR. FLASKAN
249
KR.PK
PRINGLES SNAKKFLÖGUR 165g
139
KR. 3 fern
BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI 3 x 250ml
129
KR. 2 ltr.
69
KR.500ml
159
KR.500ml
VINSÆLASTI ORKUDRYKKURINN Í BÓNUS
198
KR.PK
BÓNUS SNAKK 4 TEG.- 160G
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG 198 kr.stk
DUGAR Í 13 SAMLOKUR
AÐEINS 15,2 KR. SAMLOKAN
198
KR.PK
DORITOS SNAKK 165G
MYLLU SKÚFFUKAKA
298
KR.STK
MYLLU SÚKKULAÐI-SKÚFFUKAKA 380G
95
KR.PK
MARYLAND KEX 150G
198
KR. 3 STK
ÞRÍR FREYJUSTAURAR !
SÆLGÆTISBARINN
ENGINN AFSLÁTTUR
BARA LÁGT VERÐ
ALLA DAGA
898 KR.KG.
Ferðalagið byrjar auðvitað í Bónus
Hér er allt í ferðanestið á betra verði!
SKOÐAÐU NÚNA
STÓRA BÓNUS
TILBOÐBLAÐIÐ MEÐ
FERÐAVÖRUNUM
Á NETINU:
www.bonus.is
598
KR.3 PK
GÓU ÞRENNAN: PRINS - ÆÐI OG HRAUN BITAR = 199 KR. PAKKINN !
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gegnsæi ríki í ráðningum í opinber störf:

## Pólitísk ráðning eða fagleg

Tengsla- og greiðaráðningar í opinberri stjórnsýslu eru henni til vansa. Þær hafa þó tíðkast hér á okkar litla landi og tíðkast enn. Velta má fyrir sér hversu mörg við þurfum að verða hér á Íslandi til þess að hægt verði að byggja hér upp alvöru faglegt ráðningarferli í öll opinber störf sem lögð eru upp með þeim hætti að ráða eigi í þau á faglegum forsendum.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Eftir langt skeið skeið hægristjórnar á Íslandi með tilheyrandi ráðningum á vildarvinum um alla stjórnsýslu og dómskerfi voru margir vinstrimenn svo bláeygir að halda að þegar vinstristjórn tæki við völdum þá myndi kaflanum um tengsla- og greiðaráðningar í stjórnsýslusögunni ljúka, að minnsta kosti í bili. Það fór þó ekki svo þótt vera kunni að tengslaráðningarnar séu ekki alveg eins blygðunarlausar og áður. Um þetta tala mörg dæmi og sum splunkuný.

Það er alls ekki skrýtið þegar ný pólitísk öfl taka við völdum að stjórnmálafólk, ráðherrar og sveitarstjórnarfólk til dæmis, vilji velja með sér fagfólk, fólk sem það þekkir og treystir. Það er hins vegar ámælisvert þegar hlutirnir eru ekki kallaðir réttum nöfnum. Öllum á að vera ljóst hvaða stöður eru pólitískar stöður og hvaða stöður eru það ekki og ráðningarferlið í stöðurnar á að vera í samræmi við það.

Aðstoðarmenn ráðherra eru pólitískt ráðnir. Það er öllum ljóst og ekki umdeilt. Þeir hverfa svo á braut um leið og ráðherrarnir. Hugsanlega er vilji fyrir því að fjölga slíkum pólitískum embættismönnum í stjórnsýslunni en ef það er gert þá verða stöðurnar að vera skilgreindar þannig og þeir sem þeim gegna að yfirgefa póstana um leið og ráðherrann.

Það sjónarspil sem tíðkast í stjórnsýslunni, bæði hjá ríki og sveitarfélögum, að auglýsa starf eins og ráða eigi í það faglega en ráða svo á forsendum sem eru það greinilega ekki er óþolandi. Enginn á að þurfa að taka þátt í þeim leik, að sækja um starf sem auglýst er á faglegum forsendum og halda að hann komi til greina eins og hver annar umsækjandi en vakna svo upp við það að ráðið hafi verið pólitískt í starfið.

Þarna má allt eins nefna dæmi úr sveitarstjórnargeiranum eins og frá ríkinu. Sveitarstjórnum er frjálst að ráða sveitarstjóra pólitískt. Sumar hafa þó kosið að auglýsa stöðurnar eins og ráða ætti í þær faglega en gengið svo fram hjá öllum umsækjendum og ráðið pólitískt á endanum. Þetta er dæmalaus vanvirðing við umsækjendur um starf.

Kjarni málsins er gagnsæi. Hvert starf í stjórnsýslunni verður að vera skilgreint þannig að ef það á að vera faglegt og ópólitískt þá sé ráðið í það með þeim hætti og ráðningin sé þá í höndum faglegrar valnefndar. Ráðið er í slíkar stöður til mislangs tíma sem skilgreindur er fyrirfram, jafnvel æviráðið eins og enn tíðkast um einhver embætti. Um pólitískar stöður gegna svo allt aðrar reglur. Í þær er handvalið út frá allt öðrum forsendum.

Klisjan um nýja Ísland, og það hvað við viljum sjá þar, er kannski orðin margþvæld. Ógagnsæjar tengsla- og greiðaráðningar eru samt áreiðanlega ekki meðal þess sem þorri fólks æskir að við tökum með okkur frá gamla Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enginn vafi

Hafi það velkst fyrir einhverjum hver beri ábyrgð á rækjuveiðum á Íslandi voru öll tvímæli tekin af um það í fréttum RÚV á þriðjudag. Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra ákvað á dögunum að gera veiðar á úthafseyjum frjálsar. Samkvæmt lögfræðiáliti má hann ekki takmarka veiðarnar, því þá væri hann að setja kvóta og yrði að útdeila honum samkvæmt lögum.

### Mikil ábyrgð

Spurður um hvernig hann myndi koma í veg fyrir ofveiði á rækju svaraði Jón í fréttum RÚV að hann bæri ábyrgð á málaflokknum og myndi fylgjast með veiðunum. Og til að það færi ekki á milli mála endurtók hann sama svar fimm eða sex sinnum. Mikil er ábyrgð Jóns Bjarnasonar.



### Vammlaus

Undarlegt er að fylgjast með sumum fjölmiðlum hneykslast á því að Elías Jón Guðjónsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, hafi lekið upplýsingum í blaðamann. Eyjan fullyrðir til dæmis að Elías Jón hafi reynt að „rugla umræðuna" og „afvegaleiða fjölmiðla". Hvernig þá? Eyjunni ritstýrir Þorfinnur Ómarsson. Hann var upplýsingafulltrúi í viðskiptaráðuneytinu í fyrra. Ætli það hafi aldrei gerst að hann hafi reynt að „rugla umræðuna" með því að gauka að blaðamönnum punktum sem honum þóttu fréttnæmir?



bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# ESB eflir íslenska menningu

Evrópumál

Baldur Þórhallsson
prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

Eitt mikilvægasta verkefni hverrar þjóðar er að standa vörð um menningu sína og hefðir. Okkur Íslendingum hefur tekist vel til hvað þetta varðar en betur má ef duga skal í síbreytilegum heimi.

Íslensk menning er evrópsk menning og hefur verið það allt frá því að land byggðist. Áhrif annarra heimshluta á hefðir okkar og menningu voru hverfandi allt þar til bandarískur her steig hér á land. Amerísk áhrif hafa þó aldrei náð að yfirskyggja evrópska menningararfleifð okkar. Hvert sem litið er blasa við evrópsk menningaráhrif. Þetta á til dæmis við um bókmenntir, leiklist, kvikmyndagerð, sjónvarps- og útvarpsefni, trúmál, íþróttir og tónlist.

> Þátttaka í menningaráætlunum ESB í gegnum EES hefur styrkt íslenska menningu. Fjöldi menningarstyrkja sem landsmönnum hefur hlotnast á öllum þessum sviðum ber þessu vitni.

Þátttaka í menningaráætlunum ESB í gegnum EES hefur styrkt íslenska menningu. Fjöldi menningarstyrkja sem landsmönnum hefur hlotnast á öllum þessum sviðum ber þessu vitni. Útkoman er öflugra menningarlíf þar sem íslensk þekking og hefðir hafa fengið að njóta sín.

Eitt af markmiðum Evrópusamvinnunnar er að styrkja menningu þjóða Evrópu. ESB stuðlar til dæmis að eflingu allra tungumála og viðhaldi gamalgróinna hefða meðal þjóða sambandsins. Evrópsk menning byggir á virðingu fyrir frelsi og frumkvæði einstaklinga og þjóða.

Eitt öflugasta tæki sem við Íslendingar höfum til að efla enn frekar menningu okkar er að taka virkari þátt í starfi ESB. Þannig náum við að styrkja íslenska menningu enn frekar. Nú er lag.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Mel Brooks og bankarnir

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
Prófessor

Ég var að kaupa í matinn með konu minni, sem væri nú varla í frásögur færandi nema fyrir það, að ég sá kunnuglegan, lágvaxinn mann grúfa sig yfir grænmetisborðið og sagði við Önnu: Bíddu við, er þetta ekki Mel Brooks? Við heilsum upp á hann, sagði Anna.

Þetta var í New York, nánar tiltekið á Madison Avenue, ofarlega. Ég renndi mér upp að Hollywood-leikstjóranum, kynnti mig og sagði sem satt var, að við hefðum séð söngleikinn hans á Broadway kvöldið áður. Gleður mig, sagði hann. Hann var risinn upp úr grænmetinu og náði mér í öxl. Við skemmtum okkur konunglega, bætti ég við, en mér fannst myndin samt enn betri. Ég sá hana oft í gamla daga. Þá sagði Mel: Söngleikurinn er góður. Og myndin er góð. They are both good. Ég er að hugsa um að gera nýja mynd upp úr söngleiknum. Ég óskaði honum góðs gengis. Við kvöddumst með virktum.

Kannski hefði ég ekki átt að segja honum, að ég tæki gömlu myndina fram yfir söngleikinn, því að slíkur samanburður minnir mig alltaf á manninn, sem sá *Boðorðin tíu* í bíó og fannst bókin betri. Og þó: kannski átti ég einmitt að láta það flakka, ef það mætti verða til að brýna hann til að skerpa aðeins á söngleiknum í nýrri bíómynd. Hún kom út nokkru síðar (2005) með tuttugu lögum eftir Mel sjálfan og slær fyrri myndinni við og einnig söngleiknum.

**Hugljómun endurskoðandans**

Ég er að tala um *The Producers* (*Framleiðendurnir*). Þar segir frá söngleikjaframleiðandanum Max Bialystock, sem má muna sinn fífil fegri, og örvæntingarfullum endurskoðanda hans, Leo Bloom. Þeir eru báðir á hvínandi kúpunni, nema þá fær endurskoðandinn hugljómun. Við skulum setja upp versta söngleik í samanlagðri sögu leikhússins, segir hann uppnuminn, afla fjár með því að lokka gamlar konur til að fjárfesta í sýningunni miðað við tiltekinn sýningafjölda, loka strax eftir frumsýningu og stinga af til Brasilíu með féð. Þeir leita síðan uppi langversta handritið í borginni (*Vorboðinn Hitler*), velja versta leikstjórann, verstu leikarana, versta ljósameistarann, bjóða gagnrýnendum blaðanna mútur og þannig áfram. Ekki tekst þó betur til en svo, að sýningin slær í gegn strax á frumsýningu, svo að ránstilraun þeirra félaga fer út um þúfur, þeir fara í fangelsi og setja upp nýjan söngleik þar. Þessi hugmynd var glæný: að græða á því að tapa. Tær snilld. Kannast einhver við það?

**Fyrirboði bankarána**

Fyrri myndin kom út 1968. Mel Brooks fékk Óskarsverðlaun fyrir handritið. Myndin vakti strax athygli og æ síðan. Svo virðist sem stjórnendur fjölmargra sparisjóða í Kaliforníu og Texas hafi séð myndina og lagt saman tvo og tvo. Ef þetta er hægt í Hollywood, hví þá ekki einnig í bankarekstri? Sparisjóðastjórarnir fóru að eins og Bialystock og Bloom. Þeir bjuggu til verstu sparisjóði í heimi, keyrðu þá í þrot og rökuðu í millitíðinni saman fé handa sjálfum sér og vinum sínum, en hluthafar, lánardrottnar og skattgreiðendur sátu eftir með sárt ennið. Bandaríska réttarkerfið sá við svindlinu. Á annað þúsund bankamanna fékk dóma, margir voru settir inn. Hátt settir stjórnmálamenn, sem höfðu gengið erinda sökudólganna og þegið fúlgur fjár af þeim, hrökkluðust úr embættum og frá völdum, þar á meðal Jim Wright, forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings. Aðrir fengu áminningu siðanefndar þingsins fyrir lélega dómgreind, þar á meðal John McCain, fyrrum forsetaframbjóðandi.

> Sparisjóðastjórarnir fóru að eins og Bialystock og Bloom. Þeir bjuggu til verstu sparisjóði í heimi, keyrðu þá í þrot og rökuðu í millitíðinni saman fé handa sjálfum sér og vinum sínum, en hluthafar, lánardrottnar og skattgreiðendur sátu eftir með sárt ennið.

**Fjórþætt formúla**

Bandaríski afbrotafræðingurinn og prófessorinn William Black, sem er Íslendingum að góðu kunnur úr Silfri Egils og einnig af fyrirlestrum í Háskóla Íslands, hefur á prenti lýst formúlunni á bak við bankarán innan frá og einnig í vitnisburði í Bandaríkjaþingi og í réttarsölum. Formúlan er fjórþætt. (1) Vaxa mjög hratt. (2) Veita vond lán, það er lán, sem ekki er búizt við, að fáist endurgreidd. (3) Safna himinháum skuldum. (4) Hafa sem minnst fé í varasjóði.

Þetta er í hnotskurn lýsingin á starfsemi brotlegra sparisjóða í Kaliforníu og Texas fram að falli þeirra á árunum upp úr 1980. Stjórnendur sparisjóðanna græddu á tá og fingri og einnig stjórnmálamennirnir, sem skutu þeim undan eftirliti og fengu vænar fúlgur fjár í sinn hlut. En hluthafar og lánardrottnar sparisjóðanna töpuðu sínu fé, og skattgreiðendur fengu skell. Fólkið í landinu þurfti að borga brúsann. Handritið kemur beint frá Mel Brooks. Af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að dæma virðast lýsingar þeirra Blacks og Brooks að sínu leyti eiga við um íslenzku bankana fram að hruni. Eða hvað sýnist þér?

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Að hengja bakara fyrir smið

Lyfjaverð

Ólöf Þórhallsdóttir
markaðsstjóri Actavis á Íslandi



Því hefur verið haldið fram í fjölmiðlum að undanförnu að Actavis hafi hækkað lyfjaverð í skjóli „einokunaraðstöðu“. Þetta er rangt.

Í fyrsta lagi er Actavis ekki í einokunaraðstöðu á Íslandi, því fer fjarri. Íslenski lyfjamarkaðurinn er opinn og markaðshlutdeild Actavis á Íslandi var 35% í magni en 13% í verðmæti árið 2009. Á Íslandi hafa tugir lyfjafyrirtækja markaðsleyfi.

Dæmi hafa verið nefnd sem sögð eru varpa ljósi á málið. Skoðum staðreyndirnar.

Lyfið Kínín var framleitt í elsta hluta lyfjaverksmiðju Actavis í Hafnarfirði, sem nú hefur verið lokað. Það var kominn tími á endurnýjun og ekki annað að gera en að færa framleiðsluna. Í staðinn er komið sambærilegt lyf frá Actavis sem framleitt er í Bretlandi. Það er rangt að lyfið frá Actavis sé nú dýrara en áður, þvert á móti er hver tafla ódýrari í heildsölu frá Actavis. Það hefur nefnilega gleymst í umræðunni að Actavis selur ekki lyf í smásölu og hefur ekkert með smásöluálagninguna að gera.

**Sama heildsöluverð og á Norðurlöndum**

Heildsöluverð á Íslandi miðast almennt við meðalverð á Norðurlöndum, en verðið er háð samþykki Lyfjagreiðslunefndar. Kínín, sem er notað við malaríu og sinadrætti, er raunar ekki á markaði í Danmörku, Finnlandi eða Noregi. Í Svíþjóð, þar sem lyfið er þó á markaði er heildsöluverðið hærra en á Íslandi.

Misskilnings hefur gætt í umræðunni sem virðist vera vegna breytinga á reglum um smásöluálagningu sem tóku gildi 1. janúar 2009. Vegna þessara breytinga kemur í mörgum tilfellum fram hækkun til sjúklings, en hún er hvorki af völdum verðhækkunar hjá Actavis né rennur hún til fyrirtækisins.

**Smásöluálagning breytir myndinni**

Í stuttu máli er álagningu í smásölu þannig háttað að 9% leggjast á heildsöluverð, þá 699 kr. á hvern pakka og loks virðisaukaskattur. Þannig kostar 28 stk. pakkning af Amitryptiline frá Actavis 10 mg nú 195 kr. í heildsölu frá Actavis, en 1.144 kr. í smásölu (195 + 9% + 699 + 25,5% vsk). Áður var einnig á markaði 100 stk. pakkning, en hún hefur ekki verið fáanleg frá verksmiðjunni erlendis. Tekið hefur verið dæmi um verðbreytingu á þessu lyfi, þar sem afgreiddar eru 4x28 stk. pakkningar, í stað einnar 100 stk. pakkningar áður. Vegna fyrrgreindra breytinga á smásöluálagningunni fær apótekið nú 2.866 krónur og virðisaukaskatturinn til ríkisins er 930 kr.

> Heildsöluverð á Íslandi miðast almennt við meðalverð á Norðurlöndum, en verðið er háð samþykki Lyfjagreiðslunefndar.

Í þessu tilfelli hefur Actavis tekist að fá 100 stk. pakkningar á nýjan leik og munu þær koma á markað í lok árs, en sum þeirra lyfja sem um ræðir eru notuð í það litlu magni að ekki er hægt að fá sérstakar pakkningastærðir fyrir Íslandsmarkað.

Actavis hefur þurft að færa framleiðslu 27 lyfja með þessum hætti síðan 2008. Þau voru framleidd í elsta hluta verksmiðjunnar þar sem komið var að miklum endurbótum. Þess vegna var óhjákvæmilegt að færa framleiðsluna. Hagkvæmast fyrir alla aðila var að gera það með þeim hætti sem valinn var. Actavis hefur leitað allra leiða til að finna sömu lyf í sömu styrkleikum og pakkningum og hefur átt í góðu samstarfi við Lyfjastofnun vegna þessa. Í einhverjum tilfellum hefur heildsöluverðið hækkað, en verð hvers lyfs er eftir þessar breytingar miðað við meðalverð á Norðurlöndum. Rétt er að árétta að þessi 27 lyf frá Actavis eru aðeins 15% af þeim lyfjum sem afskráð hafa verið á Íslandi á sama tíma. Þau lyf hafa önnur lyfjafyrirtæki afskráð. Vöruframboð allra lyfjafyrirtækja er í stöðugri endurskoðun og þróun, eftir því sem ný lyf koma á markað.

**Nýtt samheitalyf á mánaðarfresti**

Það eru fjöldamörg dæmi um samheitalyf frá Actavis sem hafa sparað sjúklingum og skattborgurum mikla peninga. Það mætti til dæmis nefna þunglyndislyfið Esopram, til að taka nýlegt dæmi. Verðmunur á algengustu pakkningunni miðað við frumlyfið er 103%. Þar munar tæpum 5.000 krónum í heildsölu hvað samheitalyfið frá Actavis er ódýrara en frumlyfið.

Actavis leggur áherslu á að bjóða hágæða samheitalyf á sanngjörnu verði. Mörg þau nýjustu eru framleidd í verksmiðjunni í Hafnarfirði og skapa hundruð starfa í íslensku samfélagi. Þeim störfum hefur fjölgað um 500 á undanförnum áratug, og fjölgar enn. Íslendingar fá oft ný samheitalyf á undan nágrannalöndunum, en að jafnaði kemur eitt nýtt samheitalyf á markað frá Actavis á Íslandi á mánuði. Verð nýrra lyfja frá Actavis er við markaðssetningu að meðaltali þriðjungi lægra en verð frumlyfsins sem fyrir er á markaði.

Actavis lítur björtum augum til framtíðar á Íslandi, hér eru spennandi þróunarverkefni í vinnslu, framleiðslugetan að aukast og ýmis tækifæri í lyfjaiðnaði sem stjórnvöld gætu mögulega nýtt betur.

**AF NETINU**

**Embætti talsmanns kúlulánaþega**

Það vakti athygli margra þegar embætti Umboðsmanns skuldara var stofnað að Runólfur Ágústsson skyldi ráðinn í embættið í stað Ástu Sigrúnar Helgadóttur. [...] Nú veit ég ekki hvort aðrir umsækjendur um embætti Umboðsmanns skuldara hafi allir fengið afskrifuð kúlulán. Kannski er svo ílla komið fyrir íslenskri embættismannastétt og stjórnmálaelítu að það er ekki hægt að finna fólk sem ekki tók virkan þátt í því hlutabréfabraski og kúlulánafyllerii sem leiddi til hruns fjármálakerfisins.
En það hlýtur að vera lágmarkskrafa að Umboðsmaður skuldara sé ekki úr þessum flokki. Runólfur er ábyggilega hæfileikaríkur og vænn maður. Kúlulán hans og hlutabréfabrask eiga ekki endilega að gera hann útlægan úr opinberu lífi. Það virðist t.d. vera almennt ásættanlegt að kúlulánaþegar sitji í skilanefndum fjármálafyrirtækja. En það hlýtur að teljast óheppilegt að skipa mann með þesskonar bakgrunn „Umboðsmann skuldara“.

http://blog.eyjan.is/freedomfries/

**Magnús Sveinn Helgason**

NÚTÍMALIST

Verið velkomin á opnun sýningar á olíumálverkum **Karólínu Lárusdóttur** fimmtudaginn 29. júlí kl. 17:00 í Nútímalist Skólavörðustíg 3A.

Sýningin stendur til 13. ágúst

hægt er að nálgast myndir af verkunum á facebook undir nútímalist

Nútímalist
Skólavörðustíg 3A
101 Reykjavík
sími 552 2060
820 4729



# Bakþankar Davíðs Þórs Jónssonar

**Íslenskt mál**

Valgerður Þóra Benediktsson
rithöfundur



Davíð Þór Jónsson skrifar í Bakþanka blaðsins sem hann kallar „Norðlenska hljóðvillan I“ laugardag 24. júlí. Í fyrstu hefur hann upp til skýjanna að Íslendingar hafi staðið sig „allvel í varðveislu tungunnar“. Hann skrifar að með vitundarvakningu hafi tekist „að útrýma flámæli á sínum tíma með því að spotta það og hæða“.

Þvílíkt bull! Davíð Þór þyrfti að búa í Austur-Noregi, þaðan sem flestir Norðmennirnir komu sem fluttust til Íslands fyrr á öldum. Þar tala Norðmenn nákvæmlega enn þann dag í dag sama málið og norsku innflytjendurnir til Austfjarða Íslands töluðu fyrrum. Og þar er það mál hvorki hætt né spottað, heldur talað og er þeirra upprunalega og virðulegasta tungumál sem er talað í Austur-Noregi. Þetta er sama tungumálið sem fólkið á Austfjörðum talar. Þar segir fólk nefnilega „me“ og „de“ þegar þeir sem eru ættaðir frá Austfjörðum á Íslandi segja „meg“ og „þeg“.

Það eru að sjálfsögðu ótal orð önnur sem tengjast þessu tungutali í Noregi og Íslandi. Í Noregi er þetta tungumál heilu byggðarlaganna og því verður ekki útrýmt með spotti og háði. Ég var kennari í Austur-Noregi í 10 ár og skildi af hverju konan í Reykjavík, sem bjó í næsta húsi við mig, sagði meg og þeg og fleiri austfirsk orð, sem mér fannst svo falleg og vissi strax að var upprunalegt tungumál. Þetta var auðheyrilega málið sem þessi vinkona mín hafði talað alla ævi. Hún er nefnilega ættuð frá Eskifirði á Austfjörðum þar sem fólkið talar austfirskuna sína í friði fyrir Davíð Þór. Á Austfjörðum bjuggu flestir Íslendingar frá fyrstu tíð og þetta voru auðvitað allt verkafólk, mikið sjómenn og unnu allt það sem tengdist fiskveiðum. Þar voru að sjálfsögðu bændur líka og fleiri stéttir fólks. Á suðurhorni Íslands, sem tengdist skipakomum og verslun, var fljótt töluð íslenska blönduð dönskum og enskum slettum og meiri latmælska en tíðkaðist á landsbyggðinni. Þarna sem verslunin tíðkaðist mest af öllu var, eins og tíðkast mikið enn þann dag í dag, litið niður á fiskverkunarfólk sem oft lyktar af fiski. Það hefur löngun verið litið niður á verkafólk í Reykjavík, sérstaklega ef það talar ekki dönsku- og enskuskotna reykvísku. Austfirskan mun aldrei mást úr íslenskri tungu, hún er upprunalegt mál fólksins sem byggði firðina á Austurlandi og ég held það sé mál til komið að setja ofan í við hálærða guðfræðinga eins og Davíð Þór Jónsson sem finnst best að spotta og hæða fólk.

Þá ætlar Davíð Þór að „útrýma með sama hætti hinni hvimleiðiu norðlensku hljóðvillu,“ sem hann meðal annars skrifar að „einkennist af meiri fábreytni málhljóða en íslensku er sæmandi“. Hvernig orðin „stúlka“, „lampi“ og „mennt-un“ er sögð fyrir norðan er fallegri og festulegri framburður en tíðkast í sunnlenskunni. Ég átti því láni að fagna að dvelja með börnum mínum á unga aldri á sumrin á sveitabæ í Eyjafirði og þar var töluð falleg norðlenska með sínum fagra hljómburði. Einnig talaði fólkið hægar og gaf sér meiri tíma í að tala fyrir bragðið. Ég minnist þess alltaf þegar við komum suður til Reykjavíkur hve það var hræðilegt að heyra ungmennin tala saman oft hratt og því óskýrt og því erfitt að skilja þau. Við áttum svo góðu að venjast eftir að tala alla daga við eyfirskt bændafólk.

# Leikur að eldi?

**Lyfjagjöf við ofvirkni**

Gylfi Jón Gylfason
yfirsálfræðingur Reykjanesbæ



Ofvirkni eða ADHD er kvilli sem hrjáir um það bil 5% þjóðarinnar. Einkennin lýsa sér fyrst og fremst í skorti á einbeitingu, óhóflegri hvatvísi og meiri hreyfiþörf en almennt gerist. Afleiðingarnar, sé ekki veitt viðeigandi meðferð geta verið hrikalegar, t.d. er einstaklingum með ADHD er hættara en öðrum til að leiðast út í misnotkun af ýmsu tagi, þeir flosna oft upp úr námi og eiga í ýmsum erfiðleikum í einkalífi sem rekja má beint og óbeint til ofvirknieinkennanna.

Flest þau lyf sem gefin eru ofvirkum, bæði fullorðnum og börnum, innihalda virka efnið methylphenidate, þessi lyf eru seld hér á landi undir vörumerkjunum Concerta, Ritalin Uno og Ritalin. Ritalin heyrir raunar sögunni til. Næstum öll börn og fullorðnir með ADHD sem undirritaður þekkir hér á landi eru á tveimur fyrstnefndu lyfjunum eða lyfinu Strattera.

Notkun þessara lyfja hefur aukist hér á landi líkt og annars staðar í hinum vestræna heimi. Þeim er ávísað í kjölfar vandaðrar greiningar sem fer fram í samstarfi sálfræðinga og lækna. Mesta aukningin á lyfjagjöf stafar af því að í ljós hefur komið að einnig er þörf á lyfjagjöfinni á fullorðinsárum hjá um það bil 40% þeirra sem fá greininguna á barnsaldri. Einnig eru vísbendingar um að ofvirkum sé að fjölga en ekki er vitað hvers vegna. Sennilegt er að lyfjagjöfin sé m.a. að aukast vegna þess að æ fleiri fara eftir því sem ráðlagt er, það er vitað út frá fræðunum að bestur árangur næst í meðferð ofvirkra þegar beitt er samhliða markvissum uppeldisaðferðum, sem kennd hafa verið þúsundum íslenskra foreldra og kennara á uppeldisnámskeiðum, og hins vegar viðeigandi lyfjameðferð.

Áhrifin af lyfjagjöfinni á einstaklinga með ADHD eru skýr og óumdeild: Í 60-80% tilfella dregur úr hvatvísi og ofvirkni samhliða því að einbeiting eykst. Fyrir börn á grunnskólaaldri með ADHD á viðeigandi lyfjameðferð þýðir þetta á mannamáli að þeim vegnar betur í námi, gengur betur félagslega og minni hætta er á því að þau leiðist út slæman félagsskap og fíkniefnamisnotkun.

Þegar talað er illa um lyfjameðferð er því gjarna haldið á lofti að þar sem fíklar misnoti ofvirknilyf hljóti börn og aðrir sem eru á lyfjunum að verða fíklar líka og að stórhættulegt sé þess vegna að gefa börnum lyfin. Þetta er hin mesta firra. Viðeigandi lyfjameðferð veldur einfaldlega ekki fíkn hjá börnum og fullorðnum með ADHD. Rannsóknir sýna einmitt að minni hætta er á því að einstaklingur með ADHD og ofvirkniefnum að bráð fái hann viðeigandi lyfjameðferð.

Ýmsir sértrúarsöfnuðir og baráttuhópar hafa barist gegn lyfjameðferð við ofvirkni. Áhrif þessara hópa voru mikil um tíma á Norðurlöndum en dregið hefur úr þeim eftir að í ljós kom að rök þeirra voru að litlu leyti byggð á vísindalegum grunni. Börnum sem fá viðeigandi lyfjameðferð við ofvirkni fjölgar því hratt á Norðurlöndum. Nefna má í þessu sambandi að öll landssamtök foreldrafélaga ofvirkra barna í hinum vestræna heimi eru fylgjandi lyfjagjöf við ofvirkni.

Eftir lestur hundraða vísindagreina um efnið og eftir að hafa starfað með hundruðum foreldra og kennara ofvirkra barna er það niðurstaða undirritaðs að lyfjameðferð við ofvirkni eigi svo sannarlega rétt á sér, það er alls ekki verið að leika sér að eldi með lyfjagjöfinni. Þvert á móti eykur lyfjagjöfin líkurnar á því að einstaklingnum vegni vel og hann nái að nýta sér vel þá hæfileika sem í honum búa. Hitt er svo annað mál að bestur árangur næst með því að búa einnig vel að barninu á heimili og í skóla og mikilvægt er að sparnaður í skólakerfinu og stuðningi við foreldra á krepputímum bitni ekki á ofvirkum börnum. Bestur árangur næst sé markvissum uppeldisaðferðum beitt samhliða viðeigandi lyfjameðferð.




# Villandi umfjöllun Morgunblaðsins

**Auglýsingamarkaður**

Einar Bjarnason
framkvæmdastjóri markaðsstjóri 365 miðla og fyrrverandi kynningarstjóri DR1 og DR2 í Danmörku



Í fréttaflutningi Morgunblaðsins að undanförnu um (sjónvarps)auglýsingar fyrirtækja Haga á sjónvarpsstöðvunum hefur verið gefið í skyn að Hagar noti 95% af auglýsingafé sínu hjá Stöð 2.

Rétt er að samtals hafa Hagar fengið 89.058 sekúndur í birtingum á sjónvarpsmiðlum 365 frá áramótum og að 10-11 hafa fengið 67.609 sekúndur af þeim. En hefðu ekki einhverjar bjöllur átt að hringja hjá blaðamönnum Morgunblaðsins þegar þeir sáu hvað 10-11 var með stóran hluta af þessum birtingum? Nei, blaðið ákvað að keyra áfram fréttaflutninginn eins og ekkert hefði í skorist.

Hið rétta er að 10-11 er einn af styrktaraðilum enska boltans og fær þess vegna mjög mikið af birtingum fyrir lítið fé utan úndum. Í því tilviki eru hreinar auglýsingar Haga á fyrstu sex mánuðum ársins með eftirfarandi hætti í miðlunum: á RÚV eru 384 sek, á Skjá Einum eru 300 sek og á Stöð 2 eru 767 sek. Þannig að 53% auglýsinga eru á Stöð 2, 26% á RÚV og 21% á Skjá Einum. Það er síðan annað mál að sekúndur eru ekki áreiðanlegasti mælikvarðinn því að þær eru á mjög misjöfnu verði.

Auglýsendur á Stöð 2 eru að sækjast eftir eftirsóknarverðasta markhópi landsins. Sá helmingur þjóðarinnar sem býr á áskriftarheimilum ver 67% meiri tíma við sjónvarpið en hinn helmingurinn, þannig að auðvelt er að ná til þeirra um miðilinn. Það þarf hins vegar að gerast að miklu leyti í gegnum Stöð 2, þar sem áskrifendur verja yfirgnæfandi hluta „sjónvarps“tíma síns í áhorf á hana. Þessi helmingur þjóðarinnar hefur um 12% hærri ráðstöfunartekjur að meðaltali en hinn helmingurinn.

Fréttamenn Morgunblaðsins vilja sjálfsagt stunda fagleg vinnubrögð, en sá samanburður sem þeir hafa gert á sjónvarpsauglýsingum endurspeglar ekki

> Fréttamenn Morgunblaðsins vilja sjálfsagt stunda fagleg vinnubrögð, en sá samanburður sem þeir hafa gert á sjónvarpsauglýsingum endurspeglar ekki veruleikann

háannatíma á öllum stöðvum, hið sama gildir um önnur fyrirtæki sem auglýsa hjá miðlunum. Mikið er um endursýningar á stöðvum okkar utan háannatíma og þó að það sé fyrst og fremst hugsað sem þjónusta við áskrifendur, þá gagnast þessar endursýningar auglýsendum um leið, því að auglýsingarnar eru jafnframt endursýndar með þessum þáttum af tæknilegum ástæðum. Margar af auglýsingasekúndunum, sem Morgunblaðið reiknar Högum, birtast því allan sólarhringinn í endursýndu efni á sportstöðvunum.

Þess vegna er ekki hægt að stilla upp sjónvarpsstöð eins og RÚV, sem er með takmarkaðan útsendingartíma á einni stöð, andspænis mörgum stöðvum sem senda út margfalt lengur og nota síðan sekúndur sem mælikvarða. Það skekkir myndina.

Það er eðlilegri samanburður að taka Stöð 2 eina og sér og bera saman við RÚV og Skjá Einn á lykiltíma sem er á milli kl. 18 og 23 á kvöldin. Þá fyrst er orðið raunhæft að bera saman auglýsingatíma í sekveruleikann. Þá er ónefnd framsetning Morgunblaðsins á tölum sem varða auglýsingar í dagblöðum en ekki er rúm til að fara nánar út í það hér.

Athugasemd greinarhöfundar: *Óskað var eftir að þessi grein fengist birt í Morgunblaðinu vegna þess að í henni er brugðist við villandi fréttaflutningi þess blaðs. Í svari ritstjóra Morgunblaðsins til greinarhöfundar segir að við því verði ekki orðið þar sem greinin sé hluti af auglýsingaherferð 365 miðla og önnur grein hafi borist um sama efni (sem ekki birtist heldur). Sú grein og auglýsingar 365 miðla hafa hins vegar beinst að því að leiðrétta villandi umfjöllun Morgunblaðsins um auglýsingar á prentmarkaði en ekki auglýsingar í sjónvarpi eins og umfjöllunarefni þessarar greinar. Undirritaður verður að draga þá ályktun að Morgunblaðið treysti sér einfaldlega ekki til að birta greinar sem afhjúpa þá bjögun í framsetningu sem blaðið heldur að lesendum sínum, þegar hagsmunir þess sjálfs eiga í hlut.*

TEKJUBLAÐIÐ - TRYGGÐU ÞÉR EINTAK! AÐEINS SELT Í 12 DAGA!

# FRJÁLS VERSLUN

# TEKJUBLAÐIÐ




## TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

**Takmarkað upplag - aðeins selt í 12 daga***

*skv. ákvörðun Tölvunefndar

FRJÁLS VERSLUN | www.heimur.is | Áskriftarsími 512-7575 | heimur

# KRÓNAN

# ÓDÝRT Á GRILLIÐ

## FYRIR VERSLUNARMANNAHELGINA



50% afsláttur

1299 kr. kg

Verð áður ~~2598~~ kr./kg

Grísalundir, erlendar



50% afsláttur

999 kr. kg

Verð áður ~~1998~~ kr./kg

Grísakótilettur, lúxus, beinlausar, erlendar



50% afsláttur

1749 kr. kg

Verð áður ~~3498~~ kr./kg

Ungnauta piparsteik, dönsk



ÓTRÚLEGT VERÐ!

749 kr. kg

Verð áður 1498 kr./kg

Grísakótilettur, magnpakkning



20% afsláttur

2998 kr. kg

Verð áður ~~3798~~ kr./kg

Lamba Rib-Eye



1298 kr. kg

Grísaspjót, hvítlauks/rósmarín og New York marinerað




1598 kr. kg

Krónu kjúklingabringur



Ódýrt!

998 kr. kg

Lambalæri, frosið




298 kr. kg

Goða svið, frosin

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl     EXPO • www.expo.is

KRÓNAN

Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

**Opnunartímar í Krónunni um verslunarmannahelgina • www.kronan.is**

| Krónan Akranesi | Krónan Árbæ | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut |
|---|---|---|---|---|
| alla daga 10-19<br>Lokað mánud. 2.ág. | virka daga 11-21<br>helgar 10-21<br>Lokað mánud. 2.ág. | virka daga 11-21<br>lau. 11-21 sun.12-21<br>Lokað mánud. 2.ág. | alla daga 10-19<br>Lokað mánud. 2.ág. | alla daga 11-21<br>Lokað mánud. 2.ág. |




| Krónan Höfða | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reyðarfirði | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum |
|---|---|---|---|---|---|---|
| virka daga 11-19<br>lau. 10-19 sun. 11-19<br>Lokað mánud. 2.ág. | alla daga 10-20<br>Opið mánud.<br>2. ág. 10-19 | alla daga 10-20<br>Opið mánud.<br>2. ág. 10-19 | mán.-fim. 11-18<br>fös. 11-19<br>lau. 11-17 sun.12-16<br>Lokað mánud. 2.ág. | virka daga 11-21<br>helgar 10-21<br>Opið mánud.<br>2. ág. 10-19 | virka daga 10-20<br>helgar 10-19<br>Opið mánud.<br>2. ág. 10-19 | virka daga 11-19<br>lau. 11-18 sun. 11-16<br>Opið mánud.<br>2. ág. 10-19 |

**BENITO MUSSOLINI FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Sósíalismi er svik, grín, tálsýn og fjárkúgun.“*

***Benito Amilcare Andrea Mussolini (1883-1945) var ítalskur stjórnmálamaður, kenningasmiður ítalska fasismans og loks einræðisherra sem ríkti yfir Ítalíu milli 1922–1943. Innrás bandamanna á Suður-Ítalíu varð til þess að hann missti völdin og var tekinn af lífi af flokki ítalskra andspyrnumanna.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 29. JÚLÍ 1985

## Kirkja til minnis um Þorlák helga



Þorlákur Þórhallsson (1133–1193) var prestur í Kirkjubæ á Síðu en varð fyrsti príorinn í munkaklaustrinu í Þykkvabæ í Álftaveri árið 1168, sem þá var nýstofnað. Hann var kjörinn biskup á Alþingi 1174 en ekki vígður fyrr en í Niðarósi 2. júlí 1178 og varð þá biskup í Skálholti.

Þorlákur fékk snemma á sig orð sem helgur maður sem gott var að heita á og voru honum eignuð ýmis kraftaverk og lækningar. Biskupinn var tekinn í dýrlingatölu og áheit á hann leyfð árið 1198. Jóhannes Páll II páfi útnefndi Þorlák verndardýrling Íslands 14. janúar 1985. Á þessum mánaðardegi sama ár var vígð kirkja í Þorlákshöfn í minningu biskupsins, fyrsta kirkjan þar síðan 1770.

Þess má jafnframt geta að Þorlákur helgi er verndari Kristskirkju í Reykjavík og á tvo messudaga á ári, Þorláksmessu á vetri, 23. desember og Þorláksmessu á sumri 20. júlí.

Heimild: www.wikipedia.org.

### MERKISATBURÐIR

1858 Japanar undirrita Harris-samkomulagið sem kveður á um vinskap og viðskipti við Bandaríkjamenn.

1907 Friðrik 8. Danakonungur heimsækir Ísland.

1934 Ríkisstjórn Hermanns Jónassonar tekur við völdum. Fjármálaráðherra er Eysteinn Jónsson og er hann yngstur allra sem gegnt hafa ráðherraembætti, 27 ára.

1957 Alþjóða kjarnorkumálastofnunin stofnuð af Sameinuðu þjóðunum.

1981 Karl Bretaprins og lafði Díana Spencer ganga í það heilaga.

AFMÆLI



**JOSH RADNOR** leikari er 36 ára.



**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** fjölmiðlakona er 38 ára.

*Minning*

## † Lára Böðvarsdóttir
f. 25. ágúst 1913 – d. 12. júlí 2010



Lára Böðvarsdóttir, Barmahlíð 54 í Reykjavík, fæddist á Laugarvatni þann 25. ágúst 1913, dóttir hjónanna Ingunnar Eyjólfsdóttur, húsfreyju (1873-1969), og Böðvars Magnússonar, bónda og hreppstjóra (1877-1966). Hún ólst þar upp í hópi 12 systkina: Ragnheiðar, Magnúsar, Arnheiðar, Laufeyjar, Hrefnu, Magneu, Hlífar, Sigríðar, Auðar, Önnu og Svanlaugar. Lára var sú níunda í röðinni. Eftirlifandi systur Láru eru Hlíf, f. 1909, og Svanlaug, f. 1918. Lára lést á dvalarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík þann 12. júlí s.l.

Lára nam við Héraðsskólann á Laugarvatni veturinn 1931-32 og við Kvennaskólann á Blönduósi veturinn 1934-35. Hún fluttist til Reykjavíkur árið 1936 og vann þar aðallega við afgreiðslustörf í verslunum og var um skeið verslunarstjóri hjá Mjólkursamsölunni í Reykjavík. Lára starfaði mikið að félagsmálum, einkum fyrir Kvenfélag Háteigssóknar; var þar 15 ár í stjórn, formaður um árabil og kjörin heiðursfélagi 1985. Lára lærði ung á píanó og orgel og lék iðulega á þessi hljóðfæri við kirkjuathafnir og á mannamótum. Einnig tók hún framan af virkan þátt í kórastarfi í Reykjavík.
Lára giftist þann 19. október 1940 Hauki Eggertssyni, f. 8. nóvember 1913 á Haukagili í Vatnsdal í Húnaþingi, syni hjónanna Ágústínu Grímsdóttur, húsfreyju (1883-1963), og Eggerts Konráðssonar, bónda og hreppstjóra (1878-1942). Haukur var útvarpsvirkjameistari að mennt og annar af stofnendum Viðtækjavinnustofunnar í Reykjavík og starfaði þar á árunum 1945-55. Hann var framkvæmdastjóri og einn af eigendum Pökkunarverksmiðjunnar Kötlu 1955-64. Árið 1957 stofnaði Haukur ásamt öðrum iðnfyrirtækið Plastprent og var síðar forstjóri og stjórnarformaður þess til ársloka 1988. Haukur lést árið 2006.
Lára og Haukur höfu búskap á Bárugötu 14 í Reykjavík, en fluttu síðar að Lokastíg 18. Árið 1948 fluttu þau í Barmahlíð 54; hús sem þau byggðu ásamt sveitungum og vinum, og bjuggu þar uns þau færðu sig yfir á Dvalarheimilið Hrafnistu í Reykjavík fyrir tæpum sex árum.

Börn Láru og Hauks eru 1) Eggert, viðskiptafræðingur, f. 1942, var kvæntur Sigríði Teitsdóttur, sérkennara, og eiga þau þrjú börn: a) Elín f. 1972, gift Adrian Rüther, b) Haukur f. 1975, c) Lára Bryndís f. 1979, gift Ágústi Inga Ágústssyni; 2) Ágústa, tónlistarkennari, f. 1945, gift Jónasi Ingimundarsyni, píanóleikara, og eiga þau þrjú börn: a) Haukur Ingi f. 1966, sambýliskona Anouk Petzoldt; b) Gunnar Leifur f. 1971, kvæntur Guðrúnu Blöndal, c) Lára Kristín f. 1981, sambýlismaður Tim Morrissey; 3) Böðvar Lárus, viðskiptafræðingur, f. 1946, d. 1987, kvæntur Ásu Guðmundsdóttur; sonur þeirra er Arnar Freyr f. 1981. Barnabarnabörn Hauks og Láru eru 9.

**Útför Láru fer fram frá Háteigskirkju í dag, fimmtudaginn 29. júlí, kl. 15.00.**




**FRAMKVÆMDASTJÓRN** Gunnar Smári Helgason heldur utan um Síldarævintýrið á Siglufirði og lofar góðri skemmtun. MYND/ÚR EINKASAFNI

SÍLDARÆVINTÝRIÐ Á SIGLUFIRÐI: HALDIÐ Í 20. SKIPTI

# Endalaust ævintýri á Siglufirði

„Við ákváðum að gera þetta veglegra nú heldur en áður og niðurstaðan var að stækka hátíðina, bæta við hana nokkrum dögum, svokölluðum Síldardögum, og fjölga skemmtilegum viðburðum,“ segir Gunnar Smári Helgason, framkvæmdastjóri Síldarævintýrisins á Siglufirði, sem er nú haldið í 20. skipti. Það hófst um síðustu helgi og lýkur um verslunarmannahelgina með pomp og prakt.

Siglfirðingar hafa haldið Síldarævintýri á Sigló frá 1991 til að minnast síldaráranna, blómaskeiðs í sögu bæjarins á 4. og 5. áratugnum sem var afleiðing mikilla síldveiða fyrir Norðurlandi sem hófust árið 1903. „Vegna góðrar staðsetningar, svo sem nálægðar við miðin, varð Siglufjörður helsti síldarbær landsins. Uppgangurinn var svo mikill að íbúafjöldinn margfaldaðist á sumrin þegar fólk kom hvarvetna að af landinu til að vinna í síldinni, fjöldi síldarbræðslna og söltunarstöðva tóku til starfa og hvorki meira né minna en sjö hattabúðir voru opnaðar líkt og í stórborg. Á þessum árum gat Alþingi ekki afgreitt fjárlögin fyrr en hægt var að reikna út tekjur af síldarútflutningi. Stundum var verðmæti hans yfir 20 prósent af öllum útflutningi Íslendinga.“

Gunnar segir að þessu blómaskeiði hafi svo lokið á 7. áratugnum en þá brást síldin mörg ár í röð og í kjölfarið tók íbúum að fækka. „En þótt síldin sé fyrir löngu farin er hér yndislegt að vera og maður sér ekkert nema tækifæri, enda staðsetningin frábær og höfnin góð. Ekki er lengra en til ársins 2006 að Siglufjörður og Ólafsfjörður voru sameinaðir í sveitarfélagið Fjallabyggð og síðan þá er búið að sameina grunnskólann og tónlistarskólann og kominn framhaldsskóli í Ólafsfirði. Fyrirtæki spretta upp eins og gorkúlur enda var kreppan hér ekki eins mikil og fyrir sunnan. Svo verður spennandi að sjá hvað gerist þegar göngin milli bæjanna verða opnuð núna í vetur og við fáum að upplifa sameininguna fyrir alvöru.“

Sjálfur settist Gunnar að á Siglufirði sama ár og sameining bæjanna tveggja gekk í gegn. Hann hafði áður búið í Reykjavík og saknar þess lítið. „Við skulum segja að ég hafi uppgötvað hvar Reykjavík er fallegust, en það var í baksýnisspeglinum þegar ég flutti hingað ásamt fjölskyldunni og tveimur hundum árið 2006,“ segir hann og hlær góðlátlega. Á Siglufirði hefur hann fengist við hugbúnaðargerð og hljóðvinnslu og unir hag sínum vel og tók svo að sér framkvæmdastjórn Síldarævintýrisins á Sigló í fyrra. Honum finnst gaman að takast á við þau verkefni sem því fylgir og lofar góðri skemmtun.

„Hingað til hefur þetta verið rosalega gaman og fólk streymir að eins og í miðbæ Reykjavíkur á sólskinsdegi,“ segir hann. „Sjálft Síldarævintýrið leysir svo síldardagana formlega af í kvöld og þá og næstu daga verður af nógu að taka; landsþekktir skemmtikraftar troða upp, dansleikir eru á dagskránni, unglingarnir geta sótt diskó í tjaldi og eitt og annað verður í boði fyrir yngstu kynslóðina, en sérstök áhersla verður lögð á útileiki í ár. Hápunktur ævintýrisins er svo um sjálfa verslunarmannahelgina en þá fara meðal annars fram gospeltónleikar, nokkrir dansleikir og flugeldasýning,“ segir Gunnar og bætir við að allar nánari upplýsingar um hátíðina megi nálgast á vefsíðunni www.trolli.is.

**roald@frettabladid.is**

# Tímarit fyrir fólk í blóma lífsins

„Sjálf hef ég gengið með þessa hugmynd í mörg ár, eftir að hafa séð sambærilega blöð á Norðurlöndunum. Svo hafði Sigurjón M. Egilsson, fjölmiðlamaður og útgefandi, samband við mig og var þá með sömu hugmynd, vildi gefa út blað fyrir fólk sem væri komið yfir fimmtugt,“ segir Elín Albertsdóttir ritstjóri nýs tímarits, 50 plús, en fyrsta tölublaðið leit dagsins ljós fyrir skemmstu.

Líkt og heiti tímaritsins gefur til kynna er áherslan á málefni sem tengjast fólki sem komið er yfir fimmtugt. „Þessi aldurshópur er enn í fullu fjöri og að gera svo margt skemmtilegt en hefur kannski gleymst svolítið í fjölmiðlaumræðunni. Við ákváðum því að fara þá leið að einblína á hann,“ segir Elín og getur þess að umfjöllunarefni tímaritsins séu af ýmsum toga, allt frá ferðalögum til mataræðis og heilsu.

Viðtökurnar segir hún hafa farið fram úr öllum væntingum. „Fólk er hæstánægt með tímaritið, sumir segjast loksins geta lesið íslenskt tímarit sem höfðar til þeirra. Ég hlakka því til að byrja á næsta tölublaði sem kemur út í september. Eftir það kemur tímaritið mánaðarlega út,“ segir Elín og getur þess að 50 plús liggi frammi á bensínstöðvum Olís. **- rve**



**NÝTT TÍMARIT** Elín Albertsdóttir og Sigurjón M. Egilsson standa á bak við tímaritið 50 plús. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**TAYLOR MOMSEN** verður nýtt andlit fatalínu Madonnu sem ber heitið Material Girl. Hin unga leik- og söngkona er mjög ánægð með þetta nýja hlutverk.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

Skór & töskur í miklu úrvali
www.gabor.is
Sérverslun með Gabor xena
FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060 - Opið mánud-föstud. 11-18

Eirberg
Viðurkenndar stuðningshlífar í úrvali
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

ÚTSALA
50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM
hjá Hrafnhildi
Sími: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Bergdís segir það stundum borga sig að kaupa íslenska hönnun enda gaman að eiga einstaka flík.

# Notaður við öll tækifæri

**Bergdís Ýr Guðmundsdóttir notar uppáhaldskjólinn sinn bæði spari og hversdags enda getur hún breytt honum á ýmsan veg. Hún fylgist vel með tískunni og er óhrædd við að prófa nýjar samsetningar.**

Félagsráðgjafarneminn Bergdís Ýr Guðmundsdóttir á kjól sem hún heldur afar mikið upp á. „Ég keypti hann af Írisi Eggertsdóttur í Líber fyrir tveimur árum og komst um leið að því að það borgar sig stundum að kaupa íslenska hönnun þótt hún kosti aðeins meira enda hef ég notað hann óspart síðan.“ Kjólnum má breyta á ýmsan veg og getur Bergdís haft pilsið missítt. „Ég hef bæði farið í honum á árshátíð og í skólann svo notagildið er mikið.“

Við kjólinn ber Bergdís klút úr Zöru sem hún bindur með sérstökum hætti um hálsinn. „Það hafa þó nokkrir komið upp að mér og spurt hvort þetta sé íslensk hönnun og eldri konur hafa bent mér á að klútinn líkist slaufunni á gamla skautbúningnum,“ segir Bergdís en hún er óhrædd við að setja fötin sín saman með ólíkum hætti. Skóna fékk hún að gjöf frá vinkonum sínum en hún getur skipt um slaufulit í þeim í stíl við klæðnað.

Bergdís segist velta tískunni mikið fyrir sér og hafa vakandi auga fyrir því hvernig aðrir klæða sig. Hún segir tískuáhugann hafa sprottið fram þegar hún flutti frá Fáskrúðsfirði til Reykjavíkur fyrir þremur árum. „Heima er ég meira í norminu en hér get ég leyft mér frjálsari klæðaburð.“ Bergdís segist hins vegar yfirleitt ekki ganga með skart ef frá eru taldir tveir hringar sem hún ber á hverjum degi. „Annar er giftingarhringur langömmu minnar og hinn eins konar trúlofunarhringur ömmu.“

*vera@frettabladid.is*

SUMAR ÚTSALA
Gerið gæða- og verðsamanburð
6 mánaða vaxtalausar greiðslur
Svefn & heilsa
www.svefn.is

20-50%
AFSLÁTTUR
Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

Ný sending
SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur
SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

VALHÖLL/FREYJA
Ný sending
Góð rúm á frábæru verði
Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900

**SNYRTIVESKIÐ** ætti að fara í gegnum reglulega og henda því sem er orðið gamalt og ónýtt, því snyrtivörur geta runnið út. Þá er líka meira pláss fyrir nýja og spennandi liti.





Guðmundur hefur hannað sína fyrstu línu fyrir framleiðslu, ári áður en hann klárar fatahönnunarnámið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Herralína framleidd hér

**Fatahönnunarneminn Guðmundur Jörundsson mun setja sína fyrstu herralínu á markað í haust. Hún er framleidd á Íslandi fyrir Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar og er þeirra fyrsta íslenska lína.**

„Við erum alltaf að leita að fallegum þriggja hluta jakkafötum, það er að segja vesti, buxum og jakka,“ segir Guðmundur Jörundsson fatahönnunarnemi. Hann hefur lokið tveimur árum af þremur í fatahönnun í Listaháskóla Íslands og kynnti nýverið fyrstu línu sína sem fer í framleiðslu, en hún er einnig fyrsta íslenska lína Herrafataverslunar Kormáks og Skjaldar og ber heitið Kormákur og Skjöldur.

Línan er öll framleidd á Íslandi, í bakherbergi verslunarinnar í Kjörgarði. „ Við ætluðum fyrst að fara með framleiðsluna út en svo fannst mér þetta koma svo vel út,“ útskýrir Guðmundur og bætir við að gaman sé að fylgjast með ferlinu frá upphafi til enda.

Að sögn Guðmundar hófst ferlið á því að finna enskt ullarefni. „Línan var hönnuð út frá þeim ramma, efnunum,“ upplýsir Guðmundur og heldur áfram: „Það hefur verið mjög erfitt að finna þriggja hluta jakkaföt hérna. Mér fannst þau þess vegna vera það fyrsta sem við þurftum að framleiða,“ segir Guðmundur.

Buxur línunnar eru nokkuð sérstæðar. „Okkur langaði líka að gera hnébuxur sem væru notaðar í veiði og golf. Ég ákvað að skera buxurnar þannig að hneppingin er neðst og hægt sé að breyta þeim í hnébuxur. Það er líka fallegur „díteill“ niðri að hafa hneppinguna,“ segir Guðmundur og leiðir umræðuna að vestunum. „Þau eru opin, gera menn stæltari og sýna kassann.“

Línan kemur á markað í haust.

martaf@frettabladid.is



Hægt er að hneppa skálmunum af til að búa til hnébuxur.



„Vestin eru opin, gera menn stæltari og sýna kassann,“ segir Guðmundur. MYND/HELLERT



Ferlið hófst á því að finna ensk ullarefni. MYND/HELLERT








Fjöldi Indverskra hönnuða sýndi á tískusýningunni í Nýju-Delí. NORDICPHOTOS/AFP










# Dularfullar drottningar

**Hönnun helstu tískuhönnuða Indlands var sýnd í Nýju-Delí á dögunum. Sýningarstúlkurnar sem svífu um pallana minntu helst á yfirnáttúrulegar gyðjur eða prinsessur úr einhverjum framandi ævintýrum.**

Á tískuvikunni í Nýju-Delí á dögunum sýndu nokkrir helstu hönnuðir Indlands sköpun sína.

Sýningarstúlkurnar klæddust kjólum sem voru hver öðrum glæsilegri og engu líkara en þær væru allar aðalbornar.

*emilia@frettabladid.is*























Há klauf kjólsins sem Jolie mætti í á frumsýningu Salt í Tókýó vakti athygli.
NORDICPHOTOS/AFP

# Jolie velur Versace

**Bandaríska leikkonan Angelina Jolie er á ferð og flugi þessa dagana við að kynna nýjustu mynd sína, Salt.**

Jolie var á dögunum í Rússlandi og Japan við frumsýningu myndarinnar. Hún valdi kjól eftir Versace bæði í Moskvu og Tókýó.

Jolie valdi sér óvenjulegan kjól við frumsýninguna í Moskvu. Hún var í rauðum, síðkjól en er frekar þekkt fyrir að klæðast dökkum fötum. Hún bar enga skartgripi og hárið var slegið.

Fyrir frumsýninguna í Tókýó valdi Jolie sér svartan Versace-kjól en hún kom til Japans með börnum sínum; Maddox, Zahara, Pax og Shiloh. Kjóllinn var síður og með rúllukraga en vakti þó sérstaklega athygli fyrir háa klauf sem sýndi allan fótlegginn. Eftir frumsýninguna var rætt um að hún væri orðin hættulega grönn. *- mmf*



Jolie rauð í Rússlandi.
NORDICPHOTOS/AFP



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París

# Herrar í hallæri

Einkennilegt þegar sumartískan er á útsölu að hugsa næstum ár fram í tímann en svona er tískuheimurinn, alltaf langt á undan. Reyndar var það svo erfitt að þessu sinni að herratíska næsta sumars sem kynnt var í París í lok júní fór dálítið fram hjá mér. Í kreppunni er einnig minna lagt í herrasýningarnar og sömuleiðis hefur sýningardögum fækkað eins og sýnendum og sýningarnar fara fram á þremur dögum í stað fjögurra áður.

Aðallitirnir næsta sumar eru eins óskemmtilegir og þeir voru í kventískunni síðasta vetur og afskaplega ólíkir tískulitunum þessa sumars þar sem mikil litagleði ríkir og sést á götum um þessar mundir. Mikið er af hvítu og svörtu sem er blandað við örfáa aukaliti eins og grænt, drapplitað og fúksíubleikt.

Annað sem kannski skýrist af erfiðum tímum er hversu jarðbundnir hinir litríkustu furðufuglar tískunnar eru nú allt í einu orðnir. Sem dæmi má nefna John Galliano, aðalhönnuð Dior, sem hjá sínu eigin tískuhúsi hefur löngum sleppt sér lausum á herrasýningum. Hann sýndi að þessu sinni aðallega dökk jakkaföt, svört, grá og drapplituð, með slettu af hvítu. Jakkafötin eru nánast nothæf fyrir hvern sem er ef frá er talið að buxurnar voru oft síðar í klofið. Litagleðin er ekki mikil og öðruvísi mér áður brá hjá Galliano. Sama má segja um marga aðra hönnuði í tísku næsta sumars.

Þó ekki hafi beinlínis verið um byltingarkennda hönnun að ræða hjá Jean-Paul Gaultier var margt fallegt sem hann bauð upp á í anda Yves heitins Saint-Laurent og Marrakech í Marókkó þar sem hann dvaldi löngum. Þarna mátti sjá eyðimerkurjakkann fræga, klofsíðu arabísku buxurnar líkt og hjá Galliano og þunnar, síðar skyrtur, fyrirsæturnar margar með hin frægu stóru gleraugu meistara YSL.

Tveir hönnuðir tóku meiri áhættu hvað varðar liti og form á sýningum sumarsins 2011. Annar þeirra er Rynshu sem áður hét Masatomo en skipti nýlega um nafn á fyrirtæki sínu að japanskri hefð þar sem hann er á krossgötum um þessar mundir. Þessi frumlegi hönnuður hefur ekki farið mjög hátt en þó sýnt í París í nokkur misseri. Hann er ekki hræddur við neitt þegar tískan er annars vegar. Rynshu er einn af fáum hönnuðum sem leikur sér að litum eins og skærgulu en einnig þunnum gegnsæjum efnum og pallíettum. Hinn hönnuðurinn sem má nefna fyrir frumleika er Raf Simons. Sýning hans var áhugaverð og hann leikur sér að mjög kvenlegum sniðum fyrir herra með síðum aðsniðnum jökkum sem eru renndir á bakinu með breiðum rennilás. Buxurnar við eru mjög víðar og bermúdabuxurnar líkjast pilsum. Litirnir hvítir en einnig fúksíubleikt. Spurning hvort þetta sjáist á Laugaveginum næsta sumar.



*bergb75@free.fr*




# Upplýst íþróttaföt

**Stella McCartney hannar nýja línu fyrir Adidas.**

Fatahönnuðurinn Stella McCartney hefur opinberað sína nýjustu línu af íþróttafötum fyrir íþróttavörurisann Adidas. Myndir af hönnuninni birtust á vefsíðu breska Vogue en þar má sjá íþróttaföt með sjálflýsandi munstri. Stella sagði í samtali við vefinn að útihlaup væru ein vinsælasta afþreyingin hjá fólki sem vildi hreyfa sig og þegar veturinn skylli á með öllu sínu myrkri væri nauðsynlegt að sjást vel. „Við notuðumst við hlébarðamunstur svo að þetta yrði ekki of karlmannslegt,“ sagði Stella. *- jma*



# SUMARDRYKKIR

SÉRBLAÐ • FIMMTUDAGUR 29. JÚLÍ 2010


















# Ribena

## C-vítamínríkur sólberjasafi




Icepharma hf | Lynghálsi 13 | 110 Reykjavík | Sími 540 8000 | www.icepharma.is






**Gott er að hnoða Ribena í marsípan og flórsykur.**

MYNDIR/GESTGJAFINN

# Sumarlegar Ribena-uppskriftir

**Þeir sem ekki ætla að vera á faraldsfæti um helgina geta skemmt sér í eldhúsinu heima. Hægt er að leika sér með drykkinn Ribena á ýmsan hátt og reiða fram á margvíslega vegu.**

### Hjartakökur með marsípani

*10-12 stk.*

**60 g súkkulaði**
**1 1/4 dl vatn**
**2 msk. kakóduft**
**100 g smjör, mjúkt**
**70 g púðursykur**
**130 g sykur**
**2 egg**
**100 g hveiti**
**1 tsk. lyftiduft**

*Hitið ofninn í 175°C. Brjótið súkkulaðið í skál, sjóðið vatnið og hellið því yfir súkkulaðið. Hrærið vel í þar til súkkulaðið er uppleyst og bætið kakódufti út í. Hrærið smjör, púðursykur og sykur vel saman í annarri skál. Bætið eggjunum út í, fyrst öðru svo hinu og hrærið því næst hveiti og lyftiduft saman við. Hellið súkkulaðiblöndunni út í og blandið vel saman. Hellið deiginu í smjörpappírsklætt form, 20x30 cm, og bakið í 25 mín. Látið kólna örlítið og stingið úr hjörtu með smákökuformi.*

**Ofan á**

**250 g hrámarsípan**
**2 msk. Ribena-sólberjasafi**
**3-4 msk. flórsykur**
**Rauður matarlitur**
**Rósablöð**

*Hnoðið marsípanið með Ribena og flórsykri. Bætið örlitlu af rauðum matarlit út í og hnoðið vel saman. Takið 1/3 hluta af deiginu frá og litið hann með örlítið meiri matarlit (hugsanlega þarf að bæta við meiri flórsykri). Fletjið út báðar marsípantegundirnar og stingið út mismunandi stór hjörtu. Leggið marsípanhjörtun ofan á kökurnar og dreifið rósablöðum í kring.*

**Ribena er gott út á svalandi ís.**



### Ís og ávextir

fyrir 4

**1/4 vatnsmelóna**
**1/2 kantalópumelóna**
**100 g rifsber**
**1 l vanilluís**
**1 dl Ribena-saft**

*Skerið vatnsmelónu og kantalópumelónu í bita og setjið í litlar skálar ásamt rifsberjum og ís. Hellið Ribena-saft yfir.*

# C-vítamínskortur hrjáði hermenn

Sólberjadrykkurinn Ribena hefur verið á markaði í meira en sextíu ár. Hann varð til í kringum seinni heimsstyrjöldina þegar C-vítamínskortur hrjáði hermenn.

„Á herskipunum og kafbátunum þurftu hermennirnir að vera með matvæli með sér sem myndu ekki eyðileggjast því C-vítamín er oft mjög óstöðugt,“ segir Björg Dan Róbertsdóttir, framkvæmdastjóri heilsu- og neytendasviðs Icepharma. „C-vítamín í sólberjum er stöðugra en í öðrum sítrusávöxtum.“

Að sögn Bjargar fór breska stjórnin fram á það við matvælaframleiðendur eftir fyrri heimsstyrjöldina að þeir þróuðu drykk sem myndi uppfylla ríka þörf almennings fyrir C-vítamín. „Þetta átti að vera matvara með stöðugt og mikið C-vítamín en jafnframt þannig að þetta væri góð matvara.“

H.W. Company sýndi þessu verkefni mikinn áhuga og setti á markað sólberjasaft undir nafninu Ribena. „Þá mátti blanda bæði vatni og mjólk í þetta,“ upplýsir Björg og bætir við að nafnið Ribena komi frá latneska heitinu fyrir sólber, Ribes negrum.

„Velgengni Ribena er vegna þess hvernig berin eru meðhöndluð. Það eru svo mörg fersk ber notuð í hverja flösku,“ útskýrir Björg og segir 464 sólber í hverri flösku. „Árið 1992 var Ribena light markaðssett. Munurinn á því og venjulegu Ribena er að í Ribena light er hvort tveggja notað sætuefni og sykur.“



**Björg segir að innihald Ribena hafi breyst 1995 og síðan fást fleiri lítrar úr hverri flösku.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Arka-heilsuvörur eru í eigu hjónanna Þóru Bjargar Dagfinnsdóttur (fyrir miðju), Geirs Magnúsar Zoéga og systra Þóru, þeirra Ólafar Dagfinnsdóttur og Elísabetar Dagfinnsdóttur, en þá síðastnefndu vantar á myndina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Súperfæða í drykkjarformi

**Heildsalan Arka-heilsuvörur flytur inn fjöldann allan af heilnæmum drykkjum sem Íslendingar hafa tekið fagnandi.**

Berjadrykkir frá Berry Company hafa verið að ryðja sér til rúms hér á landi en þeir eru fluttir inn af Arka-heilsuvörum, heildsölu á matvörumarkaði sem sérhæfir sig í sölu á heilnæmri og hreinni gæðamatvöru. Sumir berjadrykkjana flokkast undir svokallaða súperfæðu enda unnir úr berjum sem eru þekkt fyrir að vera full af vítamínum og næringarefnum. Drykkirnir eru án viðbætts sykurs og aukaefna og hefur þeim verið vel tekið af íslenskum neytendum.

„Við byrjuðum með drykkina í fyrra og vorum satt að segja frekar hikandi í fyrstu enda ástandið í þjóðfélaginu ekki gott. Við ákváðum þó að segja kreppunni stríð á hendur og slá til og er skemmst frá því að segja að drykkirnir hafa hjálpað okkur í kreppunni en fjöldi fólks hefur haft samband við okkur síðan og þakkað fyrir það að við skulum flytja þá inn," segir Þóra Björg Dagfinnsdóttir einn eigandi Arka.

Sem stendur fást bláberja, acaiberja, gojiberja og hindberjasafar ásamt bláum og rauðum súperberjablöndum. „Gojiberjasafinn er enn sem komið er vinsælastur og virðast Íslendingar vel upplýstir um gagnsemi gojiberja en þau hafa verið notuð til lækninga í Austurlöndum í þúsundir ára. Þau innihalda mikið magn C-vítamíns og karótíns ásamt fjölda amínósýra og steinefna og eru stundum kölluð hamingjuber."

Meðal nýjunga hjá Berry Company eru tedrykkir úr grænu tei og bláberjum og hvítu tei og ferskjum. „Þeir eru hressandi auk þess sem bæði grænt og hvítt te inniheldur mikið af andoxunarefnum. Nýr granateplasafi frá Berry Company er svo væntanlegur í næstu viku ásamt trönuberjasafa frá Healty People en mikil eftirspurn hefur verið eftir slíkum safa. Með haustinu fáum við svo Berry Company drykkina í 250 ml fernum sem gerir þá handhæga í nestispakkann."

Arka flytur einnig inn Smoove–drykki sem eru búnir til úr blöndu af ávöxtum og berjum. Þeir eru líkt og drykkirnir frá Berry Company hreinir og aukaefnalausir. „Við byrjuðum að flytja þá inn árið 2005 og vorum fyrsta íslenska fyrirtækið sem flutti inn Smoothie en á þeim tíma vissu fáir hvað það var. Munurinn á djúsi og smoothie er að í smoothie er 30-40 prósent innihaldsins pressaðir ávextir sem gerir hann saðsamari og tilvalinn á milli mála," útskýrir Þóra.

Arka flytur inn fjölda annarra drykkja ásamt matvöru af ýmsu tagi. „Við erum til dæmis með hrísmjólk, haframjólk og sojamjólk frá Lima og er kalkbætta hrísmjólkin þar söluhæst. Þegar við hófum starfsemi árið 2003 voru þessar vörur lítið þekktar en notkun þeirra er alltaf að aukast og eru þær í raun ómissandi fyrir þá sem eru með mjólkuróþol. Þær eru þó líka mikið teknar til að búa til alls kyns drykkjarblöndur og sem fæðubót." Af öðrum vörum Arka má nefna kornvörur, hrískökur, hnetur, fræ og pasta og eru meirihluti þeirra lífrænar. „Við getum því boðið vörurnar okkar með góðri samvisku og uppskerum ánægju viðskiptavina."

## Nýjungar úr trönuberjum og granateplum

Arka mun setja á markað nýjan trönuberjasafa frá Healthy People í næstu viku ásamt nýjum granateplasafa frá Berry Company. Mikil eftirspurn hefur verið eftir góðum trönuberjasafa en hann er talinn góður til að fyrirbyggja og vinna á þvagfærasýkingu. Safinn er án aukaefna og viðbætts sykurs, eins og aðrir drykkir sem Arka flytur inn, en sættur með eplasafa. Með haustinu er síðan von á 250 ml fernum frá Berry Company sem gerir drykkina handhæga í nestispakkann.





## HREIN HOLLUSTA




» Lima hrísmjólk er lífræn, bragðgóð, fitusnauð, án kólesteróls, laktósa og sykurs.




Tedrykkirnir eru hollir, hressandi sumardrykkir fullir af andoxunarefnum.




Trönuberjasafinn frá healthy people er án viðbætts sykurs og einstaklega bragðgóður.







Berry drykkirnir eru verðlaunavara. Hreinir og án litar- og rotvarnarefna. Án viðbætts sykurs.
Ber eru full af vítamínum og andoxunarefnum.
Gojiberið er oft kallað Hamingjuberið!

Arka ehf | Sundaborg 1 | 104 Reykjavík | Sími 562 6222 | info@arka.is



Grænt te nýtur vinsælda í Asíu.

# Grænt te gott við höfuðverk

Að vatni frátöldu er te vinsælasti drykkur veraldar. Grænt te er eitt afbrigði og algengt í Asíu og víðar. Grænt te nota sumir sem mildan örvandi drykk líkt og aðrir nota til dæmis kaffi. Þá hefur grænt te væg, þvagræsandi áhrif. Kínverskir alþýðulæknar hafa öldum saman ráðlagt fólki að drekka grænt te gegn höfuðverk og niðurgangi og til að losa um barkastíflu, sem fylgir kvefi, hósta, astma og öndunarfærakvillum. Þetta kemur fram á vefsíðu Lyfju, www.lyfja.is, þar sem finna má nánari upplýsingar um grænt te.



**● AÐ VELJA VATNSMELÓNU** Vatnsmelónur er hægt að nota ýmist sem snakk, í salöt eða út í svaladrykki, enda bæði ljúffengar og uppfullar af C-vítamíni og kalki. Hins vegar er gott að hafa nokkur atriði í huga þegar velja á bragðgóða vatnsmelónu. Best er að byrja að banka í hana og ef örlítið tómahljóð heyrist er hún við réttan þroska. Þá mega endarnir hvorki vera grjótharðir né mjög linir heldur eiga þeir að dúa örlítið ef á þá er ýtt. Glerharðar vatnsmelónur eru yfirleitt óþroskaðar og þær of mjúku ofþroskaðar.

**● GÓÐAR GEYMSLUAÐFERÐIR** Jarðarber er vinsælt að nota út í drykki af ýmsum toga. Geymsluþol þeirra er hins vegar takmarkað en á vefsíðunni islenskt.is kemur fram hvernig þau sé best að geyma. Jarðarber geymast verr í hita og því er nauðsynlegt að setja þau í skál, strekkja matarfilmu yfir og geyma í ísskáp við 2-8° C geymsluhita. Berin má líka frysta, þurr eða í sykurlegi og er gott að setja þau fryst út í ýmsa boost-drykki. .



# Stjörnurnar vilja kókosvatn

Kókosvatn er nýjasta æðið í Hollywood. Þar sést varla stjarna úti á götu án þess að sötra vatn úr fyrsta flokks grænum, hráum kókoshnetum. Fréttir herma að leikkonan og fyrirsætan Rebecce Romijin og söngkonan Madonna séu óðar í kókosvatn og á sú síðarnefnda, ásamt stjörnum á borð við Matthew McConaughey og Demi Moore, að hafa fjárfest í Vita Coco, sem framleiðir hundrað prósent hreint kókosvatn úr hnetum frá Brasilíu. Vinsældir kókosvatns í Hollywood eru ekki ástæðulausar þar sem það er álitið vera næringarríkt og innihalda fáar hitaeiningar en stjörnurnar eru þekktar fyrir að leggja ýmislegt á sig til að huga að heilsunni og viðhalda unglegu útliti.







Leikkonan Demi Moore hefur kolfallið fyrir kókosvatni.


www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

# Skjót leið

til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

## Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



# Þjónustuauglýsingar

**Sími 512 5407**

## OPNUNARTILBOÐ

Miðstærð af pizzu og gos, önnur pizza fylgir frítt með.

Italiano Pizzeria

2 fyrir 1 í sal

Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan Smáralind • Sími 55 12345

---



Júlí afsláttur 20% á Einingargróðurhúsi 14 Fm. Komnir með 2 tegundir af rólum til sýnis Tangarhöfða 2.

Júlí afsláttur 30% af Minigolfi. Erum að hefja framleiðslu á garðvörum úr Íslenskum trjábolum.

**BERGIÐJAN EHF** - *Íslensk framleiðsla*

Uppl. í s. 772 9030 & 867 3245. Bergiðjan ehf, Tangarhöfði 2, 110 RVK. bergidjan@gmail.com

---

CARGO sendibílaleiga 566 5030 www.cargobilar.is

**Sendibílar til leigu**

*Þú leigir hann.*



Krefst ekki meiriprófs réttinda

---

HJÓLBARÐA VERKSTÆÐI GRAFARVOGS

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

---

SMURSTÖÐIN EHF.

„Sá smurði gengur"

*Smurþjónusta og smáviðgerðir*

Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

---

*Rafstilling ehf*

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

---

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR



FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS

S. 587 1350

---



**NÝKOMIN SENDING**
af plastmódelum
í miklu úrvali

TÓMSTUNDAHÚSIÐ

Tómstundahúsinu, Nethyl 2, sími: 5870600, www.tomstundahusid.is

---

**Allt á einum stað**

BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR



SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

---

**Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn**

ERUM FLUTT Á SKÓGARHLÍÐ 10, 105 RVK • S. 445-5562 • GSM. 615-2562

Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.

Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.

ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

OPIÐ FRÁ 10:00-22:00 ALLA DAGA

---

PÍPARAR · RAFVIRKJAR · PARKETLAGNIR
TRÉSMIÐIR · MÁLARAR · MÚRARAR
ALLT LÖGGILTIR MEISTARAR

VIÐHALDS MEISTARINN EHF

Sími 511 2255 • www.vhm.is

---

Rekstrarvörur - Varahlutir

JCB

KRAFTVÉLAR VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3500 / www.kraftvelar.is

---

**BOMAG**

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

---

**IVECO**

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

---

Frumherji

**Söluskoðanir Frumherja**

Ertu að kaupa bíl? Taktu ekki óþarfa áhættu. Láttu frekar greina ástand bílsins með ítarlegri söluskoðun hjá Frumherja. Skoðunin kostar 9.900. Ekki þarf mikið til að söluskoðun borgi sig margfalt. Fáðu aukna vissu í bílakaupin með söluskoðun Frumherja. **Tímapantanir í síma 570 9090**

**Frumherji** – *örugg bifreiðaskoðun*

---

**VIÐ & ENDUR BYGGINGAR**



Fyrir:

Eftir:

ERT ÞÚ AÐ HUGSA UM AÐ:

- ENDURBYGGJA ÞAKIÐ
- BYGGJA VIÐ ANDDYRIÐ
- STÆKKA STOFUNA
- BYGGJA VIÐ HÚSIÐ
- BYGGJA KVISTI Á ÞAKIÐ
- BYGGJA HÆÐ Á HÚSIÐ

TEIKNISTOFAN KVARÐI

☏:555 2020 • www.kvardi.is • kvardi@kvardi.is

---

**Glæsilegu undirfötin frá Lauma komin.**
**Frábær verð**



Haldari 6.990 kr.
Buxur 2.290 kr.

Ynja UNDIRFATAVERSLUN

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

---

FERÐABOXIN FRÁ HAPRO



*Úrval af glæsilegum ferðaboxum frá HAPRO. Algjörlega ómissandi fyrir sumarfríið. Frábært verð.*

Bílabjörgun

Óseyri 5 - 603 Akureyri - Sími: 842 5700 - 462 4222 -www.bilabjorgun.is

---

# Þjónustuauglýsingar

**Alla fimmtudaga**

sigrunh@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is



**MYNDLISTARKONURNAR** Inga Ragnarsdóttir og Svava Björnsdóttir eru með samsýningu í Edinborgarhúsinu. MYND/ÞORSTEINN J. TÓMASSON

# Vinkonurnar sýna saman

Listakonurnar Inga Ragnarsdóttir og Svava Björnsdóttir opna sýningu á verkum sínum í Bryggjusal Edinborgarhússins á Ísafirði á laugardaginn, 31. júlí klukkan 16. Segja má að verk þeirra séu skyld þó að efniviðurinn sé ólíkur. Myndmál þeirra er af sama meiði en þær nýta sér rými, form, efni og liti hvor á sinn persónulega hátt.

Svava og Inga stunduðu báðar höggmyndanám í Listaakademíunni í München í lok áttunda og byrjun níunda áratugar síðustu aldar. Þar fylgdust þær náið að og einnig síðar sem starfandi myndlistarmenn. Verk eftir þær eru á helstu listasöfnum landsins og líka á söfnum í Þýskalandi og báðar eiga margar sýningar að baki. Þó hafa þær aldrei sýnt saman áður. Það er því spennandi verkefni fyrir þær að stilla saman strengi í Bryggjusal Edinborgarhússins.

Sýningin er opin alla daga til 19. ágúst frá klukkan 16 til 18. Verkin á henni eru fyrst og fremst þrívíddarverk unnin á þessu ári. - gun



**GERT Í GÓÐUM TILGANGI** Markmið ferðarinnar er að stuðla að uppsetningu á tíu kílómetra hjólahring. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Sjálfboðaliðar á leið um landið

Hópur sjö erlendra sjálfboðaliða á vegum SEEDS og Hjólafærni mun næstu daga hjóla á Suðurlandsundirlendinu. Hópurinn mun hafa viðkomu og nokkra daga dvöl í Hveragerði, Þorlákshöfn og Eyrarbakka til þess að ræða við íþrótta- og tómstundafulltrúa og aðra áhugasama til þess að setja upp um það bil tíu kílómetra hjólahring í nágrenninu.

Á meðan hópurinn dvelur á hverjum stað geta íbúar og aðrir komið og fengið hjólin sín ástandsskoðuð af dr. Bæk og aðstoð við að lagfæra minni háttar vankanta á hjólinu. Ferðinni lýkur svo í Alviðru, umhverfis- og fræðslusetri Landverndar 6. ágúst þar sem hópurinn mun sinna umhverfisverkefnum í landi Landverndar.

# Tónlist, útivera og trú í Suðursveit

Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Peter Máté píanóleikari verða með tónleika í Kálfafellsstaðarkirkju í Suðursveit í dag, 29. júlí, á Ólafsmessu.

Dagskráin hefst með helgistund klukkan 14. Fjallað verður um sögu kirkjunnar og staðarins og rifjuð upp gömul saga um mátt Ólafs helga, en kirkjan var helguð honum í kaþólskum sið. Síðan er komið að tónleikunum. Á efnisskránni eru einleikslög eftir Bach, vinsæl og þekkt íslensk lög ásamt sígauna- og Vínartónlist. Í lokin verður farið í heimsókn að völvuleiði í landi Kálfafellsstaðar og gömul saga um Völvuna á Kálfafellsstað og mátt hennar rifjuð upp.

Þórbergssetur stendur fyrir tónleikum ásamt sóknarprestinum á Kálfafellsstað, Séra Einari G. Jónssyni og viðburðurinn er einnig styrktur af Menningarráði Austurlands.

Heimild: www.rikivatnajokuls.is. - gun



**TÓNLISTARFÓLKIÐ** Guðný Guðmundsdóttir og Peter Máté spila í kirkjunni á Kálfafellsstað sem þykir hafa góðan hljómburð.



*Þökkum af alhug hlýjar kveðjur við fráfall*

**Tómasar Ragnarssonar.**

Þá þökkum við stórum vinahópi Tómasar, Fáki og kvennadeild Fáks fyrir ómetanlegan stuðning við fallega og ógleymanlega útför hans. Einnig LH, dómarafélaginu og knöpum í heiðursverði. Dáð ykkar gleymist ekki. Starfsfólki Karitas og Líknardeild Landspítalans í Kópavogi þökkum við einstaka alúð sem og læknum og starfsliði Landspítalans.

**Alfa Regína Jóhannsdóttir,**
**Ellý Tómasdóttir, Ragnar Tómasson, Rúna Tómasdóttir og Ragnar Arnórsson.**
**Svanhildur Steinarrsdóttir og Ólafur Steinarrsson,**
**Ragna Þóra Ragnarsdóttir, Dagný Ragnarsdóttir og Arnar Ragnarsson.**
**Dagný Gísladóttir og Ragnar Tómasson.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Martha Árnadóttir,**
Hlíf II, Ísafirði,

sem lést á Heilbrigðisstofnuninni, Ísafjarðarbæ 22. júlí, verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju föstudaginn 30. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið Sigurvon á Ísafirði.

**Sigurður Jónsson**
**Árni Sigurðsson** — **Guðrún Halldórsdóttir**
**Jón Ólafur Sigurðsson** — **Jóhanna Oddsdóttir**
**Málfríður Þórunn Sigurðardóttir**
**Þórhildur Sigrún Sigurðardóttir** — **Guðmundur Hafsteinsson**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Hilmars Sævars Guðjónssonar**
Háseylu 1, Njarðvík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Sólbjörg Hilmarsdóttir** — **Ólafur Sævar Magnússon**
**Hilmar Þór Hilmarsson**
**Guðjón Ingi Hilmarsson**
**Ingi Þór Ólafsson**
**Aron Smári Ólafsson**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug, við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Halldórs Friðriks Nikulássonar,**
Álfheimum 54, Rvk.

**Lára Guðmundsdóttir**
**Halldóra Halldórsdóttir**
**Ragna Halldórsdóttir**
**Sighvatur Halldórsson** — **Soffía Guttormsdóttir**
**barnabörn og langafabarn.**



*Við þökkum innilega fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Gylfa Baldurssonar,**
heyrnarfræðings, Hátúni 12, Reykjavík.

**Arngunnur Ýr Gylfadóttir, Bryndís Halla Gylfadóttir, Baldur Gylfason, Yrsa Þöll Gylfadóttir og fjölskyldur.**



*Þökkum af alhug auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ingveldar Óskarsdóttur Thorsteinson,**

sem lést sunnudaginn 20. júní. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar fyrir elskulega og góða umönnun.

**Margrét Fafin Thorsteinson** — **Páll Svavarsson**
**Steinunn Thorsteinson**
**Jóhanna Thorsteinson** — **Bergur Bergsson**
**Anna Björg Thorsteinson** — **Sigursteinn Sævar Einarsson**
**Birgitta Thorsteinson** — **Magnús G. Benediktsson**
**Steingrímur Árni Thorsteinson** — **Ásta Kristín Svavarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hreinn Eyjólfsson**
vélstjóri, *Laugarnesvegi 87,*

lést á líknardeild Landspítalans þann 24. júlí sl. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 29. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Heimaþjónustuna Karitas eða líknardeild Landspítalans í Kópavogi njóta þess.

**Jóhanna Hreinsdóttir** — **Benóní Torfi Eggertsson**
**Steinþór Hreinsson** — **Elín Skarphéðinsdóttir**
**Guðrún Hreinsdóttir**
**Gestur Hreinsson** — **Svanhildur Þórsteinsdóttir**
**Hlynur Hreinsson** — **Erika Martins Carneiro**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**




# Sumarsins ljúfa líf

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Sumarfrísins er alltaf beðið með eftirvæntingu. Loksins tekur við samfellt frí, þar sem engar vekjaraklukkur né áætlanir ráða ríkjum og frelsi til að slæpast er gefið. Oft á líka að nota sumarfríið til að koma ýmsu í verk sem hefur þurft að bíða. Mála stigaganginn, flísaleggja eldhúsið, fúaverja pallinn eða taka bílinn almennilega í gegn. Ef veðrið er leiðinlegt á að nota tímann til að lesa bækur eða taka saumavélina fram. Svo á auðvitað að skreppa eitthvað, tjalda úti, ganga á fjöll, heimsækja fólk, grilla, hjóla, borða ís. Þessir dagar eiga svo sannarlega ekki að fara til spillis.

**FYRSTU** sumarfríin eftir að námi lauk einkenndust einmitt af þessu. Ilmandi pylsurnar brögðuðust aldrei betur en beint af einnota grillinu og þá fylgdi gjarnan einn kaldur með. Tjaldað í laut, sofið út, flatmagað í sólinni frameftir degi þar til nefið fór að flagna og þá opnaður annar kaldur.

**ÞESSI** sumarfrí heyra reyndar sögunni til. Ég hef auðvitað ekki stillt vekjaraklukku í fjögur ár hvort sem það var vinnudagur eða frí og því hugarórar einir að ætla sér að sofa út í sumarfríinu. Alla daga er ræs klukkan 6.30 og við tekur soðning á hafragrjónum og önnur morgunverk sem tilheyra lífi barnafjölskyldna. Ólíkt virkum vinnuvikum lýkur verkunum ekki klukkan 9 þegar fjölskyldumeðlimir halda til vinnu og í daggæslu. Nú er frí og því er samfelld dagskrá sem linnir ekki fyrr en gengið var til hvílu að kveldi.

**SLÆPINGURINN** sem ég hafði beðið með óþreyju er enginn og rólyndis kaffihúsaferðirnar við lestur blaða og bóka yfir kaffibolla fór fyrir lítið. Saumavélin lúrir óhreyfð inni í skáp sem og málningarföturnar sem ég ætlaði á stigaganginn. Ekkert fjall hefur verið gengið né tjaldað í neinni laut. Sólskinsstundirnar hafa farið framhjá mér þar sem ég sný andliti ávallt til jarðar og sólbrenn á hnakkanum þar sem ég smyr sólarvörn á litla leggi, kembi gras í leit að snuðum, ýti rólum, ýti barnakerrum, byggi sandkastala, reima skó, týni upp leikföng. Þá daga sem ekki viðrar til sandkassaleikja taka við endalausir matmálstímar og tiltekt þar sem allir eru heima allan daginn draslandi til, sísvangir.

**ÆTLI** ég bíði ekki bara elliáranna, þegar ég get sofið alla daga, grillað og borðað ís og ef ekki gengið fjöll, þá dólað mér á göngugrindinnni eftir einum köldum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Europris

## ÓDÝRT FYRIR ALLA!

MIKIÐ fyrir LÍTIÐ

Coca Cola 69,-

VERÐ ÁÐUR: KR 69.990
NÚ: 49.990
**GASGRILL**
- 3 brennarar + hliðarhella

VERÐ ÁÐUR: KR 37.990
NÚ: 29.990
**MARKÍSA**
- 3 x 2,5 metrar
- Grá / hvít eða blá / hvít
- Mótor fyrir markísu, kr 19.990

3 ltr
1990
**VIÐARVÖRN**
- 3 ltr

89 pr. stk
**FAXE - 33 CL**
- Appelsínu
- Sítrónu
- Faxe Kondi, orkudrykkur

16.990
**JWS MYNDBANDSTÖKUVÉL**
- 2,4'' skjár
- 4 x digital zoom
- Allt að 12 megapixlar
- 2 GB minniskort fylgir

990 pr. stk
**SÓLGLERAUGU**

89 pr. stk
**PRINS POLO XXL**

2990 pr. stk
**FERÐAÚTVÖRP Í ÚRVALI**

1999
**SVEFNPOKI**
- -5 til +15 gráður

2290
**SVEFNPOKI**

2790
**SVEFNPOKI**
- Lítill og léttur, einungis 800 gr

6990
**SVEFNPOKI**
- Fyrir allt að -15°C

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

**! Í dag klukkan 12.00**

*Organisti Grindavíkurkirkju, Kári Allansson, flytur fjölbreytta efnisskrá á fimmtu fimmtudagstónleikum sumarsins sem haldnir eru í samvinnu við Félag íslenskra organista í Hallgrímskirkju. Kári er yngsti organisti sumarsins. Tónleikarnir taka um hálfa klukkustund og eru miðar seldir við innganginn á 1.000 krónur.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Leiklistarhátíð á Akureyri



Dagana 10.-15. ágúst næstkomandi heldur Bandalag íslenskra leikfélaga fjölþjóðlega leiklistarhátíð í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Hátíðin er á vegum NEATA, norður-evrópska áhugaleikhúsráðsins, og verða þar sýndar leiksýningar frá öllum Norðurlöndunum, Lettlandi, Litháen, Rúmeníu og Frakklandi. Hátíðin er sjötta NEATA-hátíðin sem haldin er og jafnframt sú fyrsta hér á landi.

Þema hátíðarinnar er Maður - Náttúra og einkunnarorðin eru Af hjartans list. Hátíðin beinir sjónum að manneskjunni og samskiptum hennar við náttúruna, bæði hvað varðar óblíð náttúruöflin og mannlega náttúru, hina eilífu baráttu við hatur, ástríður, fordóma og svo mætti lengi telja. Alls verða sýndar tólf leiksýningar á hátíðinni, þar af þrjár íslenskar. Íslensku sýningarnar eru Umbúðalaust frá Leikfélagi Kópavogs í leikstjórn Vigdísar Jakobsdóttur, Birtingur frá Leikfélagi Selfoss og Vínland frá Freyvangsleikhúsinu, báðar í leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar. Alls er reiknað með að um 250 manns taki beinan þátt í hátíðinni og er verndari hennar Ólafur Ragnar Grímsson. - ls

**> Ekki missa af**

Frá 31. júlí til 15. ágúst næstkomandi mun sýningin með yfirskriftinni Með pensli og pallethníf standa í Ketilhúsinu á Akureyri. Þeir Guðmundur Ármann Sigurjónsson og Kristinn G. Jóhannsson sýna þar málverk og vatnslitamyndir.


# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

21.07.10 - 27.07.10



**1** Vegahandbókin 2010 – Ýmsir höfundar



**2** Það sem mér ber - kilja – Anne Holt



**3** Eyjafjallajökull – Ari Trausti og Ragnar Th.



**4** Brandarabók Andrésar – Walt Disney



**5** Iceland on Fire – Vilhelm Gunnarsson



**6** Volcano Island – Sigurgeir Sigurjónsson



**7** Toy Story - Þrautabók 3D – Walt Disney



**8** Kortabók Íslands – Örn Sigurðsson



**9** Aldrei framar frjáls – Sara Blædel



**10** Makalaus - kilja – Tobba Marinós

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


# Sameignarhetjur Snorra!

Leikhús í Reykholti ★★★

**Hallveig ehf.**

Höfundar: Hlín Agnarsdóttir og Margrét Ákadóttir

**Leikstjóri:** Inga Bjarnason

Allar þessar hetjur og öll þessi skáld, sem enn lifna við í brjóstum íslenskra karlmanna þá er þeir þurfa að grobba sig hver fyrir öðrum. Við hlið þessara manna stóð kona gjarnan fleiri en ein og fleiri en tvær.

Án kvennanna hefðu þeir nú ekki skrifað margar bækur, en af hverju þurftu þeir svona margar konur?

Hetjurnar voru karlkyns og þær voru margar. Hægt að telja þær upp og sjá fyrir sér glott við tönn og vopnaskap en færri eru myndirnar í huganum af þeim konum sem í gegnum aldirnar hafa ekki aðeins stutt við þessar hetjur heldur búið þær til. Til þess að endurvekja eiginkonur þurfa aðrar konur að fara á stúfana og leita og leita að þeim litlu gögnum sem til eru um allar þessar þúsundir kvenna sem komið hafa hetjunum á blað. Ein þessara kvenna stendur nú lífs lifandi upp í litlu fallegu kirkjunni við Reykholt, og segir okkur sögu sína. Hún heitir Hallveig Ormsdóttir og er seinni kona Snorra Sturlusonar. Hlín Agnarsdóttir samdi verkið ásamt leikkonunni Margréti Ákadóttur sem fer með hlutverk Hallveigar. Þær hafa nú ekki haft úr svo miklu að moða en myndin sem okkur birtist í túlkun Margrétar er þó nokkuð skýr. Vitaskuld var hún ekki allt of ánægð með framhjáhaldsstússið í Snorra og eins gerir hún sér vel grein fyrir því (svona 800 árum síðar) að hún var bæði vel menntuð og nauðsynleg fyrir hann. Hallveig var nokkuð reynd þegar hún verður kona Snorra, hafði áður verið gift Birni Þorvaldssyni Gissurarsonar í Hruna og átt með honum tvo syni sem ólust upp hjá Snorra Sturlusyni meðan þau á sínum sextán ára búskap eignuðust engin börn. Og sömuleiðis var hún sjálf af miklum höfðingjaættum.

Hún er ein af fáum hér um slóðir sem var komin beint af konungsættum en amma hennar var sem sagt Þóra Magnúsardóttir berfætts.



**HALLVEIG ENDURVAKIN** Margréti tekst vel að endurvekja seinni konu Snorra Sturlusonar.

Gamla fallega kirkjan í Reykholti er tilvalinn staður fyrir verkið. Margrét segir okkur sögu Hallveigar og samferðamanna hennar og tengir atburðina við það umhverfi sem áhorfendur eru staddir í, enda sé hún grafin í kirkjugarðinum.

Það er þrekvirki að koma frá sér jafnmiklum texta og það þarf enginn að hafa áhyggjur af því að heyra ekki hvert einasta atkvæði í frábærri framsögn Margrétar. Frásagnarmátinn hefði mátt vera leikrænni með meiri sviptingum og skiptingum í stað þess að halda sér við þessa línulegu frásögn einræðunnar. Það var flott þegar frásögnin var brotin upp með ljóðum og lögum sem Margrét söng a capella.

Þegar Hallveig lýsir samskiptum sínum og fyrri mannsins tókst leikkonan Margrét t.d. á loft því þar fékk hún tækifæri til þess að sýna nokkur átök.

Þær Hlín og Margrét leituðu fanga í bók Óskars Guðmundssonar um Snorra Sturluson og lýsir Hallveig því hér nýrisin úr gröf sinni hvernig hún laumaðist inn á Snorrastofu og fékk þessa bók að láni og var það skondin krækja til nútímans. Eins þegar hún opnar gluggann og æpir á fólk að vera nú ekki að ganga á gröfunum en áttar sig samstundis á því að hún afturgengin hefur ekki rödd sem mannfólkið greinir.

Gervi Margrétar var skemmtilegt. Blágrár kjóll og höfuðbúnaður dekkri, ekkert prjál en bestur var þó farðinn. Það var ekkert afturgöngulegt við fas hennar eða framkomu og þetta var athyglisverð sýning en hefði mátt vera leikrænni því þegar Margréti tókst best upp með sínum viprum og kiprum og stórkostlega húmor lyftist verkið.

Það væri ekki úr vegi að hafa einhvers konar þing með þeim fornkonum sem fram hafa komið í leikbókmenntunum á síðustu árum. Guðbjörgu, Brák og Hallveigu svo einhverjar séu nefndar. Fyrir svo utan að þetta ætti að vera kvenhöfundum hvatning til þess að halda áfram á sömu braut og helst komast að niðurstöðunni að það voru í raun konurnar sem skrifuðu bækurnar! Nei, ég segi svona. Það var bæði skemmtilegt og athyglisvert að kynnast Hallveigu seinni konu Snorra í túlkun Margrétar Ákadóttur í sínu rétta umhverfi. Sýningar verða áfram út ágúst og ef að líkum lætur mun Margrét takast á við hana á ensku áður en langt um líður. Allir sem hafa áhuga á formæðrunum ættu að bruna upp í Reykholt.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Frábær framsögn leikkonunnar Margrétar stendur upp úr og húmorinn lyftir sýningunni upp.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 29. júlí 2010**

**22.00** Hljómsveitin Sudden Weather Change heldur tónleika í kvöld í Faktorý, að Smiðjustíg 6. Húsið opnar kl. 21.00 og hefjast tónleikarnir kl. 22.00. Aðgangseyrir er 500 krónur.

**➜ Leiðsögn**

**20.00** Sólheimasafn Borgarbókasafnsins býður til bókmenntagöngu í nágrenni safnsins í kvöld. Í göngunni verða Vogar og Heimar kynntir sem heimaslóðir skálda, en fjölmörg þeirra hafa búið í hverfinu. Lagt verður af stað frá Sólheimasafni, Sólheimum 27, kl. 20.00 og tekur dagskráin um klukkustund.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# Safnabók komin út

Nú á dögunum kom Safnabókin 2010 út. Bókin er upplýsingabók um öll söfn, setur, sýningar, höfuðkirkjur og þjóðgarða á Íslandi. Bókinni er ætlað að kynna söfn landsins með kraftmiklum hætti og efla þannig safnamenningu og menningartengda ferðamennsku. Safnabókinni er dreift um allt land í 25.000 eintökum og er hún ferðamönnum að kostnaðarlausu. Hún er gefin út bæði á ensku og íslensku svo allir geti notað hana.




Það er bókaútgáfan Guðrún sem hefur í samvinnu við Safnaráð og Félag íslenskra safna og safnamanna unnið að gerð bókarinnar. Bókin er hugsuð sem handbók fyrir ferðamenn um íslensk söfn og er hátt á annað hundrað safna að finna víðs vegar um landið.

Með útkomu bókarinnar verður í fyrsta sinn til heildstæð skrá á aðgengilegu formi fyrir ferðamenn yfir öll söfn, setur og sýningar á Íslandi. - ls

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

# RISA MARKAÐUR

Opið alla helgina

Í LAUGARDALSHÖLLINNI

# 20%

auka afsláttur af öllum vörum

TÓNLIST - DVD - BÆKUR

Vörur frá kr. 299

KR. 999 · KR. 999 · KR. 999 · KR. 999 · KR. 799 · KR. 999 · KR. 999

KR. 999 · KR. 999 · KR. 999 · 2CD KR. 999 · KR. 799 · KR. 499 · KR. 499

KR. 599 · KR. 799 · KR. 999 · KR. 999 · KR. 999 · KR. 799 · KR. 599

KR. 599 · KR. 599

Þúsundir titla í boði

Nýjar vörur daglega

OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR


MÓSES HIGHTOWER


RÖKKURRÓ

> Í SPILARANUM

Arcade Fire - The Suburbs
Martina Topley-Bird - Some Place Simple
Móses Hightower - Búum til börn
Rökkurró - Í annan heim

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## TÍMAVÉLIN THE CARPENTERS SLÆR Í GEGN Í JÚLÍ ÁRIÐ 1970

# *Ástarlag Homers og Marge á toppinn*

- (They Long to Be) Close to You var samið af Burt Bacharach og Hal David og gefið út á smáskífu árið 1963 og náði ekki teljandi vinsældum.
- Karen og Richard Carpenter tóku lagið upp á sína arma árið 1970 þegar þau gáfu út plötuna Close to You.
- Lagið kom þeim á kortið og sat í efsta sæti Billboard-listans í heilan mánuð.
- Carpenters-hjónin fengu fyrstu Grammy-verðlaunin sín fyrir lagið árið 1971. Þau fengu alls þrjú Grammy-verðlaun á ferlinum.
- Lagið er einnig þekkt sem ástarlag Homers og Marge Simpson, en það hefur ósjaldan heyrst í þáttunum og byrjar á orðunum „Why do birds suddenly appear?“



- Fjölmargir listamenn hafa flutt lagið í gegnum tíðina. Emo-hljómsveitin My Chemical Romance flutti það til að mynda á þungarokkshátíðinni Download árið 2005.
- Tvær japanskar hljómsveitir tóku upp lagið í fyrra, BENI og Every Little Thing.
- Þá hafa Billy Corgan og félagar í Smashing Pumpkins tekið lagið á tónleikum og gefið út á plötu.
- Karen Carpenter lést árið 1983 og þar með lauk sigurgöngu hljómsveitarinnar.
- Richard Carpenter er 63 ára í dag og vinnur að útgáfu jólaplötu sem hefur ekki fengið útgáfudag.



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Fyrir lengra komna*

Tónlistarheiminum hafa lengi fylgt tímarit sem hafa haft mikil áhrif. Þegar ég var að byrja að fylgjast með voru bresku vikublöðin NME, Melody Maker og Sounds mikið lesin, en að auki gleypti maður í sig fróðleik úr Zigzag, Rolling Stone og Creem þegar maður náði í þau. Þetta var fyrir tíma Netsins þannig að tónlistaruppeldið kom úr þessum blöðum að ógleymdum útvarpsþættinum Áföngum sem Ásmundur Jónsson og Guðni Rúnar Agnarsson sáu um sællar minningar.




Öll þessi blöð heyra nú sögunni til, nema NME og Rolling Stone. Og mörg hafa komið og farið. Mánaðarblöð tóku við af vikublöðunum í Bretlandi. Fyrst kom Q árið 1986 og sló í gegn og blöð eins og Select og Vox fylgdu í kjölfarið og svo Mojo (1993) og Uncut (1997). Í þeim tveimur síðasttöldu var áherslan á vandaðar og veglegar greinar um tónlistarmenn og tónlistarstefnur úr fortíðinni, hvort sem við tölum um Dylan og Stones, krautrokk, post-pönk, soul, fönk, ska eða sýrurokk. Bæði blöðin voru stíluð inn á eldri lesendur. Þau hafa haldið velli, en eru í dag mikið að endurtaka sig. Maður les þau samt enn, ólíkt t.d. Q sem er orðið útþynnt og ólesandi.

Netmiðlar sjá í dag að mestu um að kynna nýja listamenn, en nýlega bættust við tveir miðlar fyrir okkur gömlu hundana sem viljum kafa enn dýpra í söguna. Þeir eru báðir samstarfsverkefni nokkurra helstu rokkblaðamanna heims. Annar er netsíðan www.rocksbackpages.com en hún birtir efni úr tónlistarmiðlum síðustu áratuga. Hinn er tímaritið Loops. Það er gefið út af Domino Records og Faber-bókaútgáfunni og kemur út tvisvar á ári. Og nú er kafað djúpt. Í nýjasta tölublaði er m.a. 36 þúsund orða langloka um Michael Jackson eftir Paul Morley og greinar um árið 1973, Manchester, Prince, Napalm Death, Cramps, Loftklúbbinn í New York og Serge Gainsbourg.


**WIN BUTLER** Forsprakki Arcade Fire, Win Butler, syngur um æsku sína í Houston á nýju plötunni The Suburbs. NORDICPHOTOS/AFP

# Syngja um æskuslóðirnar

**Þriðja plata kanadísku hljómsveitarinnar Arcade Fire, The Suburbs, kemur út eftir verslunarmannahelgi.**

Þriðja plata Arcade Fire, The Suburbs, kemur út eftir verslunarmannahelgi og hefur hennar verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Hljómurinn á plötunni er ferskur, þó svo að ekki hafi miklar breytingar orðið á tónlistarstefnunni. Indí-popp með dimmum undirtón ræður enn ríkjum og textarnir eru forvitnilegir sem fyrr.

Í þetta sinn byggja textarnir á barnæsku þeirra meðlima Arcade Fire sem ólust upp í úthverfum borgarinnar Houston í Texas. Forsprakkinn, Win Butler, fékk hugmyndina þegar sveitin var í ársfríi eftir langt og strangt tónleikaferðalag til að fylgja eftir síðustu plötu, Neon Bible. Þá fékk hann tölvupóst frá gömlum vini frá Houston. „Hann sendi okkur mynd af sér með dóttur sína á háhesti í stórmarkaðinum sem var rétt hjá heimilum okkar,“ sagði Butler. „Að sjá þennan kunnuglega stað og vin minn með barnið sitt vakti ýmsar tilfinningar frá þessum tíma. Ég fór að hugsa mikið um bæinn þar sem við ólumst upp og í framhaldinu reyndi ég að muna eins mikið og ég gat. Í lífinu vill maður skilja hvaðan maður kemur og hver maður er. Fólki finnst oft erfitt að ná ekki tengslum við æskuna og sitt gamla líf. Ef þú ætlar að semja lög um æskuslóðirnar verðurðu að átta þig á hvers konar manneskja þú ert.“

> „Í lífinu vill maður skilja hvaðan maður kemur og hver maður er.“
>
> WIN BUTLER. SÖNGVARI ARCADE FIRE

Arcade Fire var stofnuð í Montréal í Kanada 2003 af Butler og eiginkonu hans, Régine Chassagne. Fyrsta stóra platan, Funeral, kom út ári síðar og eftir að hún var endurútgefin 2005 sló hljómsveitin í gegn. Næsta plata á eftir, Neon Bible, kom út 2007 og hlaut, eins og sú fyrri, mjög góðar viðtökur tónlistargagnrýnenda.

Sextán lög eru á The Suburbs og umslagið kemur út í átta mismunandi útgáfum. Til marks um athyglina sem Arcade Fire vekur verður sýnt beint frá tónleikum hennar í Madison Square Garden 5. ágúst á Youtube. Áhorfendur geta valið um nokkur sjónarhorn frá tónleikunum og hinn virti leikstjóri Terry Gilliam úr Monty Python-hópnum ætlar að sjá um að allt sjónarspilið gangi upp.

freyr@frettabladid.is




# Hættir að drekka á tónleikum

Jamie Reynolds, bassaleikari og söngvari The Klaxons, segir að hljómsveitin spili núna edrú á öllum tónleikum. Þetta ákváðu þeir félagar eftir að hafa unnið með upptökustjóranum Ross Robinson við gerð annarrar plötu sinnar, Surfing the Void.

Reynolds telur að þessi ákvörðun hafi gert The Klaxons að betri tónleikasveit, en þeir félagar spiluðu á Iceland Airwaves-hátíðinni 2006 í Hafnarhúsinu. „Við áttuðum okkur á því að við getum spilað þessi lög allsgáðir og náð fram því besta í þeim. Áður fyrr hljómuðu þau eins og lestarslys,“ sagði Reynolds. Spurður hvort það hafi verið meðvituð ákvörðun að drekka ekki áður en þeir færu á svið sagði hann: „Nei, við ákváðum þetta eiginlega eftir að hafa unnið með Ross. Ég meina, þannig tókum við upp plötuna og þessi hugsun hélt áfram þegar við fórum að spila lögin af henni. Núna hljóma öll gömlu lögin betur og þessi nýju hljóma líka frábærlega. Við erum mjög spenntir fyrir komandi tímum.“


**THE KLAXONS** Bresku strákarnir eru hættir að drekka sig fulla áður en þeir stíga á svið.

Surfing the Void kemur út 23. ágúst. Fyrsta plata sveitarinnar, Myths of the Near Future, kom út 2007 og vann hin virtu Mercury-verðlaun í Bretlandi.

HÚSGAGNAHÖLLIN

# SUMARTILBOÐ

## NJÓTTU ÞESS BESTA Í SUMAR

**LOKAÐ SUNNUDAG OG MÁNUDAG, FRÍDAG VERSLUNARMANNA**




**LARAMIE** 3 sæta sófi. B:220 D:95 H:95 cm. Fæst einnig 2 sæta. B:170 D:95 H:95 cm. **139.990** fullt verð ~~159.990.~~ **LARAMIE** stóll. B:111 D:95 H:95 cm. **79.990** fullt verð ~~99.990.~~

**3 SÆTA SÓFI**
**159.990**
**FULLT VERÐ: 179.980**

**VINTAGE** sófaborð, B:101,5 L:185 H:54 cm.

**SÓFABORÐ**
**59.990**
**FULLT VERÐ: 199.980**



**ARINN 9800** Mahony. B:120 D:28 H:170 cm.

**89.980**
**FULLT VERÐ: 109.980**




**LEAH** svefnsófi, fæst með sand áklæði. B:209 H:84. Dýna: 153 x 190 cm.

**SVEFNSÓFI**
**169.990**
**FULLT VERÐ: 274.980**



**ARINN 1900** Mahony. B:112 D:26 H:106 cm.

**99.980**
**FULLT VERÐ: 119.980**




LA-Z-BOY

**ASPEN** La-z-boy stóll. B:85 D:85 H:100 cm. Fæst með rauðu, natur og brúnu áklæði.

**74.980**
**FULLT VERÐ: 99.980**




LA-Z-BOY

**ANDERSON** La-z-boy stóll. B:80 D:85 H:100 cm. Fæst með rauðu og brúnu áklæði.

**59.990**
**FULLT VERÐ: 79.980**




LA-Z-BOY

**RIALTO** La-z-boy stóll. B:80 D:90 H:150 cm. Fæst með hvítu, svörtu og brúnu leðri.

**127.980**
**FULLT VERÐ: 159.980**

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

## >FLUGMAÐUR Í NÝRRI MYND

Leikkonan **Blake Lively**, sem flestir þekkja úr sjónvarpsþáttunum Gossip Girl, hefur tekið að sér hlutverk í myndinni Green Lantern sem er væntanleg á næsta ári. Þar leikur hún á móti leikaranum Ryan Reynolds og leika þau flugmenn á orrustuþotum sem fljúga út í geim. Þetta er í fyrsta sinn sem Lively landar hlutverki í stórmynd.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Tekin upp í Svíþjóð

Eins og flestum er kunnugt vinnur leikstjórinn David Fincher nú hörðum höndum að því að undirbúa tökur á myndinni, The girl with the dragon tattoo, sem er byggð á metsölubókinni Karlar sem hata konur eftir sænska höfundinn Stieg Larsson.

Flestir bjuggust við því að Fincher myndi laga söguþráðinn og stemningu kvikmyndarinnar að bandarískum aðstæðum og umhverfi en því vísar hann á bug. Myndin verður tekin upp í Stokkhólmi og bænum Uppsölum rétt fyrir utan höfuðborgina. „Það er ekki hægt að skapa magnþrunginn og dularfullan sænskan vetur í Seattle. Við verðum að gera þetta alvöru," segir Fincher um þessa ákvörðun sína. Það mun því verða stjörnufans í Stokkhólmi á meðan á upptökum stendur og Svíarnir vafalítið spenntir yfir þessu.

Fincher, sem er hvað þekktastur fyrir að hafa leikstýrt myndinni The Curious Case of Benjamin Button, hefur alltaf verið þögull sem gröfin um myndina og vill ekki mikið gefa út á fleiri atriði varðandi myndina.

Á dögunum var staðfest að leikarinn Daniel Craig mun leika blaðamanninn óhrædda, Mikael Blomkvist, en ekkert hefur komið í ljós hver leikur pönkaða tölvusnillinginn Lisbet Salander en ungar Hollywood-leikkonur virðast slást um hlutverkið. Myndina á að frumsýna í desember 2011.



**DAVID FINCHER** Ætlar ekki að reyna að búa til sænska stemmingu í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Byrjuð að leika



**FORSETAFRÚIN** Carla Bruni-Sarkozy leikur í nýrri mynd Woody Allen.

Forsetafrú Frakklands, Carla Bruni-Sarkozy, getur nú bætt leikarafaginu á ferilskrána eftir að tökur hófust á nýrri mynd Woody Allen, Midnight in Paris. Bruni leikur safnstjóra í myndinni og á móti henni leikur Hollywood-stjarnan Owen Wilson. Þetta er í fyrsta sinn sem forsetafrúin leikur en hún hefur bæði gefið út tónlist og setið fyrir á ljósmyndum. „Ég veit ekkert hvort ég get leikið og það getur vel verið að ég sé skelfileg leikkona en ég verð að taka áhættuna. Þá get ég sagt barnabörnum mínum að ég hafi leikið í Woody Allen-mynd þegar ég var ung," segir Carla en myndin verður frumsýnd á næsta ári.

# Nær ekki toppnum

Nýjasta kvikmynd Angelinu Jolie, spæjaramyndin Salt, náði ekki að slá kvikmyndina Inception af toppi aðsóknarmestu kvikmynda í Bandaríkjunum. Myndin var frumsýnd um helgina og var búið að spá því að hún myndi velta draumamynd Christophers Nolan, Inception, úr sessi en sú er búin að sitja á toppnum frá því hún var frumsýnd í byrjun mánaðarins.

Í kvikmyndinni Salt leikur Angelina Jolie rannsóknarlögreglukonu hjá CIA sem er sökuð um að vera rússneskur njósnari.



**ANNAÐ SÆTIÐ** Nýjasta mynd Angelinu Jolie, Salt, var í öðru sæti yfir aðsóknarmestu kvikmyndir í Bandaríkjunum.

# Karate-strákurinn snýr aftur á hvíta tjaldið

**Karatestrákurinn og meistari hans eru mættir aftur á hvíta tjaldið í myndinni Karate Kid en í þetta sinn eru það sjálfur Jackie Chan og ungstirnið Jaden Smith sem fara með aðalhlutverkin. Myndin er endurgerð samnefndrar kvikmyndar frá árinu 1984 og nú eru áhorfendur leiddir inn í hinn forboðna heim karatelistarinnar á ný. Myndin var frumsýnd í íslenskum bíóhúsum í gær.**



**MEISTARI OG NEMI** Jackie Chan og Jaden Smith leika aðalhlutverkin í nýju útgáfunni af Karate Kid.

Það er erfitt fyrir tólf ára gamlan strák að finna sig í nýju umhverfi en það fær Dre Parker, frá Detroit, að upplifa þegar hann neyðist til að flytja með móður sinni yfir hnöttinn og alla leið til Kína. Nýr skóli, nýir siðir og allt önnur menning blasir við Parker, sem á í útistöðum við kínverska skólabræður sína. Þegar húsvörður skólans kemur Parker til bjargar einn daginn kynnist Parker bardagaíþróttinni karate. Húsvörðurinn, Mr. Han, reynist vera karatemeistari og hefst hann handa við að kenna Parker listina bak við íþróttina svo hann geti tekist á við skólafélagana og jafnvel heillað stelpu upp úr skónum.

Með aðalhlutverk í myndinni fara Jackie Chan og það er ungstirnið Jaden Smith sem leikur karatenemann frá Detroit. Hann hefur meðal annars leikið í Pursuit for Happiness með föður sínum, Will Smith, en hann og móðir hans, Jada Pinkett Smith, eru einmitt framleiðendur myndarinnar. Leikstjóri er hinn norskhollenski Harald Zwart sem meðal annars hefur gert myndir á borð við Pink Panther og Agent Cody Banks. Hann er ættaður frá bænum Fredrikstad, rétt fyrir utan Ósló í Noregi, og var mikil glamúr-frumsýning þar á kvikmyndinni í síðustu viku þar sem allar stjörnur myndarinnar fjölmenntu. Það er ekki vanalegt að Hollywood-stjörnur leggi leið sína í smábæ í Noregi til að kynna kvikmynd og vakti það mikla athygli fjölmiðla.

Karate Kid hefur fengið ágætis dóma og fékk góða aðsókn vestanhafs þegar hún var frumsýnd í byrjun sumars. Blaðamaður Time gefur henni góða dóma og hrósar sérstaklega aðalleikaranum, Jaden Smith, og segir hann hafa allt til brunns að bera til að verða stærri stjarna en pabbinn, Will Smith. Spurning hvort þessi mynd verði jafn vinsæl og hin fyrri sem hratt af stað karateæði meðal ungmenna á níunda áratugnum.

alfrun@frettabladid.is

### HVAÐ VARÐ UM RALPH MACCHIO?

Ungi leikarinn Ralph George Macchio skaust upp á stjörnuhimininn þegar fyrsta Karate Kid-myndin var frumsýnd árið 1984. Hann varð ein helsta táningastjarnan og eftirsóttur fjölmiðlamatur. Macchio lék einnig í tveimur framhaldsmyndum Karate Kid árin ´86 og ´89 en hann var tilnefndur til Razzie-verðlaunanna fyrir þá síðarnefndu.

Í dag ber ekki mikið á kappanum sem hefur varla fengið kvikmyndahlutverk síðan ævintýrum karatestráksins lauk. Glöggir sjónvarpsáhorfendur geta þó hafa séð honum bregða fyrir í aukahlutverkum í Ugly Betty, Entourage og Law and Order-sjónvarpsþáttunum á síðustu árum.




ERTU AÐ FARA Í SUMARFRÍ?

Þú getur afpantað Fréttablaðið á meðan þú ert að heiman.
Hafðu samband í grænt númer 800-1177 eða sendu póst á netfangið dreifing@posthusid.is

Póst húsið

Pósthúsið ehf. annast dreifingu Fréttablaðsins, nánari upplýsingar á www.visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...


# Stjörnum prýdd Avengers

Teiknimyndasöguhátíðin Comic Con fór fram um helgina í San Diego en þar voru kynntir leikararnir sem munu leika ofurhetjurnar í kvikmyndinni Avengers. Myndin er byggð á samnefndum teiknimyndasögum og mun Joss Whedon leikstýra. Í Avengers koma saman margar af helstu ofurhetjum hvíta tjaldsins og myndarinnar því beðið með eftirvæntingu af aðdáendum.

Robert Downey Jr. mun fara með gamalkunnugt hlutverk Iron Man en hann hefur nú þegar leikið járnmanninn í tveimur myndum. Mark Ruffalo bregður sér í líki The Incredible Hulk og Chris Evans stígur á svið sem Captain America. Einnig er Jeremy Renner, sem var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í myndinni Hurt Locker, á leikaralistanum en hann á að leika hetjuna Hawkeye. Hollywood-stjarnan Scarlet Johansson er eina konan á leikaralistanum en hún mun fara með hlutverk svörtu ekkjunnar, eða The Black Widow. Af leikaralistanum að dæma má gera ráð fyrir að myndin verði ein af stórmyndum ársins 2012.





**JÁRNKARLINN** Robert Downey Jr. fer með hlutverk Iron Man á ný í væntanlegri mynd um ofurhetjurnar Avengers. Scarlet Johansson bregður sér í líki The Black Widow í myndinni.


RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
SUMAR ÚTSALA
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM!
Tjöld
Mikið úrval af tjöldum í mörgum stærðum og gerðum á góðu verði!
1.895,-
TJÖLD VERÐ FRÁ
Svefnpokar
Frábært úrval af svefnpokum á frábæru verði!
1.695,-
SVEFNPOKAR VERÐ FRÁ
Velour vindsængur
Mikið úrval af vindsængum í mörgum stærðum á frábæru verði!
1.895,-
VINDSÆNGUR VERÐ FRÁ:
INTEX
INTEX
INTEX
INTEX

> VILL LÍKJAST MINOGUE

Hótelerfinginn **Paris Hilton** sótti innblástur til uppáhaldssöngkonu sinnar, Kylie Minogue, á væntanlegri plötu sinni. „Ég hef alltaf dýrkað Kylie Minogue. Hún er í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég vil feta í fótspor hennar. Hún syngur ótrúlega vel og hún lítur rosalega vel út,“ sagði Hilton.



# Fólk

folk@frettabla

# Fer á puttanum til Akureyrar

„Ég get ekki sagt að ég sé mikill göngugarpur, en ég er frekar mikill fíkill á að gera eitthvað skemmtilegt. Helgin var alveg opin hjá mér og ég var til í allt þannig að þetta var alveg tilvalið,“ segir Sigríður Garðarsdóttir.

Síðustu daga hefur útvarpsstöðin FM 957 leitað að einstaklingi sem er tilbúinn að leggja það á sig að fara fótgangandi til Akureyrar á tónlistarhátíðina „Þriggja daga vakt“ um verslunarmannahelgina. Fjöldinn allur af ævintýragjörnum Íslendingum sendi tölvupóst, og eftir litla keppni á milli þriggja aðila bar Sigga sigur úr býtum. Sigga lagði af stað norður til Akureyrar í hádeginu í gær fótgangandi frá Reykjavík til Akureyrar. Reglurnar eru þær að Sigga má húkka sér far með eins mörgum bílum og hún vill, en má þó ekki sitja lengri vegalengd en 50 kílómetra í einu í hverjum bíl.




**SIGGA GÖNGUGARPUR** Lagði af stað á puttanum til Akureyrar í gær og hefur leyfi til að sitja 50 kílómetra í senn í hverjum bíl.

„Ég er búin að taka mig til og er nú að redda bílnum mínum svo hann komist norður til mín. Svo er ég bara nokkuð góð í að leggja í hann,“ segir Sigga. „Ég held þetta taki um sex til sjö klukkutíma en það fer alveg eftir því hvað fólk er viljugt til að taka mig upp í.“

Sigga segist ekki hafa undirbúið sitt neitt sérstaklega fyrir ferðina heldur hafi átt góða úlpu og skó inni í skáp sem ætti að duga þar sem veðrið er mjög gott. „Ég hef engar áhyggjur á því að fá ekki far. Það hlýtur einhver að vilja taka mig upp í, ef ekki þá hafa vinir mínir boðist til að bjarga mér. Það er gott að eiga góða vini,“ segir Sigga spennt fyrir ævintýrinu. - ls

# Óvænt tónleikaferð

Madonna er sögð ætla í nýja tónleikaferð sem sækir innblástur í uppvöxt hennar í New York-borg. Söngkonan er þessa dagana að hnýta lausa enda áður en tilkynning þess efnis fer í loftið. Tónleikaferðin á að hefjast í haust og standa yfir í hálft ár. Madonna hélt prufur í London í síðustu viku fyrir dansara sem eiga að taka þátt í ferðinni og gengu þær vel. „Þetta verður stærsta og óvæntasta tónleikaferð hennar til þessa,“ sagði heimildarmaður. „Hún ætlar að snúa sér að rótum sínum úr New York með hip hop-áhrifum og leggur mikla áherslu á flott dansatriði.“



**MADONNA** Söngkonan ætlar í tónleikaferð sem sækir innblástur í uppvöxt hennar í New York-borg.

Síðustu tónleikaferð Madonnu, Sticky & Sweet, lauk í Tel Avív í september í fyrra. Söngkonan þénaði hvorki meira né minna en 408 milljónir dollara á henni, eða tæpa fimmtíu milljarða króna.



# Emma fær stjörnu í Hollywood

Breska leikkonan Emma Thompson fær sína eigin stjörnu á frægðarstétt Hollywood í næsta mánuði. Á meðal þeirra sem verða viðstaddir athöfnina er landi hennar, leikarinn Hugh Laurie úr læknaþættinum House. Thompson, sem er 51 árs, hefur hlotið fjölda viðurkenninga á ferli sínum, þar á meðal tvenn Óskarsverðlaun fyrir myndirnar Howards End og Sense and Sensibility ásamt tvennum Golden Globe-verðlaunum. Thompson verður sú 2.416 sem fær þessa frægu stjörnu á frægðarstétt Hollywood Boulevard.

**EMMA THOMPSON** Breska leikkonan fær eigin stjörnu á frægðarstétt Hollywood í næsta mánuði.

# Laxdal í guðatölu í Brasilíu

**Myndband af frægu fagni Stjörnunnar fer eins og eldur í sinu um Netið og vekur athygli víða um heim. Laxinn í fagninu, Jóhann Laxdal, fær vinabeiðnir frá Brasilíumönnum og breska götublaðið The Sun skrifar daglegar fréttir um liðið.**

„Það er erfitt að toppa þetta. Nú þurfum við að leggja höfuðin í bleyti og koma með skemmtileg fögn,“ segir fótboltakappinn Jóhann Laxdal.

Jóhann og félagar í Stjörnunni hafa vakið heimsathygli eftir að myndband af fagnaðartilþrifum þeirra var sett á Youtube. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær var teljarinn kominn í tvær milljónir og myndbandið er ofarlega á listum yfir mest spiluðu myndbönd þessarar einnar vinsælustu vefsíðu heims.

Aðspurður segist Jóhann finna fyrir erlendri athygli, enda laxataktar hans kostulegir. „Ég var að fá símtal frá Noregi og það var einhver stöð að tala við mig,“ segir hann. „Svo eru fullt af gaurum frá Brasilíu búnir að adda mér á Facebook eru þvílíkt að spjalla eins og ég sé guð hjá þeim. Þeir segja að ég sé umtalaður þar. Svakalegt.“

Breska götublaðið The Sun birti í gær myndband sem sýnir fleiri fagnaðartilþrif Stjörnunnar, en blaðið var með þeim fyrstu sem veittu veiðifagninu athygli. Jóhann segir að athyglin ætti að geta skilað sér í aðsókn á leiki. „Jú, ég held það. Þetta er ekki slæmt, fólk hlýtur að vilja koma á völlinn og sjá flott fögn,“ segir hann. „Þetta verður líka örugglega hvatning fyrir fólk að mæta.



**VINSÆLIR** Lið Stjörnunnar vekur athygli víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## VINSÆLT Á YOUTUBE

- Ísland-Svíþjóð (2007). Ívar Ingimarsson hélt að dómarinn hefði dæmt vítaspyrnu eftir að boltinn fór í hönd hans og lét Svía hafa boltann. Þeir þökkuðu fyrir sig og skoruðu auðveldlega. Áhorf: Tæpar 3,6 milljónir.
- Grín með sleif (2010). Tveir bræður á Kópaskeri stríddu þeim þriðja með sleif á óborganlegan hátt. Áhorf: Tæp 600 þúsund.
- Eldgos á Fimmvörðuhálsi (2010). Útlendingar heilluðust af íslenskri náttúru í þessu magnaða myndbandi. Áhorf: Tæp milljón.
- Elíza Geirsdóttir (2010). Söngkonan spilaði lag um eldgosið í Eyjafjallafjökli á sjónvarpsstöðinni Al Jazeera í Englandi. Áhorf: 230 þúsund.
- Stjarnan-Fylkir (2010). „Laxafagn“ Stjörnumanna fer eins og eldur í sinu um netheima. Áhorf: Tæpar 2 milljónir.

JAMIS BICYCLES

0% VAXTALAUSAR LÉTTGREIÐSLUR allt að 6 mánuðum!



25% afsláttur af öllum hjólum

Hjóladeildin er í Holtagörðum

*Láttu allt að 6 mánaða léttgreiðslu létta þér lífið



**Jamis Earth Cruiser 2**
Frábært borgarhjól, 6 litir
Dömuhjól: bleikt, ljós blátt, grænt og hvítt
Herrra: Svart og blátt, verð áður 49.990.-
Tilboðsverð: 37.493 kr.



**Jamis Boss Cruiser**
Lazyboy á hjólum, 7-gíra, 4 litir
Dömuhjól: ljós blátt, fjólublátt og hvítt
Herrahjól: svart, verð áður 67.990.-
Tilboðsverð: 50.993 kr.



**Jamis Commuter 1**
Klassískt götuhjól, Álstell,3-gírar
Dömu og herra 2 litir : grátt og blátt,
verð áður 71.990.-
Tilboðsverð: 53.993 kr.

Skoðaðu allt úrvalið á www.utilif.is

HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

ÍSLENSKA/SIA.IS UTI 50546 06/10

BJARTUR KYNNIR: **ÞRJÁR STÓRKOSTLEGAR KILJUR**

# ÓMISSANDI




„Stórkostlegt byrjendaverk, grípandi frá fyrstu síðu og slær enga feilnótu.“ – Frankfurter Allgemeine Sonntagszeitung

Maður heggur konu sína í spað en hlýtur vægustu refsingu. **Sannar sögur af sérstökum sakamálum** og skrýtnum örlögum, stórar spurningar um glæp og refsingu.

Þrefaldur handhafi Gullna rýtingsins




**Fred Vargas** er frönsk skvísa, alþjóðlegur og margverðlaunaður metsöluhöfundur. Aðalpersónan **Adamsberg**, með sitt djúpa innsæi, er einstaklega heillandi enda á hann sér fjölmarga aðdáendur.




„Besta bók ársins“ – The Times

**Ein og sönn sumarlesning**: „Blandið saman í stórum potti, piprið með væntumþykkju, krúttlegheitum og gamansögum, hrærið vel og útkoman verður Bókmennta- og kartöflubókufélagið ... Vel skrifuð skemmtilesning“ – **BHÓ Midjan.is**

BJARTUR
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK



Einn skipverjanna á Helliseynni farðaður fyrir atriði í myndinni.



Jóhann G. Jóhannsson og Stefán Hallur Stefánsson fara með hlutverk í Djúpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ólafur Darri fer með hlutverk Guðlaugs Friðþórssonar. Hérna rýnir hann í bók á tökustað.

# Tökur um borð í Hellisey



Tökur á kvikmyndinni Djúpið hófust á þriðjudag. Þetta er stærsta mynd leikstjórans Baltasars Kormáks sem hann tekur upp á íslensku. Djúpið fjallar um harmleikinn við Heimaey árið 1984 þegar skipið Hellisey sökk með þeim afleiðingum að fjórir létust. Guðlaugur Friðþórsson vann það afrek að synda fimm kílómetra til Eyja og fer Ólafur Darri Ólafsson með hlutverk hans. „Þetta leggst rosalega vel í mig,“ segir leikstjórinn Baltasar Kormákur. „Þetta er stærsta mynd sem ég hef tekið á íslensku og við verðum þarna með níu tonna bát sem við sökkvum.“ Hann bætir við að viðbrögðin við handritinu hafi verið mjög góð og vel hafi gengið að fjármagna myndina. Tökur á Djúpinu standa yfir út ágústmánuð og halda síðan áfram í vetur.





Leikarar í Djúpinu um borð í endurgerðri útgáfu af bátnum Hellisey.


Leikarinn Björn Thors undir sæng í káetunni um borð í Helliseynni.


Baltasar Kormákur skipuleggur atriði í Djúpinu.

# Elton hringir í Eminem í hverri viku

Tónlistarmaðurinn Elton John hringir í rapparann Eminem í hverri viku til að ganga úr skugga um hvort hann sé allsgáður. Eminem aflýsti tónleikaferð sinni fyrir fimm árum vegna fíknar í lyfseðilsskyld lyf. „Elton hringir í mig einu sinni í viku. Hann er í þessum bransa og veit hversu erfitt getur verið að halda dampi. Hann skilur vel álagið sem er á listamönnum,“ sagði Eminem. Hinn 63 ára Elton átti sjálfur við kókaínfíkn að stríða og misnotaði áfengi en tókst að sigrast á vandanum. Hann og Eminem hafa verið góðir vinir síðan þeir sungu saman á Grammy-verðlaunnunum árið 2001.


**EMINEM** Rapparinn Eminem fær símtal frá Elton John í hverri viku.

# Crowe í Ben Húr



Leikarinn Russell Crowe hefur samþykkt að taka þátt í Ben Húr-sýningu sem verður haldin í föðurlandi hans, Ástralíu. Sýningin er byggð á samnefndri kvikmynd og fjallar um þræl sem bauð rómverska keisaraveldinu birginn, rétt eins og Crowe gerði í myndinni Gladiator. Í þetta sinn verður leikarinn í hlutverki sögumanns og verður því eingöngu á bak við tjöldin. „Það rennur upp sú stund í lífi hvers skylmingaþræls að hann þarf að stíga af stalli og gefa öðrum tækifæri,“ sagði Crowe. „Þetta er risavaxin sýning. Það hefur verið mikill metnaður lagður í hana og ég varð bara að vera með.“ Yfir tvö þúsund manns taka þátt í sýningunni, sem var upphaflega sýnd í Frakklandi árið 2006.

**RUSSELL CROWE** Leikarinn hefur samþykkt að taka þátt í Ben Húr-sýningu í föðurlandi sínu, Ástralíu.



NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KARATE KID | kl. 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| KARATE KID LÚXUS | kl. 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| BABIES | kl. 6 - 8 | L |
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |
| SHREK 4 3D ENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 10 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | kl. 6 - 8 - 9 - 10.45 | L |
| BABIES | kl. 6 | L |
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| KILLERS | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 | L |
| THE A TEAM | kl. 5.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| PREDATORS | kl. 10 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | 5, 8 og 10 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 3D | 4 og 6 | L |
| SHREK 4 ENSKT TAL 3D | 8 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 2D | 4 | L |
| PREDATORS | 10.40 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP |
| SHREK-3D ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ensku Tali | kl. 1:30 -3:40 - 8 - 10 | L |
| BOÐBERI | kl. 5:50 - 10:30 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. | kl. 1:30 - 1:50 - 3:40 - 5:50 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |

MUNUM EFTIR 3D GLERAUGUNUM

ATHUGIÐ AÐ 3D GLERAUGU ERU EKKI INNI Í MIÐAVERÐI, HÆGT ER AÐ VERSLA ÞAU SÉR OG NÝTA AFTUR

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER - 3D M/ ensku Tali | kl. 8 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 3:20 - 5:40 - 8 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - ísl tal | kl. 6 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 8 | L |
| GROWN UPS | kl. 10:10 | L |


## VINSÆLDIR Á BANDARÍSKA BILLBOARD 200-LISTANUM




# Stelpurnar ráða úrslitum

**Breskar hljómsveitir eiga oft erfitt með ná sömu vinsældum í Bandaríkjunum og þær ná í Evrópu. Oasis tókst það, en ekki Blur. Coldplay tókst það líka skömmu eftir að Chris Martin kynntist Gwyneth Paltrow. Tilviljun? Kannski. En kannski ekki.**

POPPBRANSINN

Verður Muse stærsta hljómsveit heims í kjölfar sambands Matts Bellamy og Kate Hudson?

Fyrstu tilraunir Muse til að koma sér á framfæri í Bandaríkjunum reyndust árangurslausar. Platan Origin of Symmetry, sem kom hljómsveitinni á kortið í Evrópu árið 2001, kom ekki út í Bandaríkjunum fyrr en árið 2005 og skreið ekki inn á Billboard 200-listann fyrr en í febrúar í ár. Þá náði hún 161. sæti.

Muse gaf út Absolution árið 2003. Platan komst ofarlega á lista víða um heim, fór á toppinn í Bretlandi og Frakklandi, en náði aðeins 107. sæti í Bandaríkjunum. Næsta plata, Black Holes and Revelations náði einnig glæstum árangri í Evrópu; fór beint á toppinn í Bretlandi, Írlandi, Austurríki og kleif hátt víðar. Platan náði einnig níunda sæti í Bandaríkjunum sem var langbesti árangur hljómsveitarinnar þar í landi. Vinsældirnar vestanhafs voru þó ekkert miðað við ofurvinsældirnar í Evrópu, þar

> Kate er frábær. Við höfum reynt að halda sambandinu leyndu og höfum því ekki uppljóstrað hvernig við kynntumst.
>
> **MATT BELLAMY**
> SÖNGVARI MUSE

sem hljómsveitin hefur fyllt risavaxnar tónleikahallir ár eftir ár.

Árið 2008 kom Hollywood til sögunnar. Kate Hudson var ekki mætt, en Muse átti lag í fyrstu Twilight-myndinni af þremur. Myndirnar hafa slegið í gegn og strákarnir í Muse telja að þær séu að hjálpa hljómsveitinni að sigra Bandaríkin. „Það er náttúrulega Twilight-æði í gangi,“ sagði bassaleikarinn Chris Wolstenholme í samtali við vefmiðilinn Asia One. „Það er gott fyrir okkur vegna þess að myndirnar hjálpuðu til við að koma okkur á framfæri í Bandaríkjunum.“ Tölurnar tala sínu máli og í fyrra, ári eftir útkomu Twilight, náði The Resistance, nýjasta plata Muse. þriðja sæti Billboard 200-listans.

Plötusala er ekki stærsta sneið kökunnar þessa stundina, en tónleikar færa hljómsveitunum beikonið í dag. Muse er byrjuð að fylla tónleikahallir í Bandaríkjunum, en vinsældunum þarf að viðhalda með nýrri tónlist og kannski einhverju öðru. Og þá, gott fólk, kemur Kate Hudson til sögunnar.

Matt Bellamy, söngvari Muse, og leikkonan Kate Hudson opinberuðu ástarsamband sitt á Glastonbury-hátíðinni í lok júní. Stuttu síðar tjáði Bellamy sig um sambandið í samtali við dagblaðið The Mirror. og sagði allt ganga gríðarlega vel í augnablikinu. „Ég er mjög hamingjusamur,“ sagði hann. „Við skemmtum okkur mjög vel saman á Glastonbury og ætlum að sjá hvert sambandið leiðir okkur. Kate er frábær. Við höfum reynt að halda sambandinu leyndu og höfum því ekki ljóstrað því upp hvernig við kynntumst.“

Og hvernig kemur þetta samband uppgangi Muse við? Akkúrat svona: Chris Martin og hljómsveitin Coldplay (þú kannast kannski við hana) gáfu út fyrstu plötuna sína árið 2000 og náðu 51. sæti bandaríska Billboard 200-listans, en fór á toppinn í Bretlandi. Árið 2002 kynntist hann Hollywood-stórstjörnunni Gwyneth Paltrow. Sama ár kom út platan A Rush of Blood to the Head og náði fimmta sæti í Bandaríkjunum. Ári síðar giftu þau sig. Árið 2005 kom svo út platan X&Y og búmm! Coldplay fór á toppinn um allan heim – þar á meðal í Bandaríkjunum. Sama gerðist árið 2008 þegar Coldplay gaf út Viva la Vida or Death and All His Friends.

Coldplay er á topp tíu lista yfir stærstu hljómsveitir heims og halaði inn hátt í sex milljarða íslenskra króna á tónleikaferðalagi tæpum tveimur árum eftir að síðasta plata kom út. Tvöfaldaðu þá upphæð og þú ert kominn með veltu hljómsveitarinnar frá 2008. Nú þarf Matt Bellamy að fara á skeljarnar og Muse getur orðið ein stærsta hljómsveit heims.

atlifannar@frettabladid.is

# Vill kyssa Portman



**KATY PERRY** Vill kyssa Portman ef hún þarf að kyssa konu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Söngkonan Katy Perry hefur lýst því yfir að hana langi mikið til að kyssa leikkonuna Natalie Portman. „Ef það er einhver kona sem mig langar til að kyssa í heiminum er það Portman. Hún er bæði sæt og gáfuð,“ segir Perry og bætir við að hún hafi einnig viljað kyssa leikkonuna Megan Fox en þegar hún gifti sig fyrir stuttu skipti Perry um skoðun. Nú beinir hún athygli sinni að Portman.

Katy Perry gengur í það heilaga með unnusta sínum leikaranum Russell Brand með haustinu og er spennt yfir því. „Russell lætur mér líða vel og ég vona að við getum orðið gömul og gráhærð saman.“



**NATALIE PORTMAN** Leikkonan er að sögn Perry bæði sæt og gáfuð.

ÍSLENSKA

# HAMBORGARAFABRIKKAN

2010



**NÝJUNG**
**ALVÖRU FABRIKKUVÆNGIR Í FÖTU!**
**„TILVALDIR Í ÚTILEGUNA“**

# VERTU FLOTTASTUR Í ÚTILEGUNNI!



**GRILLHAMBORGARAR FABRIKKUNNAR**

*Í pakkanum eru tveir Fabrikkuborgarar, tvö ferhyrnd Fabrikkubrauð, Fabrikkusósa, salt og pipar.*



**HAMBORGARABRAUÐ FABRIKKUNNAR**

*Fabrikkubrauðið er fyrsta ferhyrnda Fabrikkubrauðið í heiminum.*



**GRÍSARIF FABRIKKUNNAR**

*Elduð grísarif í Barbíkjúsósu Fabrikkunnar. Grísarifin eru foreldud og þarf aðeins að hita.*



**FABRIKKU SÓSAN**

*Fabrikkusósan er hamborgarasósa Fabrikkunnar. Hún hentar vel með öllum mat.*



**KOKTEILSÓSA FABRIKKUNNAR**

*Kokteilsósa Fabrikkunnar er engin venjuleg kokteilsósa. Hún er betri.*



**BARBÍKJÚSÓSA FABRIKKUNNAR**

*Barbíkjúsósa Fabrikkunnar er ómótstæðileg. Nýtt viðmið í Barbíkjúsósum!*

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > Ásdís keppir í úrslitunum í kvöld

Ásdís Hjálmsdóttir úr Ármanni keppir í kvöld til úrslita á Evrópumótinu í Barcelona. Ásdís keppir í spjótkasti við ellefu aðrar konur en hún tryggði sig inn í úrslitin með kasti upp á 56,55 metra. Hún var síðust inn í úrslitin en aðeins fjórar konur köstuðu yfir 60 metra. Íslandsmet Ásdísar er 61,37 metrar en hennar besta kast á árinu 60,72. Á Evrópumótinu í Gautaborg fyrir fjórum árum kastaði Ásdís 51,33 metra en besti árangur Íslendings í spjótkasti á EM er þegar Einar Vilhjálmsson náði níunda sæti árið 1990. Úrslitakeppnin hefst klukkan 18.40 í kvöld.



**sport**

sport@frettabladid.is

FANNAR ÓLAFSSON, FYRIRLIÐI KR: KÖRFUBOLTALIÐ KR ER EKKI ENN KOMIÐ MEÐ ÞJÁLFARA Í LOK JÚLÍ

# *Þarf einhvern sem getur sagt mér að halda kjafti*

Fannar Ólafsson og félagar hans í KR-liðinu vita enn ekki hver verður þjálfari liðsins í Iceland Express-deild karla í körfubolta á komandi tímabili.

„Ég var að tala við Bödda formann í gær og hann fullvissaði mig um það að þetta yrði klárað fyrir helgi. Ef það gerist ekki þá er þetta orðið svolítið seint, því undirbúningstímabilið þarf að fara að hefjast," segir Fannar en hann segist aldrei hafa verið í þessari stöðu áður á ferlinum.

„Það er ekkert stress hjá þeim og ég veit að þeir eru að fara að koma með öflugan þjálfara. Við erum með öflugt lið og þú þarft ekki að vera einhver galdramaður til að ná árangri með þetta lið. Þess vegna er stressið minna en ella því það er búið að tryggja það að við höldum öllum leikmönnum. Þá er maður miklu rólegri en ef það væri í uppnámi líka þá væri maður orðinn þvílíkt stressaður," segir Fannar.

Hann er ánægður með Pavel Ermolinskij og Brynjar Þór Björnsson í sumar en hann segir



þá verða prímusmótora liðsins á næsta tímabili. „Þeir eru búnir að vera rosalega duglegir, eru búnir að vera að lyfta á milljón og flestir strákarnir eru búnir að vera með einkaþjálfara í allt sumar. Þjálfunarlega séð þá þurfum við ekkert að stressa okkur því við erum líkamlega í mjög góðu formi," segir Fannar en hann er jafnframt á því að nú þurfa hlutirnir að fara að gerast.

„Ef það fer að líða lengri tími þá fer ég að vera pirraður því ég vil bara að þetta verði klárað," segir Fannar sem segir að nýi þjálfarinn þurfi að vera nagli sem hann hafi trú á. „Það eru nokkur stærstu egó landsins í liðinu og þar er ég meðtalinn. Ef það er ekki einhver aðili sem getur sagt mér að halda kjafti þegar maður er kominn á flug þá fer þetta illa," sagði Fannar og hann hefur þegar sett stefnuna hátt þótt enginn sé þjálfarinn.

„Við ætlum að vinna þrefalt og erum tilbúnir að gefa það strax út. Við ætlum að vinna deild, bikar og Íslandsmótið. Við ætlum ekki að vera í neinum feluleik með það."



**ÖFLUGUR** Steinþór gæti spilað sinn síðasta leik fyrir Stjörnuna á sunnudaginn semji hann við Örgryte. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Steinþór Freyr Þorsteinsson:

## Semur ef rétta boðið kemur

**FÓTBOLTI Stjörnumaðurinn Steinþór Freyr Þorsteinsson kemur heim í dag frá Svíþjóð þar sem hann hefur dvalið hjá 1. deildarfélaginu Örgryte. Steinþór segir að ef rétta boðið kæmi gæti hann hugsað sér að semja við félagið.**

**„Ég hef bara farið á tvær rólegar æfingar svo þetta er ekki alveg marktækt. En þeir hafa séð leiki með mér og þess vegna buðu þeir mér út. Mér líst vel á félagið, þetta er toppklúbbur og ef rétta boðið kemur gæti ég samið við það, ef félögin ná samkomulagi um kaupverð," sagði Steinþór við Fréttablaðið.**

**Sigurður Hilmarsson, formaður meistaraflokksráðs Stjörnunnar, segir að ekkert tilboð hafi borist í Steinþór. „Félagaskiptaglugginn lokar 2. ágúst og þeir þurfa því að hafa hraðar hendur," segir Sigurður. En hvað er sanngjarnt kaupverð fyrir Steinþór? „Fyrir nokkrum árum voru 20-30 milljónir sanngjarnt en það er ekki raunin lengur. Við erum kannski að tala um frá 5 milljónum og allt að 20 með öllu," segir Sigurður.** - hþh

Björgvin Víkingsson:

## Varð síðastur í grindahlaupinu

**FRJÁLSAR** Björgvin Víkingsson var langt frá því að ná sér á strik í 400 metra grindahlaupi á Evrópumótinu í Barcelona í gær. Björgvin hljóp á 54,46 og var neðstur í keppninni, rúmri sekúndu á eftir næsta manni.

Íslandsmet Björgvins er 51,17 sekúndur en síðasti maður inn í undanúrslitin hljóp á 51,11 sekúndum. Björgvin hefði því þurft að slá Íslandsmetið sitt til að eiga möguleika á því að komast áfram.

Aðstæður í Barcelona í gær voru mjög erfiðar en mikill hiti var í borginni. Björgvin hefur þar með lokið keppni á EM í ár. - hþh



**BJÖRGVIN VÍKINGSSON**

# Við ætlum okkur gullið

**Ungmennalandslið Íslands í handbolta er á leiðinni í lokakeppni EM sem hefst á morgun. Liðið vann silfurverðlaun á HM á síðasta ári og hefur spilað meira og minna saman í fimm ár. Þjálfarinn er óhræddur við að stefna á gullið.**

**HANDBOLTI** Ísland á eitt besta landslið heims í handbolta karla, ekki bara hjá A-landsliðum heldur einnig í ungmennaflokki. Strákarnir í U20 ára landsliði Íslands, fæddir 1990 eða síðar, hafa spilað saman í meira og minna fimm ár en þetta er síðasta stórmótið sem þeir fara saman á.

Mótið fer fram í Slóvakíu en þar varð Ísland einmitt Evrópumeistari ungmennaliða árið 2003.

„Við erum ekki hræddir við að gefa það út að við stefnum á gullverðlaun. Það er ekki alltaf venjan hjá Íslendingum að gefa það út en við vorum í öðru sæti á síðasta stórmóti og ætlum ekki á EM til að ná lakari árangri. En við gerum okkur grein fyrir því að þetta verður erfitt og ein átta önnur landslið telja sig líka geta unnið," segir Einar Guðmundsson, þjálfari liðsins, en Ísland lenti í fjórða sæti á EM í Tékklandi árið 2008.

Liðið hefur eytt sumrinu saman og nánast búið í Kaplakrikanum. Þar voru daglegar lyftingaæfingar allan júnímánuð og aðeins tekið frí á sunnudögum. Liðið hefur síðan æft tvisvar á dag um helgar í júlí.

„Strákarnir eru margir hverjir að fórna sumarvinnu og öðru. Einhverjir ákváðu að vinna ekkert og einbeita sér alfarið að handboltanum, aðrir stunda létta vinnu," segir þjálfarinn sem er ánægður með ákveðnina í liðinu.

Í því eru tveir leikmenn sem spiluðu með A-landsliði Íslands á EM í Austurríki, Ólafur Guðmundsson og Aron Pálmarsson.

„Þetta er mjög góður og einstakur hópur. Metnaðurinn er mikill og markmiðin eftir því. Það getur brugðið til beggja vona í þessu móti, einn slakur leikur og mótið gæti verið búið fyrir okkur. Liðið er ekki endilega undir neinni utanaðkomandi pressu, það setur á sig pressu sjálft."



**Í STÓRUM HLUTVERKUM** Ólafur Guðmundsson og Aron Pálmarsson eru lykilmenn í liði Íslands. Hér eru þeir á æfingu landsliðsins í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ísland er í riðli með heimamönnum í Slóvakíu auk Ísraels og Portúgals. „Við teljum okkur vera nokkuð heppna með riðil. Við töpuðum reyndar fyrir Portúgal á síðasta ári í æfingaleik, þeir eru litlir, fljótir og tekniskir. Það er alltaf hættulegt að mæta heimaliðinu en Ísrael er fyrirfram með veikasta lið riðilsins."

Einar segir að íslenska liðið muni breyta til á þessu móti og færa sig úr 3-2-1 vörn í 5-1 og 6-0 vörn. Það er sú vörn sem A-landslið Íslands vinnur hvað mest með. Hraðaupphlaup eru aðalsmerki liðsins og vonast þjálfarinn eftir fleiri slíkum með breyttri vörn. „Við höfum lagt gríðarlega vinnu í varnarleikinn og með þessu viljum við nýta styrkleika okkar betur," segir Einar og bætir við að breiddin í hópnum sé að aukast og leikmenn sem hafa verið að koma af bekknum séu enn sterkari en áður.

**Leikmenn Íslands:**

| Nafn (Lið) | Landsleikir (Mörk) |
|---|---|
| **Markmenn:** | |
| Arnór Stefánsson (ÍR) | 33 (0) |
| Sigurður Arnarson (Fram) | 12 (0) |
| Kristófer Guðmundss. (Afturelding) | 14 (0) |
| **Aðrir leikmenn:** | |
| Guðmundur Á. Ólafsson (Haukar) | 37 (195) |
| Ragnar Jóhannsson (Selfoss) | 37 (148) |
| Ólafur Guðmundsson (FH) | 37 (141) |
| Oddur Gretarsson (Akureyri) | 34 (129) |
| Örn Ingi Bjarkason (FH) | 29 (69) |
| Stefán Sigurmannsson (Haukar) | 29 (52) |
| Aron Pálmarsson (Kiel) | 26 (140) |
| Sigurður Ágústsson (FH) | 22 (42) |
| Róbert Aron Hostert (Fram) | 21 (18) |
| Þorgrímur Ólafsson (ÍR) | 18 (16) |
| Bjarki Már Elísson (HK) | 16 (20) |
| Heimir Óli Heimisson (Haukar) | 11 (18) |
| Árni Steinn Steinþórsson (Selfoss) | 8 (14) |

Fyrsti leikur Íslands er gegn heimamönnum í dag klukkan 18.00.

hjalti@frettabladid.is

Valsstúlkum hafði ekki mistekist að skora í deildarleik síðan árið 2003:

# Valur skoraði í 50 leikjum í röð

**FÓTBOLTI** Valsstúlkur töpuðu fyrir Fylki í Pepsi-deild kvenna á þriðjudagskvöldið. Lokatölur urðu 3-0 fyrir Fylki sem sýndi að Valur er ekki ósigrandi lið. Úrslitin hleypa spennu í Íslandsmótið á nýjan leik. Allt útlit var fyrir að Valur myndi tryggja sér sigur á mótinu löngu áður en því lyki en úrslitin sýna að enn getur allt gerst í deildinni.

Valur hafði unnið átta leiki í röð fyrir leikinn á þriðjudaginn og ekki tapað í síðustu 26 leikjum í öllum keppnum. Síðasta tap Valskvenna var í Meistaradeildinni gegn Torres Calcio á síðasta ári. Í íslenskum mótum lék liðið 31 leik í röð án þess að tapa. Síðasta tapið var gegn Þór/KA í ágúst í fyrra og náði Valur því ekki að fara taplaust í gegnum heilt ár.

Valur hafði skorað í 50 leikjum í röð í öllum keppnum. Síðasti leikur sem liðinu mistókst að skora var í leik gegn Stjörnunni 28. apríl í Deildabikarnum á síðasta ári.

Síðasti deildarleikur sem Val tókst ekki að skora í var árið 2003 gegn ÍBV úti í Vestmannaeyjum. ÍBV vann þann leik 5-0 þar sem Margrét Lára Viðarsdóttir og Olga Færseth skoruðu báðar tvö mörk. Í þeim leik komu fjórir leikmenn við sögu sem einnig léku



**SKOTSKÓRNIR HEIMA** Valsstúlkum mistókst að skora en hér reynir Kristín Ýr Bjarnadóttir skot að marki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

gegn Fylki á þriðjudaginn, Pála Marie Einarsdóttir, Kristín Ýr Bjarnadóttir og Dóra María Lárusdóttir byrjuðu allar báða leikina. Laufey Ólafsdóttir byrjaði leikinn 2003 en kom inn á sem varamaður á 60. mínútu á þriðjudaginn. - hþh



**EKKERT GEFIÐ EFTIR** Fram og KR mætast í bikarnum í kvöld. Hér eru Almarr Ormarsson og Jordao Diogo í baráttunni í deildarleik á KR-vellinum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Undanúrslit VISA-bikarsins:

## Fram búið að vinna 14 í röð

**FÓTBOLTI** Það er ljóst að önnur af tveimur sigurhefðum tekur enda á KR-vellinum í kvöld þegar Framarar sækja KR-inga heim í undanúrslitaleik VISA-bikars karla. Á sama tíma og Framliðið hefur unnið fjórtán undanúrslitaleiki í röð í bikarnum hefur Safamýrarliðið tapað átta leikjum í röð á KR-vellinum.

Framarar hafa unnið alla fjórtán undanúrslitaleiki sína frá og með árinu 1973, þar á meðal 1-0 sigur á KR í undanúrslitaleiknum í fyrra en sá leikur fór fram á Laugardalsvellinum. Fram vann einnig sigur á KR í undanúrslitaleiknum 1984. Framarar hafa ekki tapað í undanúrslitum bikarsins síðan Blikar unnu þá 1-0 á Melavellinum 1971.

KR-ingar hafa hins vegar unnið átta síðustu leiki liðanna í deild og bikar og markatalan í þessum átta leikjum er, 18-3, KR í vil. Síðasti sigurleikur Fram á KR-vellinum var í 16 liða úrslitum bikarsins 2002 þegar Ágúst Gylfason tryggði Fram sigurinn.

Leikurinn í kvöld hefst klukkan 19.15 en þetta er í 22. skiptið sem þessi fornfrægu Reykjavíkurfélög mætast í bikarnum. KR hefur unnið tíu sinnum en Framarar níu sinnum og tveir leikir enduðu með jafntefli og voru leiknir að nýju. - óój

Eiður Smári Guðjohnsen:

## Orðaður við félag í Dubai

**FÓTBOLTI Enska götublaðið Daily Mirror hélt því fram í gær að Fulham og Birmingham hefðu bæði áhuga á að fá Eið Smára Guðjohnsen í sínar raðir. Hann hefur verið í viðræðum við Tottenham þar sem hann var í láni á síðasta tímabili en þar hafa enn engan árangur borið.**

**Mirror sagði að ónefnt félag í Dubai hefði einnig áhuga á Eiði Smára. Það gæti verið að um sé að ræða Al-Ahli, sem Fabio Cannavaro gekk til liðs við í sumar og er þjálfað af David O'Leary.** - esá

# VERÐLÆKKUN Á SUMARVÖRUM

## allt að 50% afsláttur

Takmarkað magn í nokkra daga.
Úrval getur verið mismunandi milli verslana.



**30%** afsláttur
af öllum tjöldum



**40%** afsláttur

Vnr. 41622134
**Kollur**
Álkollur, fellanlegur.
**990**
Fullt verð: 1.690



**40%** afsláttur

Vnr. 87977810
**Kælitaska**
EZETIL kælitaska, 2 l, 12v.
**3.000**
Fullt verð: 4.990



**20%** afsláttur

Vnr. 88015984
**Útileguljós**
Útileguljós.
**1.990**
Fullt verð: 2.490



**23%** afsláttur

Fullt verð: 890
Vnr. 88015966
**Tjalddýna** **690**
Tjalddýna, ljósblá.



**23%** afsláttur

Vnr. 88028320
**Bakpoki**
Bakpoki, 20 l.
**3.990**
Fullt verð: 4.990




**30%** afsláttur
af öllum grillfylgihlutum



Einfalt í uppsetningu, samsetningu og flutningum!

ÓDÝRT

Vnr. 50632115
**Gasgrill**
COMBO gasgrill með tveimur brennurum, samanbrjótanlegt með 2 hjólum og hliðarborðum. Mjög einfalt í uppsetningu. Grillflötur 42x35 cm. Stærð uppsett 104x46x33 cm, stærð samsett 10x46x87 cm. Neistakveikjari, þrýstijafnari og slanga fylgja, hitadreifiplata og lok. 3,6 kW.
**22.900**



Vnr. 88016002
**Einnota grill** **490**
Einnota grill.



Vnr. 50698052/9/64
**Barnabílstóll**
Barnabílstóll, fyrir 9 - 36 kg börn.
**15.990**

**25%** afsláttur
af allri viðarvörn




Gildir til 2. ágúst 2010.

BYKO

EXPO · www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

# Búið að vera frábært bikarsumar

FH-ingar og Víkingar gátu farið ánægðir heim eftir skemmtilegan undanúrslitaleik fyrir framan tvö þúsund manns í Kaplakrika í gær. FH er komið í úrslitaleikinn en Víkingar geta verið stoltir af frammistöðu sinni.

**FÓTBOLTI** FH-ingar eru komnir í bikarúrslitaleikinn í annað skiptið á síðustu sex árum eftir að þeir unnu 3-1 sigur á spútnikliði bikarkeppninnar í ár, Víkingi frá Ólafsvík, í Kaplakrikanum í gær.

Bikarævintýri Víkinga og 26 leikja taplaus hrina liðsins fékk sitt stærsta próf í Kaplakrikanum í gær þegar Ólafsvíkingar sóttu heim Íslandsmeistarana úr FH. Víkingarnir gátu þó gengið stoltir af velli enda hafa þeir sannað að árangur liðsins í sumar er engin tilviljun.

„Þetta var gríðarlega erfið barátta en við erum samt ánægðir með það sem við erum búnir að gera í sumar og að 2. deildarlið hafi komist svona langt í bikarnum. Þetta er flott sem við erum búnir að gera," sagði Þorsteinn Már Ragnarsson, ungur framherji Víkinga, sem skapaði oft hættu í gær. „Þetta er flott hjá okkur og við erum ekkert ósáttir með þetta. Við förum ánægðir heim í Ólafsvíkina. Þetta er búið að vera frábært bikarsumar og er búið að vera þvílíkt ævintýri. Það er frábært að hafa verið spútnikliðið í sumar," sagði Þorsteinn.

Víkingar gáfu tóninn strax í byrjun leiks með því að skapa hættu eftir aðeins 45 sekúndna leik. Þeir mættu FH-ingum af grimmd og festu út um allan völl frá fyrstu mínútu og báru enga virðingu fyrir Hafnarfjarðarrisanum.



**EKKERT GEFINS** Atli Guðnason og félagar í FH þurftu að hafa fyrir sigrinum á 2. deildarliði Víkings frá Ólafsvík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Eftir rólegan miðkafla fóru hlutirnir síðan að gerast í lok fyrri hálfleiksins.

Gunnar Már Guðmundsson kom FH í 1-0 á 40. mínútu þegar hann skallaði í markið eftir flotta fyrirgjöf Atla Guðnasonar og þá bjuggust örugglega flestir við að gestirnir af Snæfellsnesinu myndu brotna en annað kom á daginn.

Víkingar tóku ekki langan tíma í að gráta yfir markinu heldur sneru vörn í sókn og voru búnir að jafna leikinn um tveimur mínútum síðar. FH-ingar hjálpuðu þeim við það því Tommy Nielsen skoraði þá sjálfsmark eftir lúmska fyrirgjöf frá Þorsteini Má Ragnarssyni.

FH-ingar voru mjög nálægt því að komast aftur yfir en nauðvörn Víkinga í kjölfarið á aukaspyrnu kom í veg fyrir það og staðan var því jöfn í hálfleik.

FH-ingar tóku hins vegar öll völd á vellinum í seinni hálfleiknum og Atli Viðar Björnsson og Matthías Vilhálmsson tryggðu FH sigurinn með tveimur mörkum. Atli Viðar skoraði fyrst með skalla á 57. mínútu eftir sendingu Matthíasar en Matthías skoraði úr víti á 70. mínútu sem Björn Daníel Sverrisson fékk.

„Þetta var alltof hægt hjá okkur í fyrri hálfleik og þeir voru að standa sig mjög vel. Við jukum aðeins tempóið og gerðum það sem við þurftum en ekki mikið meira en það," sagði Matthías Vilhjálmsson, fyrirliði FH, og hann hrósaði Ólafsvíkingum. „Þetta er mjög flott fótboltalið og ég hef mikla trú á þeim á næstu árum ef þeir halda sama mannskap. Þeir geta bara verið sáttir við sitt. Þetta er búið að vera mikið ævintýri fyrir þá og vonandi geta þeir byggt eitthvað á þessu."

ooj@frettabladid.is



**BARÁTTA** Úr leiknum í gær. MYND/DANÍEL

Ejub, þjálfari Víkinga:

## Vonaðist eftir kraftaverkinu

**FÓTBOLTI** Ejub Purisevic, þjálfari Víkinga, gat verið stoltur af sínum strákum þrátt fyrir 3-1 tap fyrir FH í gær.

„Við áttum að vera yfir eftir fyrri hálfleikinn og jafnvel tveimur mörkum yfir með smá heppni. Það sem gerðist í seinni hálfleik var þessi munur á úrvalsdeild og 2. deild. Við erum ekki vanir því í 2. deild að spila á svona háu tempói allan tímann," sagði Ejub.

„Við vorum alls ekki eitthvað lið sem þeir völtuðu yfir og gerðu grín að. Við vorum kjarkaðir, tilbúnir að spila og áttum fullt af færum miðað við að vera að spila við FH. Maður vonaðist eftir því að kraftaverk myndi gerast og við kæmumst áfram en maður verður að vera meðvitaður um getu þessara liða. Ef það er tekið með í reikninginn þá fannst mér við vera nánast sigurvegarar í kvöld," sagði Ejub að lokum. - óój


## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

**Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

**1. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 innan þéttbýlisins á Flúðum, ásamt umhverfisskýrslu. Færsla Bræðratunguvegar.**

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir að lega Bræðratunguvegar innan þéttbýlisins breytist á þann veg að hann færist til suðurs sunnan flugvallar. Samhliða verða breytingar á tengingum annarra vega auk þess sem afmörkun aðliggjandi verslunar- og þjónustusvæðis, tjaldsvæðis, íbúðasvæðis og athafna- og iðnaðarsvæðis breytist.

Samkvæmt 1.mgr. 25.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

**2. Deiliskipulag Suðurbrúnar á Flúðum í Hrunamannahreppi.**

Tillaga að deiliskipulagi innan þéttbýlisins á Flúðum við Suðurbrún. Um er að ræða um 4,1 ha svæði þar sem gert er ráð fyrir lóðum fyrir íbúðabyggð og landbúnað. Svæðið afmarkast af landi Silfurtúns að austan, landi Laugarlands að sunnan og landi Mela að vestan. Á svæðinu í dag eru 5 íbúðarhúsalóðir auk gróðurhúss og tilheyrandi starfsmannahúss. Tillagan gerir ráð fyrir tveimur nýjum íbúðarhúsalóðum austast á svæðinu og í staðinn fellur út núverandi lóð nr.8 en hús sem þar er verður flutt til innan svæðisins.

**3. Deiliskipulag tjaldsvæðis í landi Laugar í Haukadal í Bláskógabyggð.**

Tillaga að deiliskipulagi um 3,6 svæðis fyrir tjaldsvæði úr landi Lauga vestan við hverasvæðið í Haukadal (Geysir), norðan þjóðvegar nr. 35 Biskupstungnabraut. Á svæðinu er gert ráð fyrir tjaldsvæði auk þjónustuhúss og salernisaðstöðu.

**4. Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða úr landi Bíldsfells í Grímsnes- og Grafningshreppi. Bíldsfell 3, land E.**

Tillaga að deiliskipulagi spildunnar Bildsfell 3, land E 174397. Um er að ræða 13 ha spildu sem gert er ráð fyrir að skipta í tvær lóðir. Á lóðunum verður heimilt að reisa allt að 250 fm frístundahús og allt að 25 fm gestahúsi/geymslu. Aðkoma að svæðinu er um Bíldsfellsveg nr. 3858 sem tengist Grafningsvegi nr. 360.

Samkvæmt 1.mgr. 26.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

**5. Breyting á deiliskipulag frístundabyggðar úr landi Snorrastaða í Bláskógabyggð. Orlofssvæði félags vélstjóra og málmtæknimanna.**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi sumarhúsasvæðis úr landi Snorrastaða. Um er að ræða um 7,8 svæði félags vélstjóra og málmtæknimanna auk þess sem skipulagið nær yfir skógræktarreit UMF Laugdæla. Tillagan gerir ráð fyrir allt að 16 frístundahúsum til viðbótar þeim sem fyrir eru og allt að 300 fm þjónustuhús. Þá er gert ráð fyrir að ungmennafélagsreitur verði nýttur undir tjaldstæði auk annarra minniháttar breytinga á svæðinu.

**6. Breyting á skilmálum frístundabyggðarinnar Heiðarbrún úr landi Bjarnastaða I í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Tillaga að breytingu á skilmálum frístundabyggðarinnar Heiðarbrún úr landi Bjarnastaða I. Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa allt að 400 fm frístundahús á hverri lóð auk allt að 40 fm aukahúss. Samkvæmt gildandi skilmálum er heimilt að reisa allt að 100 fm sumarhús og 25 fm aukahús.

**7. Breyting á skilmálum frístundabyggðarinnar Kerengi úr landi Miðengis í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Tillaga að breytingu á skilmálum frístundabyggðarinnar Kerengi úr landi Miðengis. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er heimilt að reisa 80 fm sumarhús, 10 fm geymslu og 15 gróðurskála á hverri lóð með hámarksmænishæð upp á 4,5 m yfir jörðu. Breytingartillagan gerir ráð fyrir að á hverri lóð verði heimil að reisa tvö íveruhús, þ.e. sumarhús og gestahús. Gestahúsið má að hámarki vera 40 fm og heildarbyggingarmagn miðast við nýtingarhlutfallið 0.03. Þá er gert ráð fyrir að hámarkshæð húsa megi vera 6 m yfir jörðu.

**Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofum sveitarfélaganna og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 29. júlí til 10. september 2010. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/ Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 10. september 2010 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.**

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps**




**TOPPLIÐIÐ TAPAÐI** Helgi Sigurðsson og félagar í Víkingi misstu toppsætið í 1. deildinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Heil umferð í 1. deild karla í gærkvöldi:

## Þrjú lið efst og jöfn á toppi deildarinnar

**FÓTBOLTI** Þrjú lið eru efst og jöfn á toppi 1. deildar karla en heil umferð fór fram í deildinni í gær. Leiknir lagði Víking, 2-0, í toppslag deildarinnar og eru bæði lið með 28 stig ásamt Þórsurum sem unnu 1-0 sigur á botnliði Njarðvíkur suður með sjó. Það var Ármann Pétur Ævarsson sem skoraði eina mark leiksins í síðari hálfleik en Þórsarar sitja nú í efsta sætinu með betra markahlutfall en Leiknir og Víkingur.

Fyrri hálfleikur í leik Leiknis og Víkings var mjög fjörlegur en bæði lið áttu marktilraunir sem höfnuðu í markrammanum á fyrstu mínútunum. Bæði lið fengu góð færi til að skora en Leiknismaðurinn Kjartan Andri Baldvinsson skoraði eina mark hálfleiksins.

Heimamenn höfðu svo yfirhöndina í síðari hálfleik og tryggðu sér sigurinn með marki Kristjáns Páls Jónssonar. Þeir fengu einnig víti á lokamínútum leiksins en Magnús Þormar, markvörður Víkings, greip boltann frá Fannari Þór Arnarssyni sem vippaði boltanum á mitt markið.

ÍR-ingar eru í fjórða sætinu og nú fimm stigum á eftir toppliðunum eftir að hafa tapað naumlega fyrir KA á Akureyri, 3-2. Sigurmarkið kom í uppbótartíma en það var Steinn Gunnarsson sem var hetja KA-manna og tryggði liðinu dýrmæt stig í fallbaráttunni.

### 1. DEILDIN

| | |
|---|---|
| Fjarðabyggð - Þróttur | 1-3 |
| KA - ÍR | 3-2 |
| Njarðvík - Þór | 0-1 |
| Fjölnir - ÍA | 1-1 |
| Leiknir - Víkingur | 2-0 |
| HK - Grótta | 2-2 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þór** | **14** | **8** | **4** | **2** | **27-15** | **28** |
| Leiknir | 14 | 9 | 1 | 4 | 22-12 | 28 |
| **Víkingur** | **14** | **9** | **1** | **4** | **26-17** | **28** |
| ÍR | 14 | 6 | 5 | 3 | 25-23 | 23 |
| **Fjölnir** | **13** | **6** | **3** | **4** | **26-20** | **21** |
| ÍA | 13 | 5 | 4 | 4 | 22-18 | 19 |
| **Þróttur** | **14** | **5** | **2** | **7** | **20-25** | **17** |
| HK | 14 | 4 | 4 | 6 | 20-26 | 16 |
| **KA** | **14** | **4** | **4** | **6** | **19-25** | **16** |
| Grótta | 14 | 3 | 4 | 7 | 21-24 | 13 |
| **Fjarðabyggð** | **13** | **3** | **2** | **9** | **17-28** | **11** |
| Njarðvík | 14 | 3 | 2 | 9 | 9-21 | 11 |

Fjarðabyggð og Njarðvík eru nú í neðstu tveimur sætum deildarinnar, bæði með ellefu stig. Fjarðabyggð tapaði fyrir Þrótti á heimavelli, 3-1.

Grótta er svo í tíunda sætinu með þrettán stig en liðið gerði 2-2 jafntefli við Gróttu eftir að hafa komist yfir, 2-1. Jónas Grani Garðarsson skoraði bæði mörk HK-inga og jafnaði metin fyrir þá með marki úr vítaspyrnu undir lok leiksins.

Þá gerðu Fjölnir og ÍA 1-1 jafntefli í Grafarvoginum. - esá

# TAX FREE DAGAR



Gelert

## AFNEMUM VSK

ALLAR Gelert ÚTILEGUVÖRUR ÁN VIRÐISAUKASKATTS



POP-UP

VERTU FYRSTUR AÐ TJALDA!



grandhall living style

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

## AFNEMUM VSK

ÖLL GRILL ÁN VIRÐISAUKASKATTS



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

## AFNEMUM VSK

ÖLL HJÓL ÁN VIRÐISAUKASKATTS

RALEIGH

www.crosscycle.com CROSS

**VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI Á ÖLLUM HJÓLUM OG GRILLUM**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin sem er 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 3. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP Ein ferð betra verð

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**8** fugla fékk Örvar Samúelsson úr Golfklúbbi Akureyrar á Íslandsmótinu í höggleik sem fram fór á Kiðjabergsvelli um þar síðustu helgi. Enginn kylfingur hefur náð jafn mörgum fuglum á einum hring á Eimskipamótaröðinni, samkvæmt vefsíðunni Golfheimar.is

**10** ernir hafa litið dagsins ljós í karlaflokki á Eimskiptamótaröðinni í golfi samkvæmt tölfræði frá Golfheimum.is. Axel Bóasson og Sigurpáll Geir Sveinsson hafa náð flestum örnum, tveimur hvor.

# Reynslan verður seint ofmetin

**Birgir Leifur Hafþórsson tryggði sér um helgina sinn fjórða Íslandsmeistaratitil í golfi. Undanfarin misseri hefur hann glímt við erfið meiðsli en hyggst nú reyna að komast aftur á Evrópumótaröðina. Fréttablaðið ræddi við Birgi Leif um mótið, meiðslin og næstu skref.**

Skagamaðurinn Birgir Leifur Hafþórsson, sem í dag leikur fyrir Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar, er án efa þekktasti kylfingur landsins. Eflaust eru þeir til sem hafa afskrifað kylfinginn knáa eftir að hann missti keppnisréttinn á Evrópsku mótaröðinni. Það gerði hann eftir að hafa gengið í gegnum erfið meiðsli og í kjölfarið flutti hann heim síðasta vetur. Um helgina kom hann sér aftur á kortið með glæsilegum sigri á Íslandsmótinu í golfi sem fór fram á Kiðjabergsvelli í Grímsnesi.

*Hvernig er líðanin nokkrum dögum eftir sigurinn á Kiðjabergsvelli?*

„Það var rosalega vítamínsprauta að klára þetta svona vel. Það að finna að maður sé að gera rétta hluti og geti enn sigrað er ekki síst gott fyrir sjálfstraustið. Þetta mót var klárlega mikil prófraun fyrir mig."

*Áttirðu von á að vinna?*

„Ég skráði mig ekki í mótið bara til að tékka á því hvar ég stæði, það var alveg klárt. Ég sá nokkurn veginn hvar ég stóð eftir að hafa sigrað á meistaramóti GKG. Eftir þann sigur var ég með það á hreinu að ég gæti verið með í baráttunni á Íslandsmótinu og jafnvel sigrað."

*Er stefnan núna sett á úrökumótið fyrir Evrópumótaröðina?*

„Já, ég ætla mér að reyna aftur."

*Er þetta ekki fullreynt?*

„Það eru örugglega margir sem halda því fram. Ég hef oft spurt mig þessarar spurningar sjálfur en alltaf komist að þeirri niðurstöðu að ég telji mig eiga miklu miklu meira inni en ég hef sýnt. Ég hef líka ítrekað séð hvað það þarf lítið til þess að brjóta ísinn. Bara smá extra, smá tiltrú. Þetta eru engin geimvísindi. Ég hef alltaf verið í þessum hópi sem hefur verið að detta inn og út af mótaröðinni. Það gleymist oft að langflestir kylfingar eru í sömu stöðu og ég hef verið í. Menn einblína oft bara á þessa top sextíu sem eru bestir og alltaf í baráttunni. Það er ótrúlega þunn lína á milli þess að vera í toppbarátunni eða að berjast fyrir tilveruréttinum á mótaröðinni. Ítalinn Eduardo Molinari er ágætt dæmi um mann sem hefur misst keppnisréttinn á mótaröðinni og þurft að fara í aðra deildina (Challenge-mótaröðina) en unnið sig upp aftur. Nú er hann í toppbaráttunni."

*Nú meiddist þú árið 2008, hvaða meiðsli hefurðu verið að glíma við?*

„Ég fékk brjósklos í mjóbakið sem háði mér eðlilega mjög mikið. Undanfarið hef ég verið að vinna með sjúkraþjálfara í að byggja mig upp. Það hefur breytt öllu. Ég komst að því að þegar ég var úti þá var ég að gera allt vitlaust. Ég var að gera styrktaræfingar sem hentuðu mér engan veginn. Nú er ég meðvitaður um það hvað ég má gera en kannski aðallega hvað ég má ekki gera."



**Á ESTORIL-MÓTINU Í PORTÚGAL 2005** Úrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina er skipt í þrjú stig. Þeir sem þurfa að fara í gegnum fyrsta stigið hefja leik í lok ágúst en Birgir Leifur sleppur við það og fer beint á annað stigið. Hann byrjar keppni í lok nóvember.

*Hvernig er heilsan í dag?*

„Heilsan hefur líklega aldrei verið betri. Sjúkraþjálfarinn var mjög ánægður með það hvernig ég fór í gegnum landsmótið. Kiðjabergsvöllurinn er erfiður yfirferðar en það háði mér ekki neitt. Áður lenti ég oft í því að vera orðinn hálflemstraður eftir tveggja daga keppnisgolf en um helgina fann ég ekkert fyrir því. Í dag þoli ég miklu meira álag, miklu meiri æfingar og hreyfigetan er meiri. Ég get samt ekki alveg sagt að ég sé í mínu besta formi. Munurinn er hins vegar sá að ég finn að ég er kominn á það stig að geta bætt mig mikið sem kylfing."

*Hvernig meturðu þig sjálfan sem kylfing í dag, hefurðu bætt þig?*

„Ég held það. Ég var mjög ánægður með margt á landsmótinu. Lengri höggin voru mjög góð og ég var að slá vel í vindinum, sérstaklega var ég ánægður með það hvernig mér tókst að halda boltanum niðri og stjórna honum. Ég held það sé óhætt að segja að ég hafi verið að slá högg sem hinir voru kannski ekki alveg með í pokanum."

*Nú er það ekkert leyndarmál að stutta spilið hefur verið veikleiki hjá þér, hvernig meturðu það?*

„Ég er alveg meðvitaður um það að í gegnum tíðina hefur þetta verið veikleiki en stutta spilið er miklu betra hjá mér núna en áður. Ég hef verið að vinna mikið í þessu og get framkvæmt miklu fleiri stutt högg en áður. Til dæmis hélt stutta spilið mér á floti fyrstu tvo dagana á landsmótinu og vippin voru frábær. Ég einsetti mér að reyna oft erfið högg í kringum flatirnar til þess að geta framkvæmt þau undir pressu og fá sjálfstraustið. Stutta spilið var hins vegar kannski ekki alveg jafngott seinni tvo dagana. Þá var ég að missa mörg stutt pútt en ég setti líka niður nokkur góð pressupútt. Það má kannski almennt segja það að stutta spilið sé veikleiki hjá íslenskum kylfingum. Það kemur oft í ljós þegar þeir fara á mót úti í heimi."

*Hvernig ertu undirbúinn andlega fyrir úrtökumótið?*

„Ég er í allt annarri stöðu núna en ég var áður. Ég þekki þetta allt. Þegar ég fer út þá er þetta bara eins og að fara í opið golfmót. Ég er auðvitað kominn með mikla reynslu, orðinn þroskaðri og betri kylfingur. Andlega hliðin og reynslan verður seint ofmetin í golfi. Það sáum við nú bara á Opna breska meistaramótinu í fyrra þegar hinn tæplega sextugi Tom Watson var hársbreidd frá því að sigra."

trausti@frettabladid.is

## Margir efnilegir

Birgir Leifur segir að staðan í golfinu á Íslandi hafi aldrei verið betri. „Við erum með fullt af frábærum völlum og það er hellingur af ungum strákum að koma upp sem eru tæknilega mjög góðir. Það eina sem þá vantar kannski er að nota hæfileikana úti á vellinum – bæta ákvarðanatökuna. Sá heitasti í dag er án efa Guðmundur Ágúst Kristjánsson (17 ára kylfingur í GR). Hann er gríðarlega öruggur og það skín af honum sjálfstraustið. Það kæmi ekki á óvart ef hann ætti eftir að ná langt en það eru líka fleiri ungir strákar sem geta náð langt með réttu hugarfari og stífum æfingum. Það eina sem ég sakna í íslensku golfi er að það mættu vera fleiri efnilegar stelpur. Það vantar stelpur í golfið."





Íslandsmeistarinn í golfi 2010
Birgir Leifur Hafþórsson spilar í Ecco golfskóm

Innilegar hamingjuóskir


## Hollráð Hinna

### Umgengni á golfvöllum

Það er ýmsu ábótavant þegar kemur að umgengni á golfvöllum.

1. Muna að vallarstarfsmenn eiga alltaf réttinn og kylfingar þurfa því að bíða meðan þeir ljúka verki sínu. Við viljum jú góða og snyrtilega velli og þetta starf er forsenda fyrir því.
2. Ganga vel um glompurnar – ekkert er meira pirrandi en að koma að glompu sem er illa rökuð – við eigum að ganga frá glompunni einsog við viljum koma að henni.
3. Muna að legga torfusnepla aftur í far sitt – þannig auðveldum við sárinu að gróa og einföldum leik þeirra sem koma á eftir.
4. Einn mikilvægasti þátturinn í umgengni á golfvöllum er að gera við boltaför á flötum. Þetta er viðkvæmasti hluti vallarins og sá hluti sem við tökum fyrst eftir hvort er góður eða ekki. Lærum því að gera við boltaförin og venjum okkur á að gera alltaf við okkar eigin boltaför og helst nokkur til viðbótar. Því fylgir góð líðan.
5. Göngum snyrtilega um völlinn – allt rusl í ruslafötur – virðum stýringar á vellinum þ.e. hjá svæðum sem verið er að hlífa og munum að snyrtilegur og vel hirtur völlur er betri völlur.



# LÁN TIL GÓÐRA VERKA



- Engin lántökugjöld
- 5,75% óverðtryggðir vextir (Vaxtakjör sambærilegra skuldabréfalána eru í dag frá 9,25%)*
- Lánstími allt að fimm ár
- Umsóknarfrestur er til 30. september 2010




## Hagstæð framkvæmdalán

Íslandsbanki býður nú viðskiptavinum sínum hagstætt framkvæmdalán til endurbóta eða framkvæmda á fasteignum, lóðum og sumarhúsum. Með þessu viljum við leggja okkar af mörkum til átaksins **Allir vinna** og eiga þátt í að koma hjólum atvinnulífsins af stað.

Lánin eru veitt til einstaklinga með trausta viðskiptasögu og góða greiðslugetu. Hámarksfjárhæð hvers láns er 1,5 milljón króna gegn veði en veitt eru lán án veðs allt að 750.000 kr. að undangengnu mati á greiðslugetu.

Afgreiðsla framkvæmdaláns er gegn framvísun reikninga fyrir vöru- og þjónustukaupum sem tengjast framkvæmdum til 30. september 2010.

Allar nánari upplýsingar fást í útibúum Íslandsbanka eða á www.islandsbanki.is

* Vextir skv. vaxtatöflu Íslandsbanka 1. júlí 2010. Vextir taka mið af kjörvöxtum óverðtryggðra skuldabréfalána en veittur er fastur 2% vaxtafrádráttur frá þeim.

**Allir vinna** er hvatningarátak stjórnvalda og aðila úr atvinnulífinu sem miðar að því að hvetja einstaklinga til að leggja sitt af mörkum til sköpunar atvinnu á Íslandi.

Þeir sem ráðast í framkvæmdir á heimilinu eða í sumarhúsinu eiga rétt á **100% endurgreiðslu** á virðisaukaskatti af vinnulaunum og skattafrádrætti sem getur numið allt að 300.000 kr.

Nánari upplýsingar er að finna á **allirvinna.is**.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 10-1230

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki



> **Sandra Oh**

„Mér finnst að allar konur ættu að læra að strippa. Það er mjög heilsusamlegt sem og krefjandi athæfi."
Sandra Oh leikur í þáttunum Grey's Anatomy sem eru á Stöð 2 Extra í kvöld kl.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: SUNNA VALGERÐARDÓTTIR STUNDAR ÍÞRÓTTIR ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ

# *Allt spurning um rétt viðhorf – og áhorf*



Margir kannast eflaust við það að taka syrpur í sjónvarpsþáttaglápi. Svokölluð maraþon. Friends-maraþon voru vinsæl fyrir nokkrum árum, Dexter-maraþon komu sterk inn, sumar (sumir?) hafa tekið nokkur G-maraþon (Greys, Gossip og Glee). Ætli nýjustu hlaupin séu ekki kennd við vampírur og víra, að því ég best veit. Það er eitthvað við svona niðurklippt, fjörutíu mínútna gláp fyrir svefninn. Það er betra að horfa á „bara einn" og koma sér þannig í rúmið örlítið of seint, heldur en að sjá fram á næstu tvo klukkutíma fyrir framan sjónvarpið eða tölvuna. Þó vill það oft enda þannig, sérstaklega ef umræddir þættir eru spennandi og skemmtilegir. Þaðan kemur jú maraþon-endingin.

Ég er einmitt að hlaupa þessa dagana. Arrested Developement-maraþon. Ég viðurkenni það, með skömm, að ég hljóp slíkt maraþon í fyrsta sinn fyrir um það bil tveimur árum. Og það var eins með það og aðrar íþróttir, ég hafði ekki eins mikið úthald og þegar ég lét vaða í annað sinn. Og það var líka eins með það og vissan mat, til dæmis sushi, maður þarf að venjast því til þess að meta það til fulls.

Mikið ofboðslega eru þetta góðir þættir. Tvær og hálf sería og fullt af klukkutímum með Job og Tobias. Æðislegt. Annaðhvort er þetta eitt best geymda leyndarmál í amerískri sjónvarpsþáttasögu eða ég þarf að fara að grafa aðeins dýpra í þeirri menningu. Ég áttaði mig nefnilega á því að það voru alveg ofboðslega margir af mínum vinum og kunningjum sem kunnu þættina utan að þegar ég var um það bil hálfnuð með seríu eitt. En núna tel ég mig vera orðna nokkuð vel að mér til þess að taka þátt í AD-samræðum, með tilvitnunum og allt. Mæli með því. Hermanos.

## FIMMTUDAGUR



▶ **18.00** The Polar Express STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.45** KR - Fram, bein útsending STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.15** Grey's Anatomy STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.50** The Closer STÖÐ 2



▶ **21.50** Law and Order SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.40 Eylíf - Vestmannaeyjar** (1:4)
**17.05 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Breiðafjörður** (1:24)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hvaða Samantha?** (35:35) (Samantha Who?) Bandarísk gamanþáttaröð.
**18.00 Krakkar á ferð og flugi** (2:10) Fylgst er með börnum víðs vegar um landið í leik og starfi. (e)
**18.25 Dalabræður** (5:10) (Brödrene Dal) Norsk þáttaröð um bræður sem slá öll met í klaufaskap. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Bræður og systur** (64:85) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**20.50 Réttur er settur** (5:10) (Raising the Bar) Bandarísk þáttaröð um gamla skólafélaga úr laganámi sem takast á fyrir rétti.
**21.35 Nýgræðingar** (155:169) (Scrubs)
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) Bandarísk þáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.05 Hvaleyjar** (3:12) (Hvaler) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.25 Köld slóð**
**08.00 On A Clear Day**
**10.00 The Truth About Love**
**12.00 The Polar-Express**
**14.00 On A Clear Day**
**16.00 The Truth About Love**
▶**18.00 The Polar-Express**
**20.00 Köld slóð**
**22.00 Perfect Stranger**
**00.00 Planes, Trains and Automobiles**
**02.00 Memento Mori**
**04.00 Perfect Stranger**
**06.00 Cake: A Wedding Story**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Stuðboltastelpurnar, Harry og Toto, Scooby-Doo og félagar
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Last Man Standing** (4:8)
**11.00 Sjálfstætt fólk**
**11.35 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (6:25)
**13.45 La Fea Más Bella** (208:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (209:300)
**15.15 The O.C.** (19:27)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Harry og Toto, Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar, Litla risaeðlan
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (9:22)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag** Umsjónarmenn fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu. Ítarlegur íþróttapakki og veðurfréttir.
**19.09 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (13:24)
**19.40 How I Met Your Mother** (10:24)
**20.05 Amazing Race** (3:11)
▶**20.50 The Closer** (5:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.
**21.35 The Forgotten** (2:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.
**22.20 The Wire** (9:10) Fimmta syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum.
**23.20 Monk** (5:16) Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrien Monk.
**00.05 Lie to Me** (7:22)
**00.50 The Tudors** (2:8)
**01.40 Fascination**
**03.20 Zu Warrior** Kínversk bardagamynd.
**05.00 The Simpsons** (9:22)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 FH - Víkingur Ólafsvík** Sýnt frá leik í undanúrslitum VISA-bikars karla í knattspyrnu.
**15.45 FH - Víkingur Ólafsvík** Sýnt frá leik í undanúrslitum VISA-bikars karla í knattspyrnu.
**17.35 RBC Canadian Open** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA-mótaröðinni skoðuð.
**18.30 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Árið sem fram undan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**18.55 Rey Cup**
▶**19.45 KR - Fram** Bein útsending frá leik KR og Fram í undanúrslitum VISA-bikars karla í knattspyrnu.
**22.00 Visa-mörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum kvöldsins í VISA-bikar karla.
**22.20 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangveiði.
**22.50 KR - Fram** Sýnt frá leik í undanúrslitum VISA-bikars karla í knattspyrnu.
**00.40 Visa-mörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum kvöldsins í VISA-bikar karla.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.40 PL Classic Matches: Tottenham - Manchester Utd.**
**18.10 Kamerún - Danmörk** Útsending frá leik Kamerúns og Danmerkur á HM 2010.
**20.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Fernando Hierro** Skemmtilegur þáttur um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar, en í þessum þætti verður fjallað um Fernando Hierro, fyrrverandi leikmann Real Madrid.
**21.00 PL Classic Matches: Newcastle - Liverpool, 1998**
**21.30 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**22.25 Hondúras - Chile** Útsending frá leik Hondúras og Chile á HM 2010.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.10 Dynasty** (1:30)
**16.55 Rachael Ray**
**17.40 Sumarhvellurinn** (7:9) (e)
**18.05 How To Look Good Naked 4** (2:12) (e)
**18.55 H2O** (21:26) Unglingaþáttaröð um þrjár sextán ára stelpur sem hugsa um fátt annað en föt, ströndina og stráka.
**19.20 America's Funniest Home Videos** (20:46) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**19.45 King of Queens** (17:23) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.
**20.10 Family Guy** (11:14) Teiknimyndasería með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
**20.35 Parks & Recreation** (13:24) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Ann kemur Leslie á blint stefnumót með samstarfsmanni sínum.
**21.00 Flashpoint** (14:18) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest.
▶**21.50 Law & Order** (14:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 In Plain Sight** (6:15) (e) S
**00.10 Bass Fishing** (7:8) (e)
**00.55 King of Queens** (17:23) (e)
**01.20 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**19.00 Alkemistinn**
**20.00 Hrafnaþing**
**20.30 Hrafnaþing**
**21.00 Eitt fjall á viku**
**21.30 Birkir Jón**
**22.00 Hrafnaþing**
**22.30 Hrafnaþing**
**23.00 Eitt fjall á viku**
**23.30 Birkir Jón**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Gerber og Nestlé barnamatur kynna með stolti













"Ef þú elskar börn
þá muntu elska Babies."
- A.O. Scott, The New York Times

Allir elska börnin
BABIES

Gerber
Því lengi býr að fyrstu gerð

Nestlé
Fjölbreytt og gott veganesti fyrir lífið

Frumsýnd í Smárabíói og Háskólabíói 21. júlí

græna ljósið

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.35**

### The Forgotten

Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um óbreytta borgara sem taka lögin í sínar hendur og klára rannsókn á ákveðnum sakamálum sem lögreglan hefur gefist upp á.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Amazing Race
**Stöð 2 kl. 20.05**

Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Eins og áður eru keppendur afar ólíkir en eiga það allir sameiginlegt að vilja sigra.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Framtíð lýðræðis
**14.03** Schumann og fjölskylda
**15.03** Útvarpssagan: Hótelsumar
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**19.00** List og losti
**19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**20.45** Hljóðlega gegnum Hljómskálagarð
**21.30** Kvöldsagan: Vatnaniður
**22.10** Orð kvöldsins
**22.25** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins: Tíu litlir negrastrákar
**22.50** Útvarpsperlur: Vincent van Gogh
**23.45** Heimsókn til listamanna
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Skemmtilegir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar, sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum, veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

▶**20.15 Grey's Anatomy** (7:17) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Gossip Girl** (18:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**22.30 Mercy** (14:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey.

**23.15 True Blood** (6:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bills sem saman þurfa að berjast gegn mótlæti íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana.

**00.10 Nip:Tuck** (15:22) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy. Eftir að hafa brennt allar brýr að baki sér í Miami ákveða þeir að söðla um og opna nýja stofu í Mekka lýtalækninganna, Los Angeles, þar sem bíða þeirra ný andlit og ný vandamál.

**00.50 Grey's Anatomy** (7:17)

**01.35 The Doctors**

**02.20 Fréttir Stöðvar 2**

**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Only Fools and Horses **12.35** My Family **13.05** My Family **13.35** My Hero **14.05** My Hero **14.35** The Weakest Link **15.20** Dalziel and Pascoe **16.10** EastEnders **16.40** The Weakest Link **17.25** ‚Allo ‚Allo! **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** The Green, Green Grass **19.00** Gavin & Stacey **19.30** Jonathan Creek **20.25** The Green Green Grass **20.55** Whose Line Is It Anyway? **21.25** Doctor Who **22.10** Doctor Who **22.55** ‚Allo ‚Allo! **23.30** Whose Line Is It Anyway? **00.00** The Green, Green Grass

## DR 1

**12.00** Søren Ryge præsenterer **12.30** Chris på Skolebænken **13.00** Kær på tur **13.30** Søren Ryge præsenterer **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Fandango **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Chris på Skolebænken **17.30** Ønskehaven **18.00** Jamie Oliver i Italien **18.25** Sommervejret **18.30** Så for sommer **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret **19.40** Virusudbrud **21.00** Höök **22.00** Det gådefulde skrig **22.25** Naruto Uncut **22.50** Naruto Uncut **23.15** Godnat

## NRK 1

**12.20** Drivhusdrømmer **12.50** Smaken av Danmark **13.20** Krumt nebb og skarpe klør **13.50** Sommeråpent **14.40** Duften av nybakt **15.05** 30 Rock **15.30** 330 skvadronen **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tinas mat **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Friidrett **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Pressa **21.05** Kveldsnytt **21.20** Vår aktive hjerne **21.50** Rebus **22.55** Dynamittgubben - Lornts Morkved **23.25** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.30** Vinnarna **13.00** Sommarkväll med Anne Lundberg **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Engelska Antikrundan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Grön glädje **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Mitt i naturen **18.30** Djursjukhuset **19.00** Himmelblå **19.45** Undercover Boss **20.30** The Seventies **21.00** Allsång på Skansen **22.00** Livvakterna **23.00** Uppdrag Granskning **00.00** Nunnan


VIKING
Alvöru fótabúnaður síðan 1920





st. 19-34 **3.990 kr.**


st. 19-34 **3.990 kr.**


st. 22-34 **4.990 kr.**


st. 21-33 **4.990 kr.**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VERSLUNARMANNAHELGIN



*„Ég er að fara í sumarbústað rétt hjá Akureyri með fjölskyldunni. Ég á afmæli á laugardaginn og ætla að halda upp á það.“*

Tinna Alavis fyrirsæta.

# 12 ára semur þriðja þjóðhátíðarlagið

„Maður er bara rétt að byrja,“ fullyrðir Ágúst Emil Grétarsson, tólf ára lagasmiður, ljóðskáld og eyjapeyi en lag hans Í dalnum með þér hefur bæst við í lagaflóruna fyrir Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um helgina.

Spurður af hverju hann ákvað að semja lag um Þjóðhátíðina stendur ekki á svarinu: „Þjóðhátíð er bara best. Ég man ekki beint hvenær ég samdi lagið en það er orðið svolítið síðan. Svo lagaði ég það að hátíðinni núna fyrir stuttu með því að bæta inn nokkrum þekktum kennileitum og setningum,“ segir Ágúst Emil en þetta er í fyrsta sinn sem hann semur heilt lag. „Já, þetta er í fyrsta sinn en vonandi ekki það síðasta. Verður maður ekki að segja að maður eigi framtíðina fyrir sér í bransanum?“

Ágúst Emil lét sér ekki nægja að semja lag og texta að laginu heldur fékk hann hljómsveitina Tríkót syngja lagið og taka það upp í stúdíói í Eyjum en það var svo frumflutt á Gufunni, þjóðhátíðarútvarpi Eyjamanna, í vikunni.

„Textinn fjallar um mann og konu sem finnst gaman að vera saman og þau njóta lífsins í Herjólfsdal á Þjóðhátíð,“ segir Ágúst Emil sem þrátt fyrir ungan aldur gaf út ljóðabók fyrir jól og gaf sínum nánustu í jólagjöf. „Mér finnst voðalega gaman að semja og vonandi get ég haldið því áfram sem lengst.“



**UPPRENNANDI STJARNA** Ágúst Emil Grétarsson hefur gefið út lagið Í dalnum með þér fyrir Þjóðhátíðina í Eyjum í ár.

Þjóðhátíðarlagið í ár, Viltu elska mig á morgun, er samið og sungið af KK en eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni hefur Júlí Heiðar einnig gefið frá sér lagið Á þjóðhátíð, en Ágúst var ekki búinn að heyra síðarnefnda lagið þegar Fréttablaðið náði af honum tali. „Mér finnst KK vera með mjög flottan texta í sínu lagi en mér finnst ekkert voðalegt trukk í laginu,“ segir Ágúst Emil og bætir við að þjóðhátíðarlög verði að vera hress, skemmtileg og grípandi. „Ég náttúrlega vona að fólk fíli lagið mitt og að einhverjir syngi það um helgina,“ segir Ágúst Emil sem bíður spenntur eftir að setjast í Herjólfsdalinn á Þjóðhátíð. - áp



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** sjúkdómur, **8.** tækifæri, **9.** skjön, **11.** ónefndur, **12.** hlutdeild, **14.** uppskafningsháttur, **16.** drykkur, **17.** hyggja, **18.** tunna, **20.** mergð, **21.** kvenflík.

**LÓÐRÉTT**
**1.** formóðir, **3.** belti, **4.** jarðbrú, **5.** skelfing, **7.** kurteisi, **10.** taug, **13.** hlé, **15.** urin, **16.** fjör, **19.** bor.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** póló, **6.** ms, **8.** lag, **9.** mis, **11.** nn, **12.** aðild, **14.** snobb, **16.** te, **17.** trú, **18.** áma, **20.** úi, **21.** pils.

**LÓÐRÉTT: 1.** amma, **3.** ól, **4.** landbrú, **5.** ógn, **7.** siðsemi, **10.** sin, **13.** lot, **15.** búin, **16.** táp, **19.** al.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1 Arnór Sighvatsson.
2 Á Hveravöllum.
3 Raftónlist.







SANTIAGO ANGEL: EKKI NÓGU MARGIR GRÍNISTAR Á ÍSLANDI

# Ætla að vera hér þangað til einhver vill giftast mér

„Mér fannst Ísland forvitnilegt og langaði að prófa að vera hér í smá tíma eftir að ég útskrifaðist. Ég ætla að vera hér þangað til einhver vill giftast mér,“ segir uppistandarinn Santiago Angel og hlær.

Angel hefur búið hér síðan í byrjun sumars eða eftir að hann útskrifaðist úr heimspeki í Massachusetts í Bandaríkjunum. Santiago hefur komið reglulega fram sem uppistandari í heimalandi sínu og nú ætlar hann að sýna Íslendingum hvers hann er megnugur í að segja brandarara.

„Það má kannski segja að ég sé að sækja mér innblástur á Íslandi. Foreldrar mínir kalla það reyndar að gera ekki neitt, en mér finnst gaman að upplifa landið og þetta sérstaka samfélag sem þið búið í,“ segir Angel sem vill þó ekki viðurkenna að hann sé að gera grín að Íslendingum eða íslenskri menningu í uppistandi sínu.

Brandarar hans fjalla mest um samskipti kynjanna og félagsleg tengsl. En hvað er hann búinn að uppgötva í því sambandi hjá Íslendingum? „Ég hef tekið eftir að íslenskir karlmenn eru ekkert sérstaklega rómantískir. Það nægir þeim bara að heilsa dömunum en á flestum öðrum stöðum sem ég hef komið er það kurteisi að koma vel fram við stelpur og leggja sig fram við að heilla þær upp úr skónum,“ segir Angel.

Upphafleg plön hans voru að koma hingað og vera með reglulegt uppistandskvöld í Reykjavík „Það gekk ekki upp þar sem það eru ekki nógu margir grínistar hér á landi en nú hef ég ákveðið að koma einu sinni fram áður en ég kveð Ísland. Er búinn að búa til einn brandara um Ópal sem ég get eiginlega ekki notað neins staðar nema hér.“

Angel segist aldrei fara út úr húsi án þess að vera með diktafón sem hann setur í gang um leið og hann heyrir eitthvað fyndið. „Eða þegar ég er í skemmtilegum samræðum eða mér dettur eitthvað sniðugt í hug,“ segir Angel um hvernig hann finnur efni í brandarana sína og viðurkennir að það fari stundum í taugarnar á fólkinu sem er í kringum hann.

Angel ætlar að koma fram með Jóhanni Alfreð, Þórhalli Þórhallssyni og Ölmu Geirdal á skemmtistaðnum Venue næstkomandi fimmtudag en um helgina ætlar Santiago ásamt íslenskum vinum að fara á Þjóðhátíð í Eyjum. „Eins og vinir mínir eru búnir að lýsa þessu fyrir mér þá verð ég í rólegheitum með prjónana að drekka te í Vestmannaeyjum enda rólegasta helgi ársins á Íslandi, ekki satt?,“ spyr Angel glettinn að lokum en hann mun eflaust vera iðinn með diktafóninn í Herjólfsdalnum.

alfrun@frettabladid.is



**BÝR TIL BRANDARA** Santiago Angel uppistandara líkar vel við land og þjóð en hefur uppgötvað ýmislegt í fari landans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hjálmurinn **Sigurður Guðmundsson** og hljómsveit hans Memphismafían hafa sent frá sér lagið Þitt auga sem hljómar í kvikmyndinni Sumarlandið sem verður frumsýnd í haust. Sigurður hefur látið lítið að sér kveða sem sólótónlistarmaður síðan hann gaf út hina vinsælu Oft spurði ég mömmu sem kom út fyrir tveimur árum. Tónlistarunnendur bíða því spenntir eftir nýju efni frá honum. Sumarlandið verður fyrsta mynd leikstjórans Gríms Hákonarsonar í fullri lengd og í aðalhlutverkum verða Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Kjartan Guðjónsson.



Söngvarinn **Geir Ólafsson** er nú í óða önn að undirbúa komu Dons Randi, fyrrum píanista Franks Sinatra, og hljómsveitar hans til landsins. Þeir spila á Broadway 14. ágúst en svo skemmtilega vill til að þann dag heldur Geir upp á 37 ára afmælið sitt. Aðeins stórslys mun aftra því að afmælissöngurinn verði sunginn fyrir Geir þessa kvöldstund. Söngurinn yrði væntanlega af dýrari gerðinni því á meðal gestasöngvara á Broadway verða **Kristján Jóhannsson**, Raggi Bjarna og Egill Ólafsson, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá. Undirspil frá fyrrum píanista Sinatra myndi síðan setja punktinn yfir i-ið.



Gagnrýnendur keppast við að lofa kvikmyndina Inception sem er sýnd í kvikmyndahúsum um þessar mundir. Ekki hefur þurft að tyggja lofið ofan í áhorfendur sem flykkjast á myndina og fylla hvern kvikmyndasalinn á fætur öðrum. Þeir fáu sem kunnu ekki að meta myndina eiga skoðanasystur sem lét í sér heyra á bloggsíðu sinni í gær. Blaðamaðurinn og rithöfundurinn **Tobba Marinósdóttir** er ósammála þeim sem segja myndina meistaraverk, segir myndina hreinlega glataða og allt of flókna.



- fb/afb

# Raggi Bjarna á æfingu með Retro Stefson

„Þetta verður bara gaman,“ segir Raggi Bjarna. Söngvarinn og hljómsveitin Retro Stefson æfðu í gærkvöldi fyrir Innipúkann sem fer fram í miðborg Reykjavíkur um verslunarmannahelgina í níunda sinn. Raggi ætlar að syngja gömul og góð lög á hátíðinni og mun Retro Stefson sjá um undirspilið. Þessir ólíku flytjendur munu ljúka hátíðinni með tónleikum á sunnudagskvöld á Sódómu.

Raggi hlakkar til að stíga á svið með Retro Stefson. „Ég hef voða gaman af að spila með ungu fólki því við eigum sem betur fer svo mikið af yndislega hæfileikaríku ungu fólki sem hefur verið að koma upp. Maður er bara stoltur,“ segir hann. Raggi er með fleiri járn í eldinum því nýlega söng hann lagið Borgin mín eftir Eddu Borg við texta Kristjáns Hreinssonar, sem er nýkomið í útvarpsspilun.

Þrjátíu hljómsveitir og listamenn koma fram á Innipúkanum í ár. Auk Ragga og Retro stíga þar á svið Lay Low, Árstíðir, Moses Hightower, Lára, Berndsen, Didda Fel, Snorri Helgason, Morðingjarnir og fleiri flytjendur.

Innipúkinn fer fram á tónleikastöðunum Sódóma og Venue, sem standa hlið við hlið í Tryggvavötunni, og í naustinu á milli Tryggvagötu og Hafnarstrætis. Auk tónlistardagskrár verður boðið upp á popp-spurningakeppni, tónlistarmarkað, veitingasölu og fleira. Miðaverð er 2.900 krónur fyrir alla þrjá dagana, frá föstudegi til sunnudags.



**Á ÆFINGU** Raggi Bjarna og Retro Stefson á æfingu fyrir Innipúkann sem haldinn er í Reykjavík um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Skósprengja

## Hefst í dag

mánudag - föstudag 11 - 18,
laugardag 11 - 16
og sunnudag 13-17

LÁGMARK

# 50%

afsláttur

ÁSAMT ÖÐRUM TILBOÐUM

Vörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

# Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Síðasta Mannlífið



Tekjublað Mannlífs kemur út í dag. Blaðið verður þriðja og síðasta tölublað Mannlífs sem **Brynjólfur Þór Guðmundsson** ritstýrir, en Brynjólfur var áður fréttastjóri á Blaðinu og DV. Ekki er vitað hvað hann hyggst taka sér fyrir hendur í kjölfar uppsagnarinnar. Framtíð Mannlífs er einnig óljós og ekki vitað hvort útgáfu þess verður haldið áfram. Ritstjóraskiptin hafa verið tíð á Mannlífi undanfarin misseri. Brynjólfur tók við af Reyni Traustasyni sem tók við af Sigurjóni M. Egilsyni. Þórarinn Þórarinsson gengdi starfinu á undan Sigurjóni. Allir eiga þeir sameiginlegt að hafa á einhverjum tímapunkti starfað á DV.

### Vel heppnað atvinnuviðtal

**Runólfur Ágústsson**, fyrrverandi rektor, sagði frá því á Facebook-síðu sinni 20. júlí að hann væri á leið í sitt fyrsta atvinnuviðtal. Þremur dögum síðar lýsti hann því yfir á sama vettvangi að hann væri orðinn nýr umboðsmaður skuldara. Degi síðar sendi **Anna Sigrún Baldursdóttir** honum línu á síðunni, sagðist framvegis myndu kalla hann Umsa, og lét broskall fylgja í kjölfarið. Það virðist því ekki hafa tekið þau langan tíma að gerast kumpánleg, Runólf og Önnu Sigrúnu, sem tók einmitt fyrrnefnt atvinnuviðtal við hann sem aðstoðarmaður félagsmálaráðherra.





### Mest lesið vísir.is

1. Missti atvinnuleysisbætur - heiðarleiki borgar sig
2. Guðbjörg Matthíasdóttir er skattadrottning landsins
3. Mannshöfðum dreift meðfram þjóðvegi
4. Tíu efstu greiða 1,2 milljarða í skatta - listi yfir 60 efstu
5. Fannst niðurstaða ríkisstjórnarinnar „tussufín"


vísir.is
„...ég sá það á vísi"



